

**SKOÐUN** Eygló Harðardóttir skrifar um Norræna spilunarlistann með poppi á netinu. 16



**MENNING** Marteinn Sindri Jónsson stendur fyrir tónleikaröð í heimahúsum í Vesturbænum. 32



**SPORT** Hinn grjótharði varnarmaður Fram, Steinunn Björnsdóttir, er besti varnarmaður Olís-deildar kvenna. 34




NÝR 4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF TILBOÐUM Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
3. janúar 2014
2. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



**Spáð í komandi ár**

Völva Lífsins lítur yfir komandi ár og spáir meðal annars heiftarlegum náttúruhamförum, ferðamannastraumi sem aldrei fyrr, mannskaða og ráðleysi í stjórnmálum.

**FRÉTTIR**

**Íslendingur grunaður**

Yfirmaður Interpol í Paragvæ segir að lögregluna á Íslandi gruni að íslenskur maður hafi orðið Friðriki Kristjánssyni að bana. 8

**Hugleiða mál gegn Vodafone**

Hópur veltir fyrir sér málsókn vegna leka á persónuupplýsingum af vef Vodafone. 2

**Skorað á formanninn að hætta**

Verkalýðs- og sjómannafélag Grindavíkur vill að Sævar Gunnarsson, segi af sér. 6




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | 18 | NA |
| Akureyri | 1° | 7 | NA |
| Egilsstaðir | 1° | 5 | NA |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | 6 | NA |
| Reykjavík | 3° | 9 | NA |

**Úrkoma víða** um land, en þurrt að mestu SV-lands. Stíf NA-átt, 10-25 m/s og hvassast á NV-landi. Hiti frá vægu frosti og að 5 stigum, hlýjast SV-lands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Eftir nokkur ár verður hér flugmannsskortur

Formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna segir stefna í skort á flugmönnum á næstu árum. Fleiri flugmenn en nokkru sinni fyrr starfa hjá Icelandair í sumar.

**FLUG** „Útlitið er bjart fyrir verðandi flugmenn," segir Hafsteinn Pálsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA). Icelandair réð nýlega þrjátíu flugmenn til starfa. Alls hefur félagið ráðið 58 flugmenn á síðustu þremur árum, að því er fram kemur í fréttabréfi FÍA.

„Atvinnuhorfur flugmanna líta ágætlega út til lengri tíma litið, miðað við allar spár og framleiðslu á flugmönnum. Í rauninni er að myndast þörf fyrir fleiri flugmenn og það stefnir í að það verði flugmannaskortur eftir nokkur ár," segir Hafsteinn.

Hann segir horfurnar byggjast á spám Boeing og Airbus um aukna flugumferð og fjölgun flugvéla. Iðnaðurinn í heild sinni hefur einnig spáð fjölgun flugferða. „Svo þarf alltaf flugmenn til að fljúga hverri vél. Sem dæmi þá þjálfuðu bæði Lufthansa og British Airways flugmenn frá grunni en hættu því. Núna er það komið á aftur," segir hann.

Í fréttabréfinu kemur fram að flugmennirnir nýráðnu hefji störf í þremur hollum. Það fyrsta í byrjun janúar þegar fyrsta þjálfunarnámskeiðið hefst. Þeir setjast undir stýri á vordögum.

Alls sóttu 223 um störfin þrjátíu hjá Icelandair. Að sögn Guðjóns Arngrímssonar, upplýsingafulltrúa Icelandair, uppfylltu 175 hæfniskröfur og nítíu fóru í viðtal.

Næsta sumar verða 334 flugmenn við störf hjá Icelandair. „Það eru fleiri en nokkru sinni áður. Þetta byggir á þeim vexti sem hefur verið í farþegafluginu á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir um það bil átján prósenta aukningu í áætlunarfluginu til og frá landinu hjá Icelandair á þessu ári," segir Guðjón. - fb




**ÚTSÖLURNAR HAFNAR** Fólk flykkist nú í verslanir landsins þar sem útsölur eru víða byrjaðar, en í sumum verslunum hófust útsölur fyrir áramót. Neytendasamtökin segja það geta flækt málin að útsölur byrji strax eftir jól, því sumir eigi jafnvel eftir að skila eða skipta jólagjöfum. Neytendur sem og verslunareigendur leita í miklum mæli til Neytendasamtakanna til að afla upplýsinga um útsölur og er hægt að finna upplýsingar á heimasíðu samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hallar á konur í Skaupinu:

## Tvöfalt fleiri karlhlutverk

**FÓLK** „Ég pæli aldrei í svona málum. Ég er bara að reyna búa til fyndið Skaup," segir Kristófer Dignus, leikstjóri Áramótaskaupsins, um þá gagnrýni að halla að hafi á konur í Skaupinu. Karlar voru í um tvöfalt fleiri hlutverkum en konur í Skaupinu.



KRISTÓFER DIGNUS

„Fyrsta manneskjan sem sést í Skaupinu er kona. Maður er að hugsa um allt aðra hluti en kynjahlutföll þegar maður er að gera grín," bætir Kristófer við. Steinunni Rögnvaldsdóttur, talskonu Femínistafélags Íslands, finnst þetta miður.

„Auðvitað er erfitt að gera öllum til geðs í skaupinu. En það væri óskandi að höfundar hefðu verið aðeins meðvitaðri um að myndin er skekkt og það er okkar allra að rétta hana eins og við mögulega getum." - glp/lkg / sjá síðu 30

Mugison drepur í rettunni:

## Hugleiðslutónar hjálpa mikið til

**FÓLK** Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, ákvað að hætta að reykja um áramótin. Hann nýtur dyggrar aðstoðar vinar síns, Péturs Georgs Markan. „Eitt af mínum áramótaheitum var að hjálpa honum að hætta að reykja. Öddi er eins og handritin hans Árna, það verður einhver að taka það að sér að varðveita hann," segir Pétur.



MUGISON

Mugison hættir á náttúrulegan hátt. „Pétur hefur lánað mér hugleiðsludiskana sem Friðrik Karlsson hefur gefið út, þeir hjálpa mikið til," segir Mugison. glp / sjá síðu 38

Sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps segir íbúa þreytta á lélegu netsambandi:

## Vilja ljósnet á Borgarfjörð eystri

**FJARSKIPTI** „Þetta er hörmung enda hefur ekkert gerst í langan tíma," segir Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps. Hann gagnrýnir að íbúar sveitarfélagsins hafa ekki enn fengið aðgang að háhraðanettengingu á borð við ljósnet.

„Það er víða þannig í þorpinu að þegar menn kveikja á tölvunni þurfa þeir að slökkva á sjónvarpinu og öfugt," segir Jón.

Borgarfjarðarhreppur var ekki hluti af áformum Símans um að leggja ljósnet í 53 bæjarfélögum á árinu 2013. Um 23 þúsund heimili á landsbyggðinni fengu þá aðgang að þjónustunni. Sveitarfélagið er hins vegar á verkáætlun Mílu fyrir þetta ár.

„Íbúar sveitarfélagsins eru orðnir ósköp þreyttir á þessu, sérstaklega þeir sem hafa hugsað sér að nýta háhraðanet í sambandi við atvinnu. Aðgengi að háhraða-



neti er stórt atvinnuspursmál og jafn stórt samgöngumál og vegirnir," segir Jón. - hg / sjá síðu 4.


Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA



Sendu sms-ið barn í númerið 1900
til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur
unicef



freebird
Útsalan hófst í morgun
40 % afsláttur
Laugavegi 46 s:571-8383
WWW.FREEBIRDCLOTHES.COM
Spread the Love...





Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla




Iceland

## SPURNING DAGSINS



Kristín Helga, hlýnaði þér um hjartarætur?

**„Auðvitað. Það er bara eitt stórt „já“ til við þessari spurningu. Ég var líka hissa yfir þessu magni.“**

Kristín Helga Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Konukots, tók á móti fjórum kössum með hlýjum flíkum prjónuðum handa heimilislausum konum.

Sjónvarps- og útvarpssendingar RÚV liggja niðri á norðaustanverðu landinu:

# Stórt mastur féll vegna ísingar

**VEÐUR** Sendingar RÚV liggja niðri á stórum svæðum á norðaustanverðu landinu eftir að 48 metra hátt mastur á Viðarfjalli við Þistilfjörð féll vegna mikillar ísingar. Nettengingar í dreifbýli á svæðinu liggja einnig niðri.

Félagar björgunarsveitarinnar Hafliða fóru í fyrradag að mastrinu til að berja ís af því. „Það var of vont veður til að eiga við þetta. Við börðum af því neðst, en þá fór að hrynja af mastrinu og við vorum í stórhættu. Í samráði við Vodafone, sem er umsjónaraðili mastursins, var ákveðið að aðhafast ekki meira þann daginn,“ segir Eggert Stefánsson úr Hafliða.

Í gær var aftur farið að mastrinu sem þá var fallið. „Útvarpssendingar á stóru svæði voru niðri, svo okkur grunaði að eitthvað hefði gerst. Þó grunaði okkur ekki að það hefði verið svona slæmt.“ Eggert segir mastrið ónýtt og öll loftnet sem á því voru. Björgunarsveitarmenn hafi þó tengt varabúnað Neyðarlínunnar í gær. - skó



**BARIST VIÐ ÍS** Mikil ísing myndaðist á mastrinu. MYND/EGGERT STEFÁNSSON

Stormi spáð á Vestfjörðum:

# Enn óvissa vegna snjóflóða

**VEÐUR** Á norðanverðum Vestfjörðum er enn óvissuástand vegna snjóflóða. Ekki er þó talin ástæða til að rýma húsnæði. Náið verður fylgst með aðstæðum á svæðinu og gripið til aðgerða ef þurfa þykir. Í síðustu viku féllu mörg stór snjóflóð þar.

Mikill snjór er til fjalla á svæðinu og gert er ráð fyrir úrkomu næstu daga. Á Vestfjörðum er spáð stormi í dag og slyddu eða snjókomu. Á Norður- og Austurlandi er ekki talin hætta í byggð. - skó



**ROB FORD** Segist besti borgarstjóri sem Toronto hefur haft. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarstjórinn í Toronto í Kanada þráast enn við:

# Rob Ford býður sig aftur fram

**KANADA, AP Rob Ford, hinn umdeildi borgarstjóri í Toronto, hefur nú formlega gengið frá framboði sínu til næsta kjörtímabils.**

**Hann hunsar þar með allar hinar háværu kröfur um afsögn og segist vera „besti borgarstjóri sem þessi borg hefur nokkurn tímann haft“.**

**Hegðun hans undanfarna mánuði, ýmis æðisköst og drykkjulæti, hefur vakið hörð viðbrögð.** - gb

Sprenging vekur spurningar:

# Peningaskápur var í notkun

**TÉKKLAND, AP** Peningaskápur, sem sprakk á sendiherraskrifstofu Palestínu í Prag á miðvikudag, virðist hafa verið í daglegri notkun þrátt fyrir að upphaflega hafi verið sagt að hann hafi ekki verið notaður áratugum saman.



**JAMAL AL JAMAL**

Ekki er vitað hvers vegna skápurinn sprakk, en æ fleiri spurningar hafa vaknað. Sprengingin varð Jamal al Jamal sendiherra að bana, en hann var nýtekinn við.

Riad Malki, utanríkisráðherra Palestínu, segir allt benda til að um slys hafi verið að ræða. - gb

Greiðslur aukast um 3,6%:

# Bætur frá almannatryggingum hækka

**SAMFÉLAG** Bætur þeirra sem fá greiðslur úr almannatryggingakerfinu hækkuðu um 3,6 prósent fyrsta janúar.

Hækkun sem þessu nemur tekur til allra bóta lífeyristrygginga, slysatrygginga og félagslegrar aðstoðar.

Sama 3,6 prósenta hækkunin nær einnig til meðlagsgreiðslna, greiðslna til lifandi líffæragjafa og til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

„Tekjuviðmið framfærsluuppbótar og frítekjumarks fólks sem býr á dvalar- og hjúkrunarheimilum hækkaði einnig um 3,6 prósent,“ segir í tilkynningu velferðarráðuneytisins. - ebg

# Íhuga málsókn gegn Vodafone vegna leka

Hópur viðskiptavina Vodafone telur að fyrirtækinu beri að greiða þeim skaðabætur vegna leka á persónuupplýsingum. Vodafone telur eðlilegt að viðskiptavinir kanni stöðu sína, en enn sé óljóst hvort skaðabótaskylda sé til staðar.

**FJARSKIPTI** Hópur viðskiptavina fjarskiptafyrirtækisins Vodafone íhugar að leita réttar síns vegna leka á persónuupplýsingum þeirra á netið eftir árás tölvuhakkara á heimasíðu fyrirtækisins í nóvember. Hluti þeirra viðskiptavina hefur leitað fulltingis lögmannsstofunnar Réttar til að annast málin fyrir sína hönd.

Þeir viðskiptavinir Vodafone sem um ræðir telja sig hafa orðið fyrir fjárhagslegum skaða og eða tilfinningalegum miska vegna þess að persónuleg gögn þeirra voru birt á netinu í kjölfar árásarinnar. Þessar upplýsingar staðfestir Björg Valgeirsdóttir, lögmaður hjá Rétti. Hún segir jafnframt að í athugun sé hvernig farið verði með einstök mál, og það muni liggja fyrir innan skamms.

Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins að nokkrar beiðnir um viðræður hafi borist fyrirtækinu varðandi skaðabætur vegna lekans. Þau mál séu til skoðunar hjá lögmönnum fyrirtækisins. „Beiðnirnar eru þó ekki margar og flestir óska einfaldlega eftir skýringum og upplýsingum,“ segir Hrannar.

Spurður um afstöðu fyrirtækisins til þess hóps viðskiptavina fyrirtækisins sem hefur leitað til Réttar, segir Hrannar skiljanlegt að einhverjir vilji kanna réttarlega stöðu sína. Þeim hafi verið bent á lögmannsstofu sem tekur við slíkum erindum fyrir hönd Vodafone.

„Það á eftir að koma í ljós hvort skaðabótaskylda sé til staðar. Ekki er heldur hægt að taka afstöðu til mögulegra krafna fyrr en eðli þeirra liggur að fullu fyrir,“ segir Hrannar spurður um hugsanlega skaðabótaskyldu fyrirtækisins.

Vodafone hefur kært innbrotið á heimasíðu fyrirtækisins til lögreglu og kannað grundvöll þess að stefna þeim sem birtu og dreifðu gögnunum sem var stolið. Hrannar telur ólíklegt að sá málarekstur leiði til málaferla.

svavar@frettabladid.is



**HÖFUÐSTÖÐVAR VODAFONE** Fjarskiptafélaginu Vodafone hafa borist nokkrar beiðnir um viðræður um skaðabætur vegna innbrots á vef félagsins, en í kjölfarið var persónuupplýsingum viðskiptavina lekið á netið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Persónuleg skilaboð þúsunda á netið

Forsaga málsins er að tölvuhakkari, búsettur í Tyrklandi, réðst á vefsíðu Vodafone þann 29. nóvember og náði til sín miklu magni persónuupplýsinga viðskiptavina fyrirtækisins. Gögnin voru gerð opinber á Twitterreikningi hakkarans um tíma en þar mátti meðal annars finna um 80 þúsund smáskilaboð sem send voru í gegnum heimasíðu Vodafone frá því í lok árs 2010. Málið snertir fjölmarga viðskiptavini Vodafone, en meðal gagna voru persónuleg skilaboð fólks, lykilorð og notendanöfn.





# Starfslok

## Breyting

Vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um heilbrigðisstarfsfólk varðandi skyldustarfslok fresta ég starfslokum mínum og mun áfram sinna almennum lyf-og meltingarlækningum en fela öðrum speglanir.

**Birgir Guðjónsson**
Lyflækningar og meltingarsjúkdómar.
MACP, FACP, AGAF


Hafrannsóknastofnun segir ástandið í Kolgrafafirði ekki kalla á aðgerðir:

# Úthluta ekki meiri síld til veiða

**NÁTTÚRA** Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hefur ákveðið að úthluta ekki meiri síld til veiða innan brúar í Kolgrafafirði. Byggist það á mati Hafrannsóknastofnunar á stöðunni í firðinum.

Ráðuneytið heimilaði þann 22. nóvember sl., síldveiðar smábáta allt að 1.300 tonnum innan brúar. Var það gert fyrst og fremst með því fororði að veiðarnar gætu bjargað verðmætum enda voru þá taldar umtalsverðar líkur til að ákveðinn hluti síldar innan brúar væri dauðvona, segir í tilkynningu ráðuneytisins og er þar vísað í reynslu síðastliðins vetrar.

Hafrannsóknastofnun telur að hvorki súrefnisstaða né magn síldar innan brúar í Kolgrafafirði kalli á sérstakar aðgerðir. Stofnunin mun þó eftir sem áður fylgjast náið með súrefnismettun í firðinum og mun auk þess fara til síldarmælinga nú í janúar, þannig að ný gögn um stofnstærð og dreifingu síldar liggi þá fyrir.

Jafnframt er síldin komin í vetrardvala og allt óþarfa skark í stofninum veldur því að síldin þarf sífellt að eyða meiri orku en ella sem getur haft áhrif á möguleika hennar til að lifa af veturinn, er mat Hafrannsóknastofnunar. - shá



**KOLGRAFAFJÖRÐUR** Veiðar voru leyfðar vegna yfirvofandi hættu á að síldardauðinn myndi endurtaka sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



**FULLT VERÐ: 3.995**

# 1.695

**FIBER SÆNGUR**
Lítilsháttar útlitsgallaðar sængur á frábæru verði! Stærðir: 140 x 200 sm. 140 x 220 sm. 150 x 200 sm. 150 x 210 sm. Allar stærðir á sama verði!
Vnr. 910520



**LÍTILSHÁTTAR ÚTLITSGALLAÐAR SÆNGUR**

**50% AFSLÁTTUR**

**58% AFSLÁTTUR**

**FULLT VERÐ: 1.995**

# 995

**ZELLA, ZENNA, ZOE OG ROSA SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% polymíkrófiber.
St. 140 x 200 sm. / 50 x 70 sm.
Vnr. 1224470, 1224450, 1224460, 1224450

# ÚTSALA

**PLUS B12 JUBILÆUM DÝNA**
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr polyester/polypropylene. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð án fóta. Fætur verð frá: **6.995**
Vnr. B12449432




VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

Pokagormar | Svampur | Yfirdýna

Dönsk gæðaframleiðsla | 10 ár dýna Ábyrgð

**90 X 200 SM.**

**SPARIÐ 20.000**

**FULLT VERÐ: 49.950**

# 29.950



**SPARIÐ 6000**

**FULLT VERÐ: 12.950**

# 6.950

**NEW PHOENIX STÓLL**
Með polyesteráklæði.
Vnr. 3656170

**Tilboðin gilda til 15.01.14**

## SVONA ERUM VIÐ



**42** **kvikmyndahús voru á Íslandi árið 1975.**

**Þau voru í lok árs 2012 mun færri, eða 16 talsins.**

Alls voru kvikmyndahúsin utan höfuðborgarsvæðisins 31 árið 1975, en átta í lok árs 2012.

Fjárreiður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur til skoðunar:

# Grunur um skattaundanskot

**VERKALÝÐSMÁL** Skattrannsóknarstjóri er með fjárreiður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur til rannsóknar og hefur óskað eftir gögnum aftur til ársins 2007.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur grunur á að einn stjórnarmaður félagsins hafi fært launagreiðslur sem hann fékk frá félaginu yfir á aðra einstaklinga til þess að komast hjá því að greiða af þeim skatt.

Talið er að hann hafi með þessum hætti skotið undan skatti tveimur til þremur milljónum króna.

Birgir Guðfinnsson, formaður félagsins, greiddi ekki atkvæði með samþykkt ársreikninga á aðalfundi.

Hann dreifði athugasemdum við reikningana á fundinum og í þeim kemur fram að það vanti mikið af fylgigögnum í bókhaldið. Því sé oft á tíðum erfitt að fá rétta mynd af því í hvað peningar félagsins hafi í raun farið. **- jme**



**GRINDAVÍKURHÖFN** Stjórnarmaður í Sjómanna- og vélastjórafélagi Grindavíkur er grunaður um að hafa skotið undan skatti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mannskætt slys á Indlandi:

# Rúta hrapaði og tugir fórust

**INDLAND, AP** Að minnsta kosti þrjátíu manns létu lífið þegar rútubifreið hrapaði niður í 120 metra djúpt gil á vestanverðu Indlandi í gær.

Ökumaðurinn missti stjórn á bifreiðinni eftir að hún rakst á flutningabifreið skammt frá Malshej Ghat. Sjö voru flutt- ir á sjúkrahús, sumir alvarlega slasaðir. Ökumaður flutningabifreiðarinnar slasaðist einnig, en tókst að halda bifreið sinni á veginum. **- gb**

Vegna almannahagsmuna:

# Gæsluvarðhald í fjórar vikur

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem grunaður er um að hafa haldið barnsmóður sinni og tveggja ára barni þeirra nauðugum í íbúð hennar á jólanótt verður í gæsluvarðhaldi í fjórar vikur til viðbótar á grundvelli almannahagsmuna.

Héraðsdómur Reykjavíkur samþykkti beiðni um framlengingu í gær. Maðurinn var gestkomandi í húsi barnsmóður sinnar á aðfangadag og er grunaður um að hafa beitt hana ofbeldi.

Sérsveit lögreglunnar náði að yfirbuga manninn um morguninn hinn 25. desember. **- sáp**

Viðskipti með hlutabréf:

# Veltan nam 251 milljarði króna

**VIÐSKIPTI** Velta með hlutabréf nam 251 milljarði króna á árinu 2013 en var 89 milljarðar árið 2012.

Mest voru viðskipti með bréf Icelandair Group, eða 73,8 milljarðar króna. Þar á eftir komu bréf Eimskips með viðskipti upp á 40,3 milljarða og Marels með 28,8 milljarða.



Bréf Icelandair eiga einnig heiðurinn af því að hafa hækkað mest í verði á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Þau hækkuðu um 121 prósent. **- hg**

## LEIÐRÉTTING

Í grein um sólarhringsopnanir verslana á höfuðborgarsvæðinu í gær vantaði verslun Nettó á Granda, Fiskislóð 3. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Lögðu ljósnet í 49 bæjarfélögum á landsbyggðinni

**Um 23 þúsund íslensk heimili tengdust Ljósveitu Mílu á síðasta ári. Verkefnið kostar um einn milljarð íslenskra króna. Sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps gagnrýnir seinagang og segir íbúa þreytta á lélegu netsambandi.**

**FJARSKIPTI** Síminn og Míla lögðu ljósnet í 49 bæjarfélögum á landsbyggðinni á síðasta ári. Þá tengdust 23 þúsund heimili aðgangsneti Mílu en upphafleg áætlun Símans hljóðaði upp á 53 bæjarfélög. Eftir standa Þingeyri, Bíldudalur, Tálknafjörður og Patreksfjörður.



**SIGURRÓS JÓNSDÓTTIR**

„Vont veður á fyrri hluta ársins kom í veg fyrir að við næðum þessu markmiði um 53 bæjarfélög en þeir fjórir staðir sem eftir standa verða tengdir á næstu dögum,“ segir Sigurrós Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi Mílu.

Um 62 þúsund fjölskyldur gátu að hennar sögn nýtt sér þjónustuna við árslok 2012 en 85 þúsund um síðustu áramót. Verkefnið kostaði um fjörutíu þúsund krónur á hvert heimili og heildarkostnaður þess er því um einn milljarður íslenskra króna.

„Síminn stefndi að því að um eitt hundrað þúsund heimili á landinu gætu nýtt sér ljósnetið um mitt ár 2014. Miðað við þær áætlanir sem Míla hefur kynnt á heimasíðu sinni eru góðar líkur á því að það markmið náist,“ segir Sigurrós.

Míla tók í september við uppbyggingu á ljósneti Símans eftir að Samkeppniseftirlitið hafði gert samkomulag við Skipti hf., móðurfélag Símans og Mílu, um umfangsmiklar breytingar á skipulagi samstæðunnar í því skyni að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði.

> **Vont veður á fyrri hluta ársins kom í veg fyrir að við næðum þessu markmiði um 53 bæjarfélög en þessir fjórir staðir sem eftir standa verða tengdir á næstu dögum**
>
> *Sigurrós Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi Mílu*

Þjónusta Mílu nefnist Ljósveitan og er í grunninn aðgangsnet sem öll fjarskiptafyrirtæki geta nýtt sér til að selja viðskiptavinum sína þjónustu.

Borgarfjarðarhreppur er eitt af þeim sveitarfélögum sem var ekki inni í áætlun Símans fyrir árið 2013. Sveitarfélagið er hins vegar á verkáætlun Mílu fyrir þetta ár. Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps, segir mikilvægt að vinna við lagningu ljósnetsins verði kláruð sem fyrst.

„Þetta er hörmung enda hefur ekkert gerst í langan tíma. Það er víða þannig í þorpinu að þegar menn kveikja á tölvunni þurfa þeir að slökkva á sjónvarpinu og öfugt,“ segir Jón.

„Hins vegar er búið að segja okkur að það verði eitthvað gert á þriðja fjórðungi þessa árs. En íbúar sveitarfélagsins eru orðnir ósköp þreyttir á þessu, sérstaklega þeir sem hafa hugsað sér að nýta háhraðanet í sambandi við atvinnu. Aðgengi að háhraðaneti er stórt atvinnuspursmál og jafn stórt samgöngumál og vegirnir,“ segir Jón

**haraldur@frettabladid.is**

## BÆJARFÉLÖG SEM FENGU LJÓSNET Á ÁRINU 2013



Akranes
Bakkafjörður
Blönduós
Bolungarvík
Breiðdalsvík
Búðardalur
Dalvík
Djúpivogur
Egilsstaðir
Eskifjörður
Eyrarbakki
Fáskrúðsfjörður
Flateyri
Flúðir
Garður
Grundarfjörður
Hafnir
Hella
Hellissandur
Hnífsdalur
Hrafnagil
Húsavík
Hvammstangi
Hveragerði
Hvolsvöllur
Höfn
Ísafjörður
Keflavík
Kjalarnes
Neskaupstaður
Njarðvík
Ólafsfjörður
Ólafsvík
Reyðarfjörður
Sandgerði
Sauðárkrókur
Selfoss
Seyðisfjörður
Siglufjörður
Skagaströnd
Stokkseyri
Stykkishólmur
Stöðvarfjörður
Suðureyri
Vestmannaeyjar
Vík
Vopnafjörður
Þorlákshöfn
Þórshöfn

*Fá tengingu á næstu vikum.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**ÁFRAMHALDANDI ÚRKOMA** í flestum landshlutum fram yfir helgi, en úrkomulítið á SV-landi. NA-áttin verður áfram ríkjandi á landinu og hvassast verður á NV-landi. Þar lægir síðan í kvöld en hvessir þá við SA-ströndina. Hiti 0-6 stig næstu daga.




**Á morgun**
NA-átt 8-25m/s, hvassast á Vestfjörðum.




**Sunnudagur**
Búast má við stormi við S-ströndina seinnipart dags.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Billund | 7 | Gautaborg | 6° | London | 11° | Orlando | 16° | San Francisco | 16° |
| Basel | 4° | Frankfurt | 10° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 14° | Osló | 3° | Stokkhólmur | 4° |
| Berlín | 8° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 21° | New York | -7° | París | 14° | | |



**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is










TILBOÐ

999kr/stk
verð áður 1999



**American Pie**
Epla-, bláberja-, kirsuberja- og graskersbökur




SÆTAR KARTÖFLUR

**Alexia franskar úr sætum kartöflum**
Stökkar og bragðgóðar franskar. Aðeins 22 mínútur í ofni.



NÝBAKAÐ Á STAÐNUM!

399kr/stk
verð áður 649

**Hagkaups eplalengja**
Nýbakað í Hagkaup alla daga fyrir þig



269kr/stk
verð áður 449

**Hagkaups heilsubrauð**
Ljúffengt og bragðmikið brauð með stökkri skorpu.

GOTT VERÐ




zevia
KALORÍULAUST GOS

199kr/stk

**Zevia gos**
Engar kaloríur, engin gervisæta. Með stevíu.




**Lífrænt jurtate frá Pukka**
Síðustu 5 ár hefur Pukka unnið tesamkeppni í London. Frábært jurtate fyrir allan daginn.



**Tonitto Gelato**
Ekta ítalskur gelato beint frá ítalíu.




**NOW vítamín**
NOW vörurnar bera GMP stimpilinn. Hann þýðir að allt framleiðslu-ferlið er undir ströngu innra sem ytra eftirliti.

Gildir til 5. janúar á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða þjóð byrjaði að nota evru um áramótin?
**2.** Hvað eru margar sólarhringsverslanir á Stór-Reykjavíkursvæðinu?
**3.** Hvar verður safnið Eldheimar opnað í vor?

**SVÖR:**
**1.** Lettar **2.** 20 **3.** Í Vestmannaeyjum

Ríkisskattstjóri segir rafræn skilríki bestu leiðina til að verjast tölvuárásum:

# Fallið frá notkun veflykils

**TÆKNI** Ráðgert er að hætta notkun veflykils ríkisskattstjóra á næstu árum. Mun ríkiskattstjóri koma til með að nota eingöngu rafræn skilríki. Þetta kom fram í leiðara þeirra Skúla Eggerts Þórðarsonar ríkisskattstjóra og Ingvars J. Rögnvaldssonar vararíkisskattstjóra í nýjasta tölublaði Tíundar. Segja þeir rafræn skilríki vera það eina sem vit sé í til að hamla óviðkomandi aðilum aðgang að fjárhagsupplýsingum eða öðrum viðkvæmum gögnum.

Rafræn þjónusta er í vaxandi mæli að ryðja sér til rúms og segja þeir að innan fárra ára verði þjónustan ráðandi í samskiptum borgaranna við fyrirtæki og stofnanir.

Danir samþykktu árið 2012 lög um skuldbundna rafræna sjálfsþjónustu borgara og fyrirtækja við hið opinbera. Þeim sem ekki eiga tölvur er ætlað að notast við almenningstölvur. Skúli og Ingvar segja að þó svo stór skref hafi ekki verið stigin hér á landi sé vert að gefa því gaum sem Danir eru að gera. **- hrs**



**SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON** Ríkisskattstjóri segir að notkun veflykils RSK verði hætt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ráðningarferli útvarpsstjóra:

# Umsóknarfrestur framlengdur

**SAMFÉLAG** Umsóknarfrestur til að sækja um stöðu útvarpsstjóra hefur verið framlengdur frá 6. til 12. janúar. Ingvi Hrafn Óskarsson, stjórnarformaður RÚV, segir það gert að tillögu Capacent, sem hefur umsjón með umsóknarferlinu, vegna hátíðanna og fría sem þeim fylgja.

Hann segir að ekki verði upplýst hversu margir hafi sótt um stöðuna fyrr en fresturinn rennur út. Þá verði nöfn umsækjenda birt. Ráða á fyrir lok mánaðarins. **- hva**



**Í APENU** Mótmæli hafa verið tíð í Grikklandi, sér í lagi eftir hrun, vegna spillingar og niðurskurðar í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

Sænskt fyrirtæki flækt í mútumál í Grikklandi:

# Embættismaður fékk tvo milljarða

**GRIKKLAND** Mögulegar mútugreiðslur sænsks fyrirtækis til fyrrverandi yfirmanns í gríska varnarmálaráðuneytinu eru fyrndar, að því er sænska ríkisútvarpið hefur eftir saksóknaranum Jan Axelsson.

Grikkinn Antonis Kantas hefur viðurkennt að hafa um tíu ára skeið tekið við að minnsta kosti jafngildi tveggja milljarða íslenskra króna gegn því að liðka fyrir viðskiptasamningum við erlenda hergagnaframleiðendur.

Við yfirheyrslu viðurkenndi hann meðal annars að hafa tekið við jafngildi 40 milljóna íslenskra króna frá sænska fyrirtækinu Ericsson Microwave sem seldi Grikkjum ratsjárkerfi. Þáverandi forstjóri sænska fyrirtækisins kveðst ekki vita til að mútur hafi verið greiddar.

Aðrar greiðslur voru til dæmis vegna rússneskra flugskeyta, bandarískra herflugvéla og þýskra kafbáta og herbíla. Kantas er talinn hafa lagt öll spilin á borðið og hann hefur greint frá þeim leynilegum bankareikningum erlendis sem hann lagði mútuféð inn á.

Fyrrverandi varnarmálaráðherra Grikklands, Akis Tsochatzopoulos, var í október dæmdur í 20 ára fangelsi fyrir umfangsmikla spillingu í tengslum við viðskiptasamninga. Hann var sakaður um að hafa tekið við jafngildi eins milljarðs íslenskra króna vegna kaupa á hergögnum. **- ibs**




# Skora á Sævar að hætta sem formaður

Verkalýðs- og sjómannafélag Grindavíkur hefur skorað á Sævar Gunnarsson, formann Sjómannasamands Íslands, og samninganefnd sambandsins að segja af sér. Sævar ætlar ekki að hætta og telur sig njóta fulls trausts innan SSÍ.

**VERKALÝÐSMÁL** „Ég tel mig njóta fulls trausts innan sambandsins og ætla ekki að segja af mér. Það er einungis eitt félag sem stendur að þessari áskorun,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands. Hann hefur verið formaður frá 1994.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur hefur skorað á Sævar og samninganefnd Sjómannasambands Íslands að segja af sér. Í ályktun sem samþykkt var samhljóða á 80 manna aðalfundi segir að formaðurinn og samninganefndin hafi ekkert afrekað á undanförnum þremur árum sem sjómenn hafi verið samningslausir. „Ljóst er að þessir aðilar eru ekki að valda starfi sínu og þarf nýja menn sem hafa pung til að taka á þeim málum. Því ályktar SVG um að Sævar Gunnarsson segi af sér sem formaður SSÍ og samninganefndin einnig.“

Sævar segist skilja afstöðuna. „Auðvitað eiga þeir að skamma mig fyrir að hafa ekki náð árangri í að semja,“ segir hann.

Deilur SSÍ við útvegsmenn snúast meðal annars um kröfu útvegsmanna um breytingar á hlutaskiptakerfinu í kjölfar þess að auðlindagjald er lagt á útgerðina. „Að mínu mati væri afar óskynsamlegt að fara í verkfallsaðgerðir til að ná fram kjarasamningum. Ef karlarnir eru ósammála mér þá skipti ég um skoðun, ég er í vinnu hjá þeim og geri eins þeir vilja,“ segir Sævar.

Á aðalfundinum í Grindavík var einnig harmað að sjómannaafsláttinn hafi verið lækkaður í þrepum og sé nú að hámarki 7.000 krónur á mánuði.



**VILJA SÆVAR BURT** Verkalýðs- og sjómannafélag Grindavíkur hefur skorað á Sævar Gunnarsson og samninganefnd SSÍ að segja af sér.

> **Ljóst er að þessir aðilar eru ekki að valda starfi sínu og þarf nýja menn sem hafa pung til að taka á þeim málum.**
> *Úr ályktun SVG*

> **Ef karlarnir eru ósammála mér þá skipti ég um skoðun**
> *Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands*

Telja grindvískir sjómenn að forysta Sjómannasambandsins hafi ekki staðið sig sem skyldi í því að berjast gegn afnámi afsláttarins.

Sævar segir að frá því að samþykkt var að afnema sjómannaafsláttinn hafi sambandið gert þá kröfu að útvegsmenn bæti þeim upp tekjutap sem þeir verða fyrir við afnám afsláttarins. Útvegsmenn hafa hins vegar ekki léð máls á því.

Birgir Guðfinnsson, formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, segir að ekki hafi verið rætt við önnur félög innan SSÍ um vantrauststillöguna á hendur Sævari og samninganefndinni áður en hún var borin fram. Hann segir að verði ekki skipt um forystu hjá SSÍ sé líklegt að félagið fari í sérsamninga við útvegsmenn.
johanna@frettabladid.is

Öllum farþegum bjargað með þyrlu af skipi sem er fast í suðurskautsísnum:

# Komnir í ástralskan ísbrjót

**ÁSTRALÍA, AP** Öllum 52 farþegunum var í gær bjargað af rússnesku rannsóknarskipi sem setið hefur fast í ísnum við Suðurskautslandið frá því á aðfangadag jóla.

Farþegarnir voru fluttir með kínverskri þyrlu yfir í ástralskan ísbrjót, sem nú mun sigla með þá til áströlsku eyjunnar Tasmaníu. Búist er við því að sú sigling taki hálfan mánuð.

„Ég held að öllum sé létt og allir séu spenntir yfir því að komast um borð í ástralska ísbrjótinn og síðan heim,“ sagði Chris Turney, sem er leiðangursstjóri.

Áhöfn rússneska rannsóknarskipsins, sem heitir MV Akademik Sjokalskí, verður áfram um borð, en engin hætta er talin á ferðum þótt skipið sitji fast í ísnum. Nægar birgðir eru um borð og hyggst áhöfnin, 22 menn, bíða þess að ísinn gliðni.

Þrír ísbrjótar höfðu verið sendir til þess að reyna að brjóta sér leið í gegnum ísinn að rússneska skipinu svo hægt yrði að sigla því burt. Það tókst ekki og því var gripið til þess ráðs að senda þyrlu á vettvang. **- gb**




**Á LEIÐ Í ÞYRLUNA** Farþegarnir höfðu setið fastir á skipinu í ísnum frá því á aðfangadag jóla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

next

# ÚTSALAN ER HAFIN

# 40-60% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

Raðandi - auglýsingastofa ehf

Fylgstu með okkur á Facebook

OPIÐ

mán. - mið. 10:00 - 18:30
fimmtudaga 10:00 - 21:00
föstudaga 10:00 - 19:00
laugadaga 10:00 - 18:00
sunnudaga 13:00 - 18:00

next

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

## HEIMURINN




### Kerry reynir enn



1 **ÍSRAEL** John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er eina ferðina enn kominn til Ísraels í von um að geta þokað friðarviðræðum Ísraela og Palestínumanna eitthvað áleiðis. „Þetta er ekki ómögulegt verkefni,“ sagði hann í gær, en tók fram að allir gerðu sér grein fyrir því að þetta verði enginn hægðarleikur frekar en fyrri daginn. Um 20 lotur samningafunda hafa verið haldnar síðan í sumar, en Bandaríkin hafa stefnt að því að niðurstaða fáist fyrir vorið.

### Njósnaforingi myrtur

2 **SUÐUR-AFRÍKA** Patrick Karegeya, fyrrverandi yfirmaður leyniþjónustunnar í Rúanda, fannst látinn í rúmi á hótelherbergi í Suður-Afríku á nýársdag. Ljóst þótti að maðurinn hefði verið myrtur, líklega kyrktur, þar sem snæri og blóðugt handklæði fannst í skáp á hótelherberginu. Rúandískir stjórnarandstæðingar saka Paul Kagame, forseta landsins, um að standa á bak við þetta morð sem og fleiri morð á rúandískum stjórnarandstæðingum.

### Flóttafólki bjargað

3 **ÍTALÍA** Ítalski sjóherinn bjargaði í gær 233 flóttamönnum sem kúldruðust á tíu metra löngum báti í miklum sjógangi suður af Sikiley. Flóttamennirnir eru frá Pakistan, Erítreu, Nígeríu, Sómalíu, Sambíu og Malí. Þúsundir flóttamanna reyna á ári hverju að komast á mistraustum bátum yfir hafið til Evrópuríkja frá Afríkuríkjum eða ríkjunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Hundruð þeirra láta lífið í hrakningi á hafinu árlega.

LUMAR ÞÚ Á HANDRITI?

Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handritum að skáldsögu fyrir börn og unglinga, að lágmarki 50 blaðsíður að lengd. Skilafrestur er til 4. febrúar 2014. **Verðlaunin nema 500.000 krónum auk höfundarlauna.**

Handritum skal skila í fjórriti til:
Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka
Forlagið, Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík

Handrit á að merkja með dulnefni en rétt nafn höfundar fylgi með í umslagi.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.FORLAGID.IS

FORLAGIÐ

Fyrsta íslenska hópferðin til Norður-Kóreu hefur fengið góð viðbrögð:

# Vilja fleiri sæti til Norður-Kóreu

**FERÐALÖG** Sextán manns eru búnir að skrá sig í fyrstu íslensku hópferðina til Norður-Kóreu í apríl næstkomandi.

Að sögn Egils Arnar Arnarsonar Hansen, hjá ferðaskrifstofunni Trans Atlantic sem skipuleggur ferðina, hafa í kringum þrjátíu til fjörutíu manns hringt og lýst yfir áhuga á ferðinni.

„Við erum með leyfi inn í landið fyrir 35 manns en erum bara með 25 flugsæti. Við erum að vinna í að fá fleiri sæti en það er ekkert skothelt því þetta er um páska,“ segir Egill Örn, aðspurður.

Ferðin kostar rúmar sex hundruð þúsund krónur og hægt er að velja um að nota tækifærið og fara líka til Kína. Aldurshópurinn sem hefur pantað far er frá 34 ára upp í sextugt. Algengasti aldurinn er 40 til 55 ára.

Á meðal þess sem hægt er að skoða í Norður-Kóreu er leiði Kim Il Sung, einræðisherra landsins. „Þjóðin er enn þá að syrgja hann. Ég held að það sé hálfpartinn gert ráð fyrir því að þú sért í hópi syrgjenda.“ - fb

**35** Trans Atlantic má flytja 35 ferðamenn til N-Kóreu, en er bara með 25 flugsæti.



**EGILL ÖRN** Starfsmaður Trans Atlantic er ánægður með áhuga Íslendinga á ferðinni til Norður-Kóreu.

# Grunar að Íslendingur hafi myrt Friðrik

Yfirmaður Interpol í Paragvæ segir lögregluna á Íslandi gruna að íslenskur maður hafi orðið Friðriki Kristjánssyni að bana í Suður-Ameríku. Fjölskylda Friðriks heyrði síðast í honum í apríl síðastliðnum á flugvelli í Brasilíu.

**LÖGREGLUMÁL** Yfirmaður rannsóknardeildar Interpol í Paragvæ segir lögregluna á Íslandi gruna að íslenskur maður hafi orðið Friðriki Kristjánssyni að bana í Suður-Ameríku.

Ekkert hefur spurst til Friðriks frá því í apríl síðastliðnum en hann var á ferðalagi um Suður-Ameríku þegar hann hvarf. Lögreglan bað Interpol um aðstoð við leitina en talið er að hann hafi síðast verið í Paragvæ.

Komið hefur fram að lögreglan leitaði ekki eingöngu að Friðriki heldur einnig að öðrum íslenskum manni um þrítugt. Grunur lék á að mennirnir væru viðriðnir fíkniefnaviðskipti og að annar þeirra hafi unnið hinum mein.



**FRIÐRIK KRISTJÁNSSON**

„Interpol á Íslandi segist hafa grun um að hann hafi myrt hann [Friðrik],“ sagði Monica Costa, yfirmaður rannsóknardeildar Interpol í Paragvæ, í samtali við fréttastofu í gær. Lögreglan á Íslandi vildi ekki tjá sig um orð hennar þegar eftir því var leitað.

Fjölskylda Friðriks heyrði síðast í honum 30. mars síðastliðinn, en þá sagðist hann vera staddur á flugvelli í Brasilíu á leið til Paragvæ.

Monica Costa segir Interpol ekkert hafa í höndum til staðfestingar því að eitthvað hafi átt sér stað í Paragvæ. Það sé alls óljóst hvort Íslendingarnir tveir hafi komið til landsins.

„Það er ekki hægt að staðfesta að Friðrik hafi komið til Paragvæ því engar fyrirspurnir til landamæravarða, hvorki í Brasilíu né Paragvæ, hafa skilað árangri. Það er því ómögulegt að halda því fram að þessir menn hafi komið hingað til lands,“ sagði Monica Costa.

Íslenska lögreglan fékk í síðustu viku send öll gögn sem liggja fyrir hjá Interpol í Paragvæ um hvarf Friðriks.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, fór til Paragvæ í sumar til þess að reyna afla upplýsinga um hvarfið. Karl segir íslensku lögregluna hafa lagt sig alla fram við að fá upplýsingar um málið en að ferðin hafi lítinn árangur borið.

Fjölskylda Friðriks hefur lýst eftir honum með margvíslegum hætti og vinnur náið með lögreglunni. Fjölskyldan hefur til að mynda stofnað vefsíðu með myndum og upplýsingum um Friðrik í von um að einhverjar ábendingar berist um ferðir hans.

thorhildur@frettabladid/erla@frettabladid.is



**FANGELSIN FULL** Í Paragvæ er ekki síður að finna misyndismenn en í öðrum löndum. Skammt er síðan þaðan bárust fregnir af yfirfullum fangelsum. Hér sjást fangar í Tacumbo-fangelsinu í Asuncion 13. desember síðastliðinn. NORDICPHOTOS/AFP

> **Interpol á Íslandi segist hafa grun um að hann hafi myrt hann.**
> *Monica Costa, yfirmaður rannsóknardeildar Interpol í Paragvæ.*

Gildin urðu aðeins há fyrsta klukkutímann á nýju ári vegna flugelda:

# Minna svifryk vegna veðurfars

Styrkur svifryks fyrstu klukkustundina árið 2014 var 245 míkrógrömm á rúmmetra í mælistöðinni við Grensásveg í Reykjavík.

Heilsuverndarmörkin á sólarhring eru fimmtíu míkrógrömm á rúmmetra.

Fyrir ári á sama tíma var styrkurinn aftur á móti 475. Kristín Lóa Ólafsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, segir ástæðu fyrir lágum svifryksgildum þessi áramót vera falin í veðurskilyrðum.

„Það voru bara há gildi fyrsta klukkutímann á meðan mest var skotið upp. Svo lækkuðu þau aftur. Það kom töluverður vindur upp úr klukkan hálf eitt og það var smá gola allt kvöldið. Það eru hin fullkomnu veðurskilyrði.“

Styrkur svifryks fór átta sinnum yfir heilsuverndarmörk á sólarhring árið 2013, líkt og árið 2012. - ebg



**FLUGELDAR** Fullkomin veðurskilyrði voru þessi áramót. Vindurinn náði að hreinsa loftið fljótlega eftir miðnætti. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Úrval ljósa á betra verði



# ÚTSALA

## 10-70% afsláttur

Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
**www.rafkaup.is**

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

Verðmerkingar vantar:

## Fimm verslanir fengu sekt

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur lagt 50 þúsund króna stjórnvaldssekt á fimm smávöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu.

Í öllum tilfellum er um að ræða sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga í búðargluggum.

Neytendastofa gerði athugasemdir og gaf fyrirmæli um lagfæringu síðastliðið sumar.

Verslanirnar fimm sem um ræðir létu hjá líða að gera fullnægjandi lagfæringar á verðmerkingum hjá sér. - ebg

Vinna að útfærslu framkvæmdar höfuðstólslækkunar húsnæðislána í samræmi við aðgerðaáætlun:

# Undirbúa opinberar skuldaleiðréttingar

**SKULDALEIÐRÉTTING** Á næstu vikum hefst vinna við samningu lagafrumvarps upp úr tillögum sérfræðingahóps um skuldaleiðréttingar, sem kynntar voru í lok nóvember. Þá mun fjármálaráðuneytið skipa starfshóp sem útfæra á iðgjaldagreiðslur í séreignarsjóði.

Einar Hugi Bjarnason hæstaréttarlögmaður hefur yfirumsjón með samningu frumvarpsins, en hann átti einnig sæti í sérfræðingahópnum sem mótaði aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar.



EINAR HUGI BJARNASON

Auk Einars Huga verða skipaðir fulltrúar forsætis- og fjármálaráðuneytis, Arion banka, Íslandsbanka, Landsbanka, Samtaka íslenskra sparisjóða og umboðsmanns skuldara.

Einar Hugi segir fyrirséð að skipa þurfi sérfræðihópa til að útfæra nánar tillögur varðandi framkvæmd skuldaleiðréttinganna. Þá standi einnig til að skipa samninganefnd gagnvart lánastofnunum um endurútreikninga lánanna.

Þá segir Einar Hugi að búast megi við að endurútreikningur lána gangi hratt fyrir sig. „Lánveitendur komu að undirbúningi aðgerðaáætlunarinnar og búa jafnframt að þeirri reynslu að hafa endurreiknað lán áður,“ segir hann, en bætir því við að flækjur kunni að koma upp til dæmis við búferlaflutninga, andlát eða hjónaskilnað. - eb

**➜ Leiðréttingin**

Í kynningu ríkisstjórnarinnar í nóvemberlok kom fram að færa ætti verðtryggð húsnæðislán niður um fjárhæð sem samsvari verðbótum umfram 4,8 prósent frá desember 2007 til ágúst 2010. Hámarksfjárhæð niðurfærslu á heimili verður fjórar milljónir.



**Á STRIKINU Í KAUPMANNAHÖFN** Hjálpræðisherinn í Danmörku fékk hótanir vegna aðstoðar við múslíma. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Íbúar Kaupmannahafnar láta trúarbrögð ekki trufla sig:

## Múslímar eiga líka að fá aðstoð

**DANMÖRK Meirihluti Kaupmannahafnarbúa er þeirrar skoðunar að það sé í lagi að fátækir múslímar fái fjárhagslega aðstoð fyrir jólin. Þetta eru niðurstöður könnunar á vegum danska ríkisútvarpsins.**

**Margir Danir höfðu hótað því á Facebook að hætta að gefa Hjálpræðishernum fé yrðu múslímar meðal þeirra sem fengju aðstoð. Nýr menningar- og frístundaborgarstjóri Kaupmannahafnar, Carl Christian Ebbesen, sem er í Danska þjóðarflokknum, er mótfallinn því að þeir sem ekki halda jól fái aðstoð frá hinu opinbera vegna hátíðarinnar.** - ibs

Vilja breytta dagskrá:

## Fækka þarf matar- og lífsstílsþáttum

**DANMÖRK** Borgaraflokkarnir í Danmörku segja ríkisútvarpið í Danmörku miða of mikið við tölur um áhorf. Þeir vilja að meira sé hugað að helsta hlutverki útvarpsins samkvæmt útvarps- og fjarskiptalögum.

Borgaraflokkarnir krefjast meiri menningarumfjöllunar og vilja fækka matar- og lífsstílsþáttum. Hvorki jafnaðarmenn né yfirmenn danska útvarpsins eru þeirrar skoðunar að skemmtiþættir séu of margir. - ibs

Sænska ríkisstjórnin:

## Börn geti líka fengið kynleiðréttingu í gegn

**SVÍÞJÓÐ** Sænska ríkisstjórnin hyggst láta rannsaka möguleikana á að lækka aldurstakmarkið vegna kynleiðréttingar sem nú er 18 ár.

Svenska Dagbladet hefur það eftir ráðherranum Erik Ullenhag, sem fer með málaflokkinn, að eitt ár geti verið langur tími fyrir 15 til 16 ára einstakling. Skoða þurfi hins vegar möguleg ágreiningsmál, eins og til dæmis hvernig afleiðingarnar geti orðið hafi 16 ára unglingur aðra skoðun en foreldrarnir. - ibs

# Demókratar aftur við völd í New York

Bill de Blasio sór embættiseið sinn sem borgarstjóri í New York á nýársdag. Bandarískir demókratar fagna ákaft, því hann er fyrsti demókratinn til að gegna þessari stöðu í tvo áratugi. Bill Clinton, fyrrverandi forseti, stýrði athöfninni.

**BANDARÍKIN, AP** Megnið af síðustu öld fóru demókratar með embætti borgarstjóra í New York. Nokkrar undantekningar voru á því, þegar repúblikanar, frjálslyndir eða óháðir fóru með stjórnina.

Lengsta undantekningin frá því var á árum kreppunnar miklu og heimsstyrjaldarinnar síðari, alls í tólf ár frá 1935 til 1945.

Það var svo Rudolph Giuliani sem náði borginni aftur til repúblikana árið 1994, og síðan þá hafa demókratar ekki komist að fyrr en nú, þegar de Blasio tekur við.

Því er ekki að undra að bandarískir demókratar fagni þessum tímamótum ákaft, ekki síst demókratar í New York sem hafa verið í miklum meirihluta meðal íbúa borgarinnar þrátt fyrir að þess hafi ekki séð stað í niðurstöðum borgarstjórakosninga síðustu tvo áratugina.

Til að leggja áherslu á mikilvægi atburðarins var Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, fenginn til að stjórna athöfninni þegar de Blasio sór embættiseið á nýársdag. Þeir þekkjast vel því de Blasio var starfsmaður ríkisstjórnar Clintons á sínum tíma, og svo stýrði hann einnig kosningabaráttu Hillary Clinton, eiginkonu Bills, þegar hún bauð sig fram til öldungadeildar Bandaríkjanna árið 2000, og vann sigur.

De Blasio er frá Brooklyn og hefur lofað að sinna almenningi borgarinnar betur en fráfarandi borgarstjóri, Michael Bloomberg, sem gagnrýndur hefur verið fyrir að hafa einkum haft hag auðkýfinga borgarinnar í huga, enda er hann sjálfur úr þeirra röðum.

De Blasio lofaði því meðal annars að skattleggja auðkýfinga sérstaklega og nota tekjurnar af þeim skatti til að útvega börnum leikskólapláss.

Fyrsta stóra verkefnið fékk de Blasio svo í hendurnar strax í gær þegar óveður skall á borginni, með mikilli snjókomu, hvassviðri og nístingskulda. Loka þurfti fjölmörgum götum og fólki var ráðlagt að nota neðanjarðarlestir frekar en einkabílinn til að komast leiðar sinnar.

„Móðir náttúra lætur nýja borgarstjórann ekki fara í grafgötur um það hver er hér við völd,“ sagði Andrew Cuomo, ríkisstjóri New York, þegar de Blasio sór embættiseiðinn. Cuomo er demókrati eins og de Blasio. gudsteinn@frettabladid.is



**CLINTON STÝRÐI ATHÖFNINNI** Bill de Blasio ásamt fjölskyldu sinni og Bill Clinton á tröppum ráðhússins í New York, þegar hann sór embættiseiðinn á nýársdag. Blönduð fjölskylda Blasio er talin hafa ýtt undir vinsældir hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### BORGARSTJÓRAR NEW YORK SÍÐAN 1978

| | |
|---|---|
| 1978-1989 | Edward I. Koch, demókrati |
| 1990-1993 | David N. Dinkins, demókrati |
| 1994-2001 | Rudolph W. Giuliani, repúblikani |
| 2002-2013 | Michael R. Bloomberg, repúblikani |
| 2014- | Bill de Blasio, demókrati |



COOLER MASTER · ASUS · acer · steelseries · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · Sarotech · TOSHIBA · SAMSUNG · RAZER · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

**FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR**
**BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT**
**MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ**
**FLAKKARAR • SSD • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR**
**SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR**
**GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR**
**STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR**
**MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA**

**MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLUVERÐI !**

**SÝNINGAREINTÖK Á LÆKKUÐU VERÐI**

**BYRJAÐU 2014 MEÐ AFSLÁTTARVEISLU Á TÖLVUVÖRUM !**

**EINA ÚTSALA ÁRSINS !**

**ÚTLITSGALLAÐ Á MIKLUM AFSLÆTTI**

NÁNAR UM ALLAR
**WWW.TL.IS**
ÚTSÖLUVÖRUR

tl.is




**OPIÐ 10-18**

**TÖLVU LISTINN**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# ÁSTAND HEIMSINS






**1 TVÍTUGSAFMÆLI ZAPATISTA-HREYFINGARINNAR Í MEXÍKÓ** Grímuklæddir liðsmenn uppreisnarhers Zapatista-hreyfingarinnar í Mexíkó minnast þess að tuttugu ár eru liðin frá því uppreisnin hófst. Zapatista-hreyfingin barðist fyrir réttindum frumbyggja í Chiapas-héraði árið 1994, en hefur síðan haldið uppi að mestu friðsamlegu andófi gegn stjórnvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**3 FLÓÐ Í FRAKKLANDI** Maður virðir fyrir sér ástandið í bænum Quimperlé á Bretaníuskaga þar sem áin Laïta flæddi yfir bakka sína. NORDICPHOTOS/AFP



**4 MEÐ ÖMMU Á BAKINU Í MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDINU** Ungur maður hjálpar veikburða ömmu sinni að forða sér frá átakasvæði í Bangui í Mið-Afríkulýðveldinu og ber hana að bráðabirgðaskýli skammt frá flugvellinum, en þar býr fjölskyldan nú. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**5 Á FLÓTTA Í SUÐUR-SÚDAN** Móðir eldar mat handa sér og barni sínu í bænum Awerial í Suður-Súdan, en þangað flúði hún yfir Hvítu-Níl frá bænum Bor, þar sem uppreisnarmenn hafa ákaft barist við stjórnarherinn undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**2 DÝRIN TALIN Í LONDON** Kumbuka heitir þessi górillukarl, sem þarna skoðar krítartöflu þar sem á eru rituð nöfn hans og þriggja kvenkyns félaga hans í dýragarðinum í London. Starfsfólk hefur unnið að því að telja öll dýrin í dýragarðinum, svo uppfylla megi þær lagaskyldur sem starfsræksla dýragarðsins er háð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**6 JÁRNSMIÐUR AÐ STÖRFUM Í AFGANISTAN** Afganskur járnsmiður starfar að iðn sinni ásamt ungum syni sínum í útjaðri borgarinnar Jalalabad. NORDICPHOTOS/AFP



**7 KOSNINGABARÁTTAN Í BANGLADESS** Frambjóðendur í Dakka, höfuðborg Bangladess, hafa verið iðnir við að hengja upp myndir af sjálfum sér og önnur kosningaspjöld, enda eru þingkosningar á sunnudaginn. Leiðtogar helstu stjórnarandstöðuflokkanna hafa þó ákveðið að mæta ekki á kjörstað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ÚTSALAN
ER HAFIN
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
20%
ALLIR FISSLER
POTTAR OG PÖNNUR
Fissler
Fissler. Perfect every time.
HOMEDICS
SHIATSU
NUDDSESSA
20%
VERÐ ÁÐUR... 22.980
TILBOÐ ......... 18.384
POPPVÉL
20%
LOFTVÉL
ENGIN OLÍA
VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOÐ ......... 4.796
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
SOEHNLE BAÐVOG RIVA
30%
VERÐ ÁÐUR... 7.999
TILBOÐ ......... 5.599
TRISTAR
KAFFIMALARI
20%
VERÐ ÁÐUR... 4.999
TILBOÐ ......... 3.999
WILFA VÖFFLUJÁRN
1000W
30%
VERÐ ÁÐUR... 8.490
TILBOÐ ......... 5.943
ÞRÁÐLAUST HITABELTI
33%
VERÐ ÁÐUR. 14.995
TILBOÐ ......... 9.995
35%
EVA SOLO XO
POTTAR OG PÖNNUR
35%
BABYLISS
SLÉTTU- OG KRULLUJÁRN
VERÐ ÁÐUR... 12.999
TILBOÐ ........... 8.449
20%
WILFA
HRAÐSUÐU
KANNA
VERÐ ÁÐUR... 6.999
TILBOÐ ......... 5.599
KERAMIK PANNA
50%
28sm
VERÐ ÁÐUR... 4.999
TILBOÐ ......... 2.500
EVA SOLO
DELI KRUKKA
0,7 LÍTRAR
70%
VERÐ ÁÐUR... 4.499
TILBOÐ ......... 1.350
BABYLISS
PRO HÁRBLÁSARI
2000w
AC MÓTOR
50%
VERÐ ÁÐUR... 10.999
TILBOÐ ........... 5.500
VASAHNÍFUR
10 AÐGERÐIR
70%
VERÐ ÁÐUR... 1.662
TILBOÐ ............. 499
SEVERIN BRAUÐRIST
20%
VERÐ ÁÐUR... 6.999
TILBOÐ ......... 5.599
TÖFRASPROTI
550W
20%
PHILIPS
VERÐ ÁÐUR... 9.995
TILBOÐ ......... 7.995
PRESSUKANNA
8 BOLLA
50%
VERÐ ÁÐUR... 7.499
TILBOÐ ......... 3.750
PÖNNUKÖKUPANNA
25%
VERÐ ÁÐUR... 3.999
TILBOÐ ......... 2.999
MELISSA STRAUJÁRN
2200W
25%
VERÐ ÁÐUR... 3.995
TILBOÐ ......... 2.995
25%
ARIETE
RYKSUGU
VÉLMENNI
VERÐ ÁÐUR... 39.995
TILBOÐ ......... 29.995
TRISTAR
SAFAPRESSA
20%
VERÐ ÁÐUR... 9.999
TILBOÐ ......... 7.999
WasserMaxx
SÓDAVATNSTÆKI
26%
FRÁBÆRT VERÐ!
HYLKI FYLGIR MEÐ!
VERÐ ÁÐUR... 14.999
TILBOÐ ......... 10.999
TRISTAR
BLANDARI 500W
20%
MYLUR KLAKA!
VERÐ ÁÐUR... 9.990
TILBOÐ ......... 7.990
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILL
20%
COMPACT
VERÐ ÁÐUR... 11.995
TILBOÐ ........... 9.596
MELISSA
ÖRBYLGJUOFN
20%
VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ......... 11.995

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

### YAMAHA HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 280.000 KRÓNA AFSLÆTTI

| LG | TOSHIBA | THOMSON |
|---|---|---|
| 42LA641V<br>42" 3D<br>SNJALLSJÓNVARP | 40L1353N<br>40" Full HD<br>LED SJÓNVARP | 46FU5554C<br>46"<br>SNJALLSJÓNVARP |
| **FULLT VERÐ 279.990** | **FULLT VERÐ 124.990** | **FULLT VERÐ 169.990** |
| **TILBOÐ 169.990** | **TILBOÐ 99.990** | **TILBOÐ 139.990** |
| **AFSL. 110.000** | **AFSL. 25.000** | **AFSL. 30.000** |

**JBL hátalarar með allt að 100.000 kr. afslætti**

**iPad og iPhone vöggur með allt að 60% afslætti**

OPIÐ LAUGARDAG 11 -17

YAMAHA KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG INTENSO UNITED
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasco Nikon SanDisk enox. LG

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

### LG SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 300.000 KRÓNA AFSLÆTTI

| THOMSON | Panasonic | THOMSON |
|---|---|---|
| 32HW3324<br>32" LED<br>SJÓNVARP | TXL50BL6<br>50" Full HD<br>LED SJÓNVARP | 55UW9786<br>55" ULTRA 4K<br>SJÓNVARP |
| **FULLT VERÐ**<br>**79.990** | **FULLT VERÐ**<br>**239.990** | **FULLT VERÐ**<br>**499.990** |
| **TILBOÐ**<br>**64.990** | **TILBOÐ**<br>**179.990** | **TILBOÐ**<br>**349.990** |
| **AFSL. 15.000** | **AFSL. 60.000** | **AFSL. 150.000** |

**Olympus myndavélar með allt að 25% afslætti**

**Tasco sjónaukar með allt að 50% afslætti**

SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

Forsetinn og biskupinn gagnrýna netumræðuna:

# Vígamenn netsins

Bæði Agnes Sigurðardóttir biskup Íslands og Ólafur Ragnar Grímsson forseti gerðu umræðuhætti þjóðarinnar að umtalsefni í áramótaávörpum sínum.

„Við erum ekki öll eins og við erum ekki öll með sömu skoðanir. En eitt af grundvallaratriðum mannlegra samskipta er að virða skoðanir annarra," sagði Agnes biskup. „Það er ljótt að sjá það á bloggsíðum og í athugasemdakerfum á netinu þegar lítið er gert úr skoðunum fólks, það hreinlega lagt í einelti með sífelldu niðurtali og háði. Þá er eins gott að sá eða sú sem fyrir verður hafi það sjálfstraust til að bera að geta staðið keik á eftir."



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Biskupinn lagði til að á nýju ári strengdum við þess heit að bera virðingu fyrir fólki og skoðunum þess. „Að treysta því að fólk beri gott fram úr góðum sjóði hjarta síns en sé ekki vænt um óheiðarleika eða hagsmunapot."

Forsetinn talaði á svipuðum nótum: „Eric Schmidt, stjórnandi Google, hefur í nýrri bók um áhrif netsins og samfélagsmiðla lýst á skarpan hátt hvernig þessi nýja tækni opnar flóðgáttir neikvæðni, illmælgi og jafnvel haturs – löngunin til að höggva helsti hvatinn í síbylju bloggsins. Margir gerast þannig í netheimum vígamenn, líkjast Þorgeiri Hávarssyni sem spurður var hví hann hjó saklausan sauðamann. Svarið: „Eigi hafði hann nokkurar sakar til móts við mig en hitt var satt að eg mátti eigi við bindast er hann stóð svo vel til höggsins."

Umræðan í netheimum á til að verða rætin og subbuleg í garð einstaklinga. Þar grassera líka síður sem dreifa hatursáróðri í garð minnihlutahópa eða jafnvel hálfrar þjóðarinnar.

Rætin og andstyggileg umræða um fólk sem gegnir opinberum stöðum eða tjáir sig í ræðu og riti er ekki nýtt fyrirbæri. Ekki þarf annað en fletta blöðunum frá fyrriparti 20. aldar eða skoða umræður á Alþingi á tímabilum til að sannfærast um að Íslendinga hefur löngum skort virðingu fyrir fólki sem er ósammála þeim. Þá hefur ekki staðið á fullyrðingum um persónu eða eðli andstæðingsins en yfirvegaðar röksemdir gjarnan mátt víkja.

Munurinn í dag er kannski aðallega sá að svo margir hafa aðgang að víðlesnum vefjum og samfélagsmiðlum að það er meira af skítkastinu en fyrr og fólk sem aldrei fengi inni með grein í blaði eða kveddi sér hljóðs á pólitískum fundi finnur sér þar vettvang til að ausa úr skálum reiði sinnar. Eðli netsins er líka að það sem er skrifað birtist strax og fær gjarnan litla umhugsun eða yfirvegun.

Þeir sem standa í opinberri umræðu starfs síns vegna eru yfirleitt fljótir að læra að skilja á milli skítkastsins og raunverulegrar gagnrýni. Það fyrrnefnda geta menn látið sér í léttu rúmi liggja, en á því síðarnefnda mega menn gjarnan taka mark, ef gagnrýnin er málefnaleg.

Við skulum líka passa okkur að gengisfella ekki eineltishugtakið með því að nota það yfir harða gagnrýni. Stjórnmálamenn verða til dæmis að þola að störf þeirra séu gagnrýnd, en þeir eiga heimtingu á að það sé gert með rökum, en ekki persónulegu skítkasti, uppnefnum eða árásum á fjölskyldu þeirra, sem því miður eru of mörg dæmi um.

Ábendingar Agnesar og Ólafs Ragnars mega hins vegar allir sem tjá sig á netinu taka til sín.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fátæktin og forsetinn

Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, hefur orðið tíðrætt um fátækt í nýársávörpum sínum og segir hana gjarnan „smánarblett" á íslensku samfélagi. Í nýársávarpi fyrir fjórum árum lét forsetinn duga að senda þeim sem búa við þröngan kost sérstakar kveðjur en árið eftir var kveðið fastar að orði: „Samfélag sem kennir sig við norræna velferð getur ekki liðið að vikulega standi þúsundir í biðröðum eftir mat. Við skulum sameinast um að afmá þennan smánarblett strax á næstu mánuðum," sagði forsetinn í nýársávarpi 2011. Þrátt fyrir þessa brýningu fækkaði ekki í biðröðum eftir mat það árið.



### Ungar mæður í biðröðum

Áfram hélt forsetinn og í nýársávarpi ársins 2012 segir Ólafur Ragnar að enn búi margir við erfiðleika, tekjumissi, óvissu um húsnæði og fátækir þurfi að treysta á matargjafir – „…biðraðirnar fyrir jólin enn smánarblettur". Í nýársávarpi liðins árs var ekki kveðið alveg jafn fast að orði en þá sagði forsetinn: „…fátækir hafi því miður líkt og áður orðið að leita til hjálparstofnana í aðdraganda hátíðanna; óskiljanlegt hvers vegna samhjálpin, framlög ríkis og sveitarfélaga, eru enn og aftur á þann veg að ungar mæður bíða í biðröðum eftir matargjöfum fyrir börn sín."



### Smánarblettur

Í ár sagði svo Ólafur Ragnar að það sé ólíðandi með öllu að þúsundir þurfi að treysta á matargjafir um heilög jól og slíka aðstoð árið um kring, „…að slík fátækt, einkum ungra mæðra og einstæðinga, er smánarblettur á íslensku samfélagi; smánarblettur sem við gætum svo hæglega með samstilltu átaki komið í kistu liðinnar tíðar."

## HALLDÓR




# Norrænt popp á netinu

MENNING



Eygló Harðardóttir
samstarfsráðherra Norðurlanda

Flestir hafa gaman af tónlist og eiga sér uppáhaldslag. Bráðlega munu allir eiga þess kost að skemmta sér við að hlusta á norræna tónlist á einfaldan og aðgengilegan hátt á netinu. Hví segi ég þetta? Jú, núna um áramótin tókum við Íslendingar við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni til eins árs. Sú nýbreytni er viðhöfð í norrænu fjárlögunum að settur hefur verið á laggirnar myndarlegur sjóður sem ráðstafað er að frumkvæði formennskulandsins. Fyrsta verkefnið sem lítur dagsins ljós vegna frumkvæðis Íslands er Norræni spilunarlistinn. Listinn verður kynntur 6. janúar þegar slóð hans fer á veraldarvefinn. Um er að ræða menningarverkefni þar sem skapandi greinum er gert hátt undir höfði.

### Samstarf við tónlistarveitur

Norræni spilunarlistinn hefur verið í mótun undanfarið ár, en það er útflutningsmiðstöð norrænnar tónlistar, NOMEX eða Nordic Music Export, sem stýrir verkefninu og sér um framkvæmd þess. Að baki NOMEX eru útflutningsmiðstöðvar tónlistar á Norðurlöndum og er Útón fulltrúi Íslands. Markmiðið með verkefninu er að nýta nútíma tækni í fjölmiðlun; samfélagsmiðla og netmiðla til þess að koma norrænni tónlist á framfæri innan og utan Norðurlandanna og auka þar með útflutningsmöguleika hennar á Norðurlöndunum og alþjóðlega. Undirbúningur verkefnisins hefur gengið vel – búið er að hanna vefsíðu þar sem það besta og efnilegasta í norrænni popptónlist verður aðgengilegt á einum stað – samstarf er hafið við stórar tónlistarveitur á borð við spotify, wimp og deezer og viðræður eru í gangi við bandarískar veitur. Verkefnið mun stuðla að betri og markvissari kynningu á norrænni tónlist.

**➜ Það er von mín að spilunarlistinn fái fljúgandi start og að norræn tónlist verði aðgengileg sem flestum.**

### Tónlistarmenningin dafnar

Við höfum tröllatrú á þessu verkefni. Það er vel kynnt á Norðurlöndum, nýtur mikils velvilja, er til þess fallið að höfða til ungra Norðurlandabúa og ætti að efla tiltrú þeirra á norrænt samstarf. Árið 2014 verður varið rúmum 40 milljónum króna til Norræna spilunarlistans, en markmiðið er að sjálfsögðu að hann verði sjálfbær þegar norrænum stuðningi við hann lýkur að þremur árum loknum. Það er von mín að spilunarlistinn fái fljúgandi start og að norræn tónlist verði aðgengileg sem flestum á veraldarvefjunum. Þannig mun tónlistarmenning okkar dafna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Dagbók ESB

ÍDAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



1 Ísland hringdi: „Hvað er að frétta? Er ekki alltaf að fjölga ríkjunum í ykkur? Hvernig er kreppan að fara með ykkur? Já, meðan við munum… Okkur langar að taka upp evru.“

„Allt í lagi, það verðið þá að ganga í okkur.“

„Na… ebb… hmm. Okkur langar að taka evruna upp án þess að ganga í ykkur. Meira svona tvíhliða.“

„Nei, þið getið það ekki.“

„Ókei, en getum við tekið hana upp einhliða?“

„Einhliða þýðir náttúrlega: „einhliða.“ En, nei. Þið megið það ekki. Þið getið náttúrlega gengið í okkur. Eruð þið viss um að þið viljið ekki sækja um?“

„Hmm – hver veit. Kannski. En þið þurfið að breyta ýmsu hjá ykkur ef þetta á að ganga upp.“

„Nei, þetta virkar ekki alveg þannig. Það er eiginlega hugmyndin að umsóknarríkið…“

„Ókei bæ! Takk fyrir spjallið!“

„…Halló?”

2 Ísland var að sækja um aðild að okkur. Gaman að því. Ísland virðist ekki vera ríki sem þarf að læra að klæða sig í náttföt. Þetta verður ágætistilbreyting frá þessu Miðaustur-Evrópuævintýri sem við erum búin að standa í undanfarna áratugi. Loksins fær maður umsóknarríki sem stendur ekki í heimskulegri nafnadeilu við eitthvert okkar. Eða eitthvað svona eins og Kosovo sem helmingur okkar vill ekki einu sinni viðurkenna að sé til.

Svo er samkynhneigð kona forsætisráðherra hjá þeim. Og öll raforka þeirra er græn. Hversu svalt er það? Þetta verður bara gaman.

3 „Okkur langar að drepa selskópa með kylfum,“ sagði Ísland á fundi í dag. „Við viljum að þið aðlagið ykkur að því. Svo langar okkur að drepa hvali með sprengiefnum. Við erum tilbúnir til að leyfa ykkur að aðlaga ykkur að því.“

„En okkur langar ekkert til að leyfa ykkur að gera það…“ segjum við.

„Svo viljum við helst hafa tolla áfram í landbúnaði. Eiginlega viljum við ekki ganga í ESB svona landbúnaðarlega séð. Eiginlega viljum við hafa tolla alveg eins og þeir eru núna. Enga tolla á súrál. Massífa tolla á ost. Og útlendingar mega ekki eiga kvóta.“

„Þið getið ekki haft tolla á landbúnaðarvörum. Þið skiljið hvað orðin „sameiginlegur markaður“ þýða?“

„Já, en, en – við fáum engan til að samþykkja þetta ef við fáum ekki mjög góðan samning. Vitið þið ekki að ESB er ekki beint vinsælt á Íslandi um þessar mundir?“

„Sorrý, hver sótti eiginlega um hjá hverjum?“

4 Við kveikjum á sjónvarpinu. Ísland undirritar fríverslunarsamning við Kína. Sá fríverslunarsamningur fellur úr gildi ef Ísland gengur í okkur. Það er svolítið eins og þegar kærastinn flytur inn en heldur gömlu íbúðinni, svona ef ske kynni…

Síminn hringir. Ísland segist komið í pásu.

„Hvenær hættir þessi pása?“ spyrjum við.

„Það er ekki alveg ljóst. En við höldum ekki áfram án þess að halda þjóðaratkvæðagreiðslu.“

„Hvenær verður hún?“

> Af hverju millifærðuð þið ekki á okkur, öskrar Ísland í símann: Við erum umsóknarríki!

„Hm, hvernig eigum við að segja þetta… aldrei.“

„Eruð þið þá alveg hætt við?“

„Nei, nei, ekki alveg,“ segir Ísland. „Okkur finnst þetta alveg fínt ástand í bili. Við fáum smá pening út úr þessu og það gengur fínt að fá fundi. Getum við ekki bara haft þetta svona í smátíma?“

Við svörum: „Við virðum ákvörðunarrétt ykkar og höfum skilning á afstöðu ykkar. En þolinmæði okkar er samt ekki endalaus.“ (Þýðing: „Þið hagið ykkur eins og smákrakkar.“)

Ísland virðist himinlifandi með svörin.

Þegar farið er á www.vidraedur.is er vísað á www.vidraedur2009-2013.is.

5 „Af hverju millifærðuð þið ekki á okkur?“ öskrar Ísland í símann: „Við erum umsóknarríki! Við ætluðum að nota peninginn til að bæta tölvukerfi Hagstofunnar. Hver á nú að borga fyrir það?“

„Ja, þið virkuðuð ekki mjög áhugasöm. Við kunnum alveg að lesa blöðin.“

„Þetta er búið hjá okkur,“ segir Ísland.

„Eruð þið þá hætt við að ganga í okkur?“

„Nei, þið voruð að dömpa okkur, með þessari hegðun.“

„Nei, við vorum ekki að því.“

„Æ,“ segir Ísland pirrað. „Getið þið ekki sagst hafa dömpað okkur? Það væri betra fyrir okkur.“

„Nei.“

Löng þögn.

„Þið skuldið okkur pening,“ segir Ísland að lokum.

# Frjálshyggja og flugeldar

SAMFÉLAG
Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur



Tvennt kemur í huga okkar frjálshyggjumanna (e. libertarians) varðandi flugelda um áramót.

**Laumufarþegavandinn**

Annað er hinn svokallaði laumufarþegavandi (e. free-rider problem), þ.e. þegar fleiri geta notið tiltekinnar þjónustu eða upplifunar án tillits til þess hvort menn greiða fyrir eða ekki. Laumufarþegavandinn hefur svo verið notaður óspart af stjórnmálamönnum til að réttlæta hvers kyns skattheimtu.

En hvað með alla flugeldana um áramót? Svo stórkostleg er sú sjón þegar þeim er öllum skotið upp að vart fyrirfinnst sá einstaklingur sem vildi missa af þeirri upplifun. Samt kaupa ekki allir flugelda. Á ríkið þá ekki að beita sér fyrir því að öllum sé gert að kaupa a.m.k. einn flugeldapakka um hver áramót, annaðhvort með beinum hætti eða óbeint í gegnum skattkerfið? Er ekki alveg ómögulegt að fleiri sjái flugeldana springa með tilþrifum á himninum en þeir sem keyptu flugelda?

**Máttur hjálparsamtaka**

Hitt hugðarefnið er máttur frjálsra góðgerðarfélaga á borð við hjálparsveitirnar. Megnið af þeirra tekjum kemur í gegnum frjáls framlög og sjálfboðaliðavinnu. Mest munar þó um flugeldasöluna um áramót. Fólk kaupir sjálfviljugt flugelda og styrkir í leiðinni hið öfluga starf sem hjálparsveitirnar vinna. Ríkisstyrkir eru hverfandi litlir og það þrátt fyrir að í flestum öðrum ríkjum eru hjálparsveitir reknar af opinberum aðilum. Og viti menn: íslenskar björgunarsveitir standast hinum erlendu fullan snúning. Er ekki eitthvað bogið við þetta?

**Á móti hjálparsveitum?**

Ef útlendingur yrði spurður hvort landar hans hafi velt fyrir sér að lækka skatta í því skyni að leggja niður hjálparsveitir á vegum ríkisins og skapa þannig meira svigrúm fyrir frjáls félagasamtök að sinna björgunarstarfi, er næsta víst að viðbrögð hans yrðu eftirfarandi: Ertu á móti björgunarsveitum? Ertu galinn?


ÁRSKORT
á aðeins 4.990 krónur á mánuði (12 mán. binditími)
Eða 49.900 krónur staðgreitt - Tilboð gildir til 31.janúar

Allir sem kaupa árskort í Veggsport í janúar fara í pott.
2 heppnir verða dregnir út og geta boðið maka/vini með sér í ræktina í HEILT ÁR.
1 heppinn árskortshafi verður dreginn út í apríl og fær hann Trek reiðhjól.
Ert þú með árskort í Veggsport?



Allir árskortshafar í Veggsport eru í fríðindaklúbbi Veggsports. Fríðindaklúbburinn veitir þér:
- Handklæði eftir ræktina.
- Fætubótapakki frá EAS
- Tvisvar sinnum yfir árið áttu tíma með einkaþjálfara í fitumælingu og hann útbýr æfinga prógram í tækin í kjölfarið.
- 5 skipta Boost kort.

Persónuleg þjónusta og vinalegt umhverfi.
4 flottir skvasssalir - Ketilbjöllutímar - Cross train extreem XTX - 6 spinning tímar á viku - Einn besti golfhermir landsins - Góður fullbúinn tækjasalur - Körfuboltasalur - Einkaþjálfarar - Gufubað í búningsklefum.

Fyrir fólk eins og þig
VEGGSPORT
Skvass & Heilsurækt

Stórhöfða 17 | Sími 577 5555 | veggsport.is

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1597** Heklugos hefst og eru uppi margir eldar samtímis.

**1749** Blaðið Kjøbenhavnske Danske Post-Tidender, síðar Berlingske Tidende, kemur út í fyrsta sinn í Kaupmannahöfn.

**1888** Kristín Bjarnadóttir frá Esjubergi neytir atkvæðisréttar síns fyrst íslenskra kvenna í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík.

**1890** Hólmavík á Ströndum verður löggiltur verslunarstaður.

**1925** Benito Mussolini leysir upp þingið og lýsir yfir flokksræði á Ítalíu.

**1926** Karlakór Reykjavíkur stofnaður.

**ÞETTA GERÐIST** 3. JANÚAR 1967

## Jack Ruby deyr úr krabbameini

Á þessum degi árið 1967 andaðist Jack Ruby úr krabbameini. Ruby var eigandi næturklúbbs í Dallas og myrti Lee Harvey Oswald, meintan morðingja Johns F. Kennedy Bandaríkjaforseta. Stuttu áður en hann lést hafði dómstóll í Texas afturkallað dauðadóm yfir honum fyrir morðið á Oswald og á döfinni voru ný réttarhöld.

Í nóvember 1963, tveimur dögum eftir morðið á Kennedy, var Oswald færður í kjallara lögreglustöðvarinnar í Dallas á leið í öruggara fangelsi.

Mikill fjöldi fólks og fjölmiðla beið eftir að fylgjast með því þegar Oswald yrði færður í burtu. Þegar Oswald kom inn í herbergið steig Jack Ruby fram og særði hann banasári með einu skoti úr skammbyssu. Ruby var þegar handtekinn en hann réttlætti verknaðinn með því að hann hefði verið sturlaður vegna morðsins á forsetanum. Sumir töldu hann hetju en hann var samt sem áður ákærður fyrir morð að yfirlögðu ráði.

Ruby átti og rak nokkrar nektarbúllur og dansstaði í Dallas og var að einhverju leyti tengdur skipulagðri glæpastarfsemi. Sumir samsæriskenningamenn halda því fram að Ruby hafi verið fenginn til að drepa Oswald til að hylma yfir stærra samsæri. Ruby neitaði því og sagðist rekinn áfram af föðurlandsást. Í mars árið 1964 var hann fundinn sekur og dæmdur til dauða.



JACK RUBY



**ÓSTÖÐVANDI** Lára Bryndís lét ekki sjúkdóm í höndum stöðva sig í því að láta draum sinn rætast. MYND/ÓSKAR ALEXANDER KRISTINSSON

# Var farin að leysa af í messum fjórtán ára

**Lára Bryndís Eggertsdóttir orgelleikari heldur í kvöld tónleika í Langholtsskirkju á vegum Rotary á Íslandi. Tilefnið er styrkveiting frá Rotary en Lára Bryndís, sem býr, nemur og starfar í Danmörku, þykir einn efnilegasti orgelleikari sem nú er í námi.**

„Veistu, ég veit eiginlega ekki hvernig á því stóð að ég endaði sem orgelleikari," segir Lára Bryndís Eggertsdóttir orgelleikari sem í kvöld heldur tónleika í Langholtskirkju á vegum Rotary á Íslandi í tilefni þess að samtökin veita henni veglegan námsstyrk. „Ég lærði á píanó frá því ég var barn, en hafði aldrei hugsað það sem karríer. Ég spilaði reyndar líka í nokkur ár á fiðlu, en fann mig aldrei í því heldur. Ég er hins vegar nánast alin upp í Langholtskirkju, var í barnakórum þar og hef tekið þátt í öllu kórastarfi kirkjunnar. Smám saman fór ég að spila töluvert á orgelið þar og var farin að leysa af í messum fjórtán ára. Árið 1998 urðu svo hvörf hjá mér. Þá heyrði ég orgelleikara í kirkju úti í Þýskalandi spila eitt stykkið sem ég mun spila á tónleikunum í kvöld, Nun danket alle Gott eftir Sigfrid Karg-Elert, og varð alveg uppnumin. Þetta mallaði í mér og þá um haustið vissi ég að ég yrði að fara að læra á orgel. Hringdi í Tónskóla þjóðkirkjunnar og var byrjuð að læra á orgelið viku síðar. Í fyrsta sinn sem ég sat við hljóðfærið og æfði mig fann ég þessa tilfinningu: Ahhh, nú er ég komin heim!"

Eftir námið hér heima sótti Lára Bryndís tíma í Svíþjóð í einn vetur, flaug á milli og hugðist fara í framhaldsnám þar en örlögin gripu í taumana. „Ég fékk sjúkdóm í hendurnar og þurfti að hætta að spila í dálítinn tíma. Það var mikið áfall og breytti öllu, Svíþjóðarplönin duttu upp fyrir og ég hellti mér út í nám í Söngskólanum og kláraði burtfararpróf þaðan. Ég fór líka í Leiðsöguskólann, útskrifaðist þaðan og tók svo eitt ár í læknisfræði, en vissi samt alltaf að það væri bara rugl og alls ekki það sem ég vildi gera. Ég vildi frekar fara aftur í nám á orgelið, þótt ég gæti kannski ekki náð eins langt í því og mig dreymdi um, en nú er ég orðin það góð í höndunum að það ætti ekkert að stoppa mig."

Lára Bryndís stundar nú mastersnám í orgelleik við Det Jyske Musikkonservatorium í Danmörku, auk þess að vera orgelleikari og kórstjóri í Sønderbro Kirke á Jótlandi. Hún hyggst ljúka náminu í vor og stefnir á enn frekara nám að því loknu, þrátt fyrir að hafa á námstímanum eignast þrjú börn sem hún viðurkennir að taki tölverðan tíma frá spileríinu. „Mastersverkefnið mitt er gífurlega spennandi. Það eru sjö íslensk tónskáld sem eru að semja fyrir mig orgeltónlist sem hentar til notkunar við helgihald. Óvænt varð það að stóru og spennandi verkefni sem fólk getur kynnt sér nánar á vefslóðinni audiebam.is."

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20 og á efnisskránni eru þrjú verk; Ich ruf zu Dir, Herr Jesu Christ, Tokkata og fúga í d-moll eftir Bach og áðurnefnt verk eftir Karg-Elert.

fridrikab@frettabladid.is





†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát foreldra okkar,

**ÖNNU EINARSDÓTTUR**
**(d. 9. desember)**
**og**
**BALDURS HELGASONAR (d. 2. mars)**
**Vogatungu 22, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar og Landakots fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ásbjörn Baldursson Helgi Baldursson**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT ÞURÍÐUR FRIÐRIKSDÓTTIR**
**Brekkubraut 1, Keflavík,**

sem lést fimmtudaginn 26. desember, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**Davíð Baldursson Inger Linda Jónsdóttir**
**Elínborg Baldursdóttir**
**Guðmundur Friðrik Baldursson Hildur Hafstað**
**Hannes Baldursson Eyrún Jónatansdóttir**
**ömmu-, tengda-, og langömmubörn.**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJÖRN ÓSKARSSON**
**vélfræðingur,**
**Bröttuhlíð 13, Hveragerði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 15. desember sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigríður Erla Ólafsdóttir**
**Anna Lea Björnsdóttir Guðmundur Sigurðsson**
**Lára Bryndís Björnsdóttir Björgvin Sigurðsson**
**Björn Ingi Björnsson Þóra Magnúsdóttir**
**stjúpbörn, afabörn og langafabörn.**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTINN GUÐJÓNSSON**
**Skúlagötu 40b, Reykjavík,**

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 6. janúar kl. 15.00.

**Jóhannes Kristinsson Þorbjörg Jónsdóttir**
**Elín Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur bróðir okkar,

**EYJÓLFUR SIGURBJÖRNSSON**
**Garðbraut 85, Garði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, fimmtudaginn 26. desember.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 10. janúar kl. 13.00.

**Steinunn Sigurbjörnsdóttir**
**Friðrik Sigurbjörnsson**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SVEINN ÁSGEIR ÁRNASON**
**hárskerameistari,**

lést að kvöldi nýársdags á hjúkrunarheimilinu Ísafold.

**Brynhildur Sveinsdóttir Hörður Guðjónsson**
**Íris Sveinsdóttir Jón Guðmundsson**
**Eva Björg Harðardóttir**
**Sigrún Harðardóttir**
**Daði Sigursveinn Harðarson**
**Natalie Kristín Hamzehpour**
**Helena Hamzehpour**
**Ísak Theodórs Jónsson**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJARNI BÖÐVARSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Hátúni 10b, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum 27. desember sl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 6. janúar kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Öryrkjabandalag Íslands.

**Gerða Bjarnadóttir**
**Helga Soffía Bjarnadóttir Þórður Hermannsson**
**Böðvar Bjarnason Bei Ping**
**Bjarni Þór Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


4BLS
KIPPA ÚT :)
JANÚAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0%
VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
ENN BETRA VERÐ
Silicon Power
16GB MINNISLYKILL
Agnarsmár og stórglæsilegur USB3 minnislykill frá Silicon Power úr nautsterku sílikoni sem festist tryggilega á lyklakippu
4.990
8GB USB2 2.990 • 32GB USB3 9.990
3. JANÚAR 2014 • BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDABRENGL
SONICGEAR
ENZO 400
Stórglæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá SonicGear með sérhannaða ofur öfluga 4" bassakeilu
9.990
FRÁBÆRT 2.1 HLJÓÐKERFI
ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA
ROCK BY POINT OF VIEW
SILICON BUMPER VARNARHLÍF
ÚRVAL AF SPJALDTÖLVUM VERÐ FRÁ: 12.900
JXD
7" SPJALDTÖLVA
Glæsileg spjaldtölva, tilvalin í leiki, tónlist, kvikmyndir og internetið með Android 4.2
12.900
ALLTAF BETRA VERÐ!
MOBII P721
SPJALDTÖLVA
Öflug Dual Core 7" Mobii spjaldtölva með silicon högghlíf og vönduðum Rock100 heyrnartólum á tilboði
21.900
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS
Hallarmúla 2 Reykjavík
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN NORÐURLANDS
TÖLVUTEK
Undirhlíð 2 Akureyri

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## NÝTT ÁR TEKIÐ MEÐ TRUKKI

**Nýtt ár hefst oft með heilsutrukki, enda óhóf að baki. Best er að setja sér raunhæf markmið um hreyfingu. Það er ágætt að taka hálftíma göngutúr á dag, synda eða hjóla. Best er að byrja rólega því annars er hætt við að fólk gefist fljótt upp.**






**UNGIR STÓÐHESTAR** Magni frá Hellnafelli leikur við félaga sinn á Þorkelshóli í Vestur-Húnavatnssýslu.

# Á NÍU MYNDIR Í FRÆGU DAGATALI

**HESTAMYNDIR** *Kolbrún Grétarsdóttir, tamningamaður og áhugaljósmyndari, á níu myndir í nýútgefnu dagatali um íslenska hestinn. Það er gefið út af Gabriele Boiselle sem árlega gefur út hátt í fimmtíu hestadagatöl.*

Gabriele kom í heimsókn til mín í hitteðfyrra og við tókum saman myndir. Í framhaldinu af því bað hún mig að taka myndir fyrir sig," segir Kolbrún Grétarsdóttir tamningamaður á Hellnafelli við Grundarfjörð. Níu myndir eftir Kolbrúnu hafa nú birst í 24 mynda dagatali um íslenska hestinn sem hinn heimsfrægi hestaljósmyndari Gabriele Boiselle gefur út. Á vegum hennar eru gefin út hátt í fimmtíu dagatöl árlega með myndum af hinum ýmsu hestakynjum. Þá hafa myndir eftir Boiselle birst í öllum þekktustu hestatímaritum heimsins auk þess sem hún hefur gefið út nokkrar ljósmyndabækur.

„Það tókst með okkur afar góður vinskapur og ég hef heimsótt hana nokkrum sinnum til Þýskalands," segir Kolbrún sem sjálf á ekki langan feril að baki í ljósmyndun. „Ég byrjaði fyrir alvöru árið 2008 og hef tekið myndir á hestamótum, af landslagi og dýrum. Mér finnst skemmtilegt að taka myndir af fuglum í náttúrunni og öðrum dýrum en hestar eru þó í uppáhaldi enda tengjast þeir bæði starfi mínu og áhugamáli," segir hún glaðlega.

Gabriele Boiselle tekur flestar myndir í dagatöl sín sjálf. „Ef hún hefur sjálf ekki tök á að ferðast til viðkomandi lands fær hún aðra til liðs við sig," segir Kolbrún, en Boiselle hefur til að mynda birt myndir eftir Ragnar Th. Sigurðsson. „Hún hefur það fyrir reglu að birta aldrei myndir af íslenskum hestum í dagatölum sínum nema þær séu teknar á Íslandi. Ég átti til dæmis mikið af myndum sem ég tók í Þýskalandi en þær komu ekki til greina," lýsir Kol- ▶



**KOLBRÚN** Dagatalið með myndum Kolbrúnar má finna í öllum hestavöruverslunum.




















**Í KOLBEINSDAL** Þessa mynd tók Kolbrún í Kolbeinsdal í Skagafirði.

► brún en Boiselle á sjálf 15 myndir í dagatalinu nýja.

Kolbrún segist hafa minni tíma til ljósmyndunar en hún hefði óskað enda nóg að gera við tamningar frá morgni til kvölds. „Áramótaheitið snýst um að leggja meiri áherslu á ljósmyndunina,“ segir hún kát í bragði.

Þeir sem vilja kynna sér nánar dagatöl Gabriele Boiselle geta farið á vefsíðuna www.editionboiselle.de. Dagatölin eru þekkt um allan heim meðal hestamanna sem margir hverjir safna myndunum og hengja á veggi þegar árið er liðið.

■ solveig@365.is



**HÁRPRÚÐUR** Stóðhesturinn Hökull frá Þorkelshóli.



**HROSS Í KLAKABRYNJU.**



**VETRARBYLTA.**

# VIKULEGAR HJÓLREIÐAFERÐIR

Hvern laugardag í vetur hafa verið skipulagðar hjólreiðaferðir frá Hlemmi í Reykjavík. Fyrsta ferðin var farin 21. september og sú fyrsta á nýju ári fer fram á morgun, laugardaginn 4. janúar. Mismunandi leiðir eru farnar í hvert skipti og tekur hver hjólreiðatúr eina til tvær klukkustundir. Það eru Landssamtök hjólreiðamanna og aðildarfélag þess, Hjólafærni, sem standa að hjólreiðatúrunum. Markmið þeirra er fyrst og fremst að hittast og læra af öðrum hjólreiðamönnum hversu auðvelt er að hjóla um höfuðborgarsvæðið. Áhersla er lögð á rólega hjólreiðastíga og götur auk þess sem þátttakendur eru hvattir til að spjalla saman og eiga rólegan dag. Vikulegum hjólreiðatúrum lýkur laugardaginn 26. apríl og kostar ekkert að taka þátt. Meðalhraði fer eftir hægasta hjólreiðamanni og því ættu allir að geta tekið þátt, ungir sem gamlir, vanir og óreyndir. Þátttakendur eru þó minntir á að mæta í hlýjum og skjólgóðum fatnaði og hafa ljós á hjólunum. Mæting er á Hlemmi milli kl. 10 og 10.15 og leggur hópurinn af stað kl. 10.15. Nánari upplýsingar má finna á vef Landssamtaka hjólreiðamanna, www.lhm.is, og á Facebook-síðunni LandssamtokHjolreidamanna.



**HRESSANDI HJÓLREIÐATÚR**
Hópurinn tók stutta pásu í Búrfellshrauni fyrr í vetur.
MYND/LHM

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

FÖSTUDAGUR
3. JANÚAR 2014

*Sigríður Indriðadóttir mannauðsstjóri*
**MARKMIÐ TIL AÐ LÁTA DRAUMANA RÆTAST 2**

*Lay Low, Baltasar og Vilborg Arna*
**VÖLVAN SKOÐAR OG SPÁIR Í KOMANDI ÁR 4**

*Elísabet Gunnarsdóttir, bloggari*
**ÆTLAR EKKI AÐ BORÐA MEIRA REYKT KJÖT 12**



# VÖLVUSPÁ LÍFSINS 2014

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?



**HLJÓMSVEITIRNAR** Retro Stefson, Sísý Ey og Hermigervill héldu uppi stuðinu í Vodafonehöllinni á Síðasta sjéns hinn 30. desember síðastliðinn. Meðal fjölmargra dansþyrstra tónleikagesta voru fjölmiðlamaðurinn **Helgi Seljan**, leikstjórinn Stefán Jónsson, tónlistarmaðurinn Emmsjé Gauti, Sigurður Eggertsson handboltakappi, **Guðlaugur Victor** fótboltakappi og **Ingibjörg Örlygsdóttir**, betur þekkt sem Inga á Nasa.







**Lífið**
*Hamingja, fólk og annað frábært*
Umsjón blaðsins: **Marín Manda Magnúsdóttir,** marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is: **Ellý Ármanns,** elly@365.is
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf.
Auglýsingar: Atli Bergmann,atlib@365.is
Hönnun: Silja Ástþórsdóttir, siljaa@frettabladid.is
Lífið: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**
Forsíðumynd: Íris Dögg Einarsdóttir www.irisdoggeinars.com
Förðun: Anna Kristín Óskars
Stílisti: Erna Bergman, www.ernabergmann.com
Fyrirsæta: Bríet Ólína
Fatnaður Keipur: Aftur
Samfella: By Malane Birger úr Evu
Netatoppur: Nostalgía
Hringar: Fashionology úr GK
Armbönd: Kría Jewelry úr Mýrinni
Hálsmen: Kría Jewelry úr Mýrinni
Höfuðskraut: Thelma Design úr Hringu Laugavegi 33.
Fjaðrir: Einkaeign

# FÓLK NOTUM MARKMIÐ TIL AÐ LÁTA DRAUMANA OKKAR RÆTAST

*Margir setja sér stórkostleg markmið og ýmis fyrirheit í byrjun árs. Bættur lífsstíll, að eyða meiri tíma með fjölskyldunni, að elska náungann og rækta hugann. Hver eru þín markmið fyrir 2014?*



Sigríður Indriðadóttir, mannauðsstjóri og Dale Carnegie-þjálfari.

Það besta við markmið er að þau hjálpa okkur við að láta drauma okkar rætast. Sumir halda að markmiðasetning sé ekki fyrir þá, en ef við gefum okkur tíma til að horfa inn á við og dusta rykið af draumunum þá getur markmiðasetning fært okkur á nýja og spennandi staði," segir Sigríður Indriðadóttir, mannauðsstjóri og Dale Carnegie-þjálfari. Sigríður segir frá því hvernig við eigum að sjá fyrir okkur í kollinum hverju við viljum áorka. Því skýrari sýn, þeim mun líklegra er að fólk nái settu marki. „Ef við sjáum okkur fyrir okkur í nýju aðstæðunum getum við strax farið að láta okkur hlakka til. Til að gera þetta raunverulegra er snjallt að prenta út mynd af því sem við viljum ná eða skrifa það á blað og líma á áberandi stað, til dæmis á ísskápinn eða við tölvuskjáinn til að minna sig stöðugt á drauminn, markmiðið sem maður er að stefna að." Hún bendir á að auðveldara sé að ná markmiðum sem eru vel skilgreind.
Sem Dale Carnegie-þjálfari hefur Sigríður unnið náið með fólki í gegnum tíðina við að ná sínum markmiðum og bendir á að gott sé að hafa SMART-markmiðasetningu til hliðsjónar.

Sigríður segir að oft geti verið gott að setja sér eitt yfirmarkmið í upphafi og brjóta það síðan niður í smærri hluta. Þannig gæti draumurinn sjálfur orðið yfirmarkmið þar sem nokkur undirmarkmið hjálpa til að að ná stóra markmiðinu. Það er hins vegar ekki nóg að setja sér markmiðin ein og sér. Til að ná þeim er mikilvægt að skilgreina hvaða leiðir við ætlum að fara. Og það er ekki síður mikilvægt að skrá það hjá sér. Sjálf segist Sigríður skrifa markmiðin sín og leiðir í skjal sem er vistað á netinu sem hún getur opnað hvar og hvenær sem er. Þannig getur hún fylgst með framvindu mála og skráð niður. „Stundum kemur nefnilega í ljós þegar við erum lögð af stað að eitthvað breytist eða tekur lengri tíma en við áætluðum í upphafi. Þá er mjög mikilvægt að stappa í sig stálinu, gleðjast yfir þeim árangri sem við erum búin að ná og skoða hvað gæti verið að hindra okkur. Út frá því er hægt að endurskrifa markmiðin sín og leiðirnar. Munum eftir að vera heiðarleg við okkur sjálf, gefa okkur klapp á bakið fyrir það sem við gerum vel og nota styrkleika okkar til að ná enn meiri árangri." Sigríður segir einnig að ákveðin einkunnarorð eða gildi sem maður hefur að leiðarljósi geti hjálpað við að ná settum markmiðunum. „Gott dæmi um þetta er það sem Vilborg Arna pólfari gerði fyrir ferð sína á suðurpólinn. Hún setti sér gildin jákvæðni, áræði og hugrekki, skrifaði þau stórum stöfum innan á tjaldið sitt og hafði að leiðarljósi á göngunni. Aðalatriðið er að nota markmiðin til að finna leiðir til að láta draumana rætast."

**S** stendur fyrir sértækt, þannig að hægt sé að skilgreina vel það sem við viljum ná.

**M** stendur fyrir mælanlegt, en það auðveldar fólki að mæla og meta árangurinn.

**A** stendur fyrir aðlaðandi, en það er að sjálfsögðu grundvallaratriði að okkur langi virkilega til að ná markmiðinu.

**R** stendur fyrir raunhæft sem auðveldar okkur að halda okkur á áætlun.

**T** stendur fyrir tímasett, en ef við ákveðum tímann fyrirfram er miklu líklegra að við leggjum meira á okkur til að ná markmiðum okkar á réttum tíma.



***Nína Dögg Filuppusdóttir, leikkona.***

„Markmið mín eru að halda áfram að vera glöð og njóta lífsins með mínum nánustu. Svo má alltaf lesa fleiri bækur og rækta huga, sál og líkama."



***Þórunn Högna, ritstjóri Home Magazine.***

„Árið 2014 verður frábært. Mitt markmið er að gera enn betur þetta árið. Ég stefni á að gera Home Magazine enn stærra og flottara blað. Mér finnst gaman að takast á við ný verkefni og nú þegar eru nokkur skemmtileg verkefni framundan á nýju ári – ég hlakka mikið til."

***Andrea Róbertsdóttir, MS-gráða í mannauðsstjórnun, móðir og allt hitt.***

Til að draumar rætist þarf maður fyrst að láta sig dreyma. Það er ljóst og ég set mér því reglulega krefjandi markmið en þau verða líka að vera raunhæf. Markmiðin 2014 verða SMART-ari sem aldrei fyrr, skýr, mælanleg, alvöru, raunhæf og tímasett. Ég set mér krassandi yfirmarkmið og síðan dúllulegri markmið fyrir hvern mánuð.



Hljómar rosalega rúðustrikað en markmiðasetning með dassi af flippi hefur hentað mér afar vel í gegnum tíðina. Mín skoðun er sú að heppni í lífinu skrifist á undirbúning og að lesa umhverfi sitt rétt. Dæmi um gömul markmið er til dæmis þegar ég kláraði MS-gráðu á góðum tíma með fullri vinnu. Annað dæmi er þegar ég fór ein í bakpokaferðalag um Asíu sem var einstök tilfinning. Varðandi markmiðin fyrir árið 2014 þá viðraði vel til starfsloka nýlega í starfi mínu sem forstöðumaður. Því er klárlega eitt af markmiðunum núna að finna nýtt og krefjandi starf sem ég get sinnt af ástríðu. Það sem einkennir markmiðin er annars þessi gamla tugga um að vaxa, gera betur í dag en í gær, vera ekki sofandi heldur vakandi og njóta í þessu lífi sem frussast áfram. Ég er ekki sú sem tíminn gleymdi – því er eins gott að fara að gera eitthvað."



***Helgi Ómarsson, ljósmyndari og bloggari***

„Áramótin skipta mig ótrúlega miklu máli. Í gegnum árin hef ég þróað með mér þann vana að gera upp öll mín mál fyrir nýja árið. Þakka fyrir þá aðila sem hafa gert mér gott, gera upp einhverja sorg, streitu eða áföll sem hafa legið á mér, fyrirgefa (eins erfitt og það getur verið), og jafnvel biðjast afsökunar á þeim særindum sem ég hef valdið. Svo ég reyni yfirleitt að ganga (eða hoppa, ég hoppa) inn í nýja árið laus við allan þunga.

Markmið mitt í ár er einfaldlega að bæta mig aðeins meira frá síðasta ári, verða aðeins betri, verða aðeins ánægðari, elska aðeins meira, ná aðeins meiri árangri andlega og líkamlega, gefa aðeins meira, njóta aðeins meira og almennt fylgja hjartanu.

Ég ætla mér ekki að strengja nein heit þannig séð, bara eins og ég segi, taka skref fram á við til að vera besta útgáfan af sjálfum mér sem ég get mögulega verið."

Allt fyrir útlitið
Gæti hentað þér?
Okkar vinsælu námskeið í förðun og umhirðu húðar eru að byrja aftur á nýju ári!
Fyrir þá sem vilja ná meiri tökum á förðun og umhirðu húðar.
Við bjóðum upp á alhliða námskeið sem miðað er út frá einstaklingum.
Farið verður í Grunn-, dag-, kvöld-, tísku-, skyggingar, og glamúrförðun og miklu, miklu meira.
Komdu til okkar og náðu þér í meiri þekkingu varðandi þitt útlit.
Námskeið fyrir alla aldurshópa.


Allar frekari upplýsingar hafið samband í síma eða með tölvupósti.
**Nee Make-up - Óm snyrtivörur ehf**
**Tunguvegi 19, 108 Rvk. • S: 568 0829 • om@om.is**



Leon 194 cm kr. ~~185.800~~ **nú 129.900**



Jazz sand 230 cm kr. ~~202.800~~ **nú 169.900**



Ashanti 213 cm kr. ~~232.800~~ **nú 162.900**



Shabby 240 cm kr. ~~418.300~~ **nú 292.800**

# ÚTSALA



Monet ruggustóll
kr. ~~76.800~~ **nú 53.700**



Adele armstóll
kr. ~~77.200~~ **nú 54.000**

AFSLÁTTUR AF SÓFUM BORÐUM STÓLUM OG SMÁVÖRU



Monet stóll
kr. ~~66.900~~ **nú 46.800**



Freyja hægindastóll
kr. ~~133.000~~ **nú 112.900**



Core sófaborð 100x100 cm kr. ~~107.200~~ **nú 79.900**
Core sófaborð 120x80 cm kr. ~~86.800~~ **nú 65.000**



Overlay borð 120x63 cm kr. ~~73.800~~ **nú 55.300**
Overlay borð 76x53 cm kr. ~~49.900~~ **nú 37.400**



Gyro Olive kr. ~~152.000~~ **nú 129.000**



Revir ákl. kr. ~~103.000~~ **nú 87.500**



Ebba borð kr. ~~59.600~~ **nú 35.800**



Dione kr. ~~106.000~~ **nú 84.800**

*Takmarkað magn af hverri vöru*

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 I 201 KÓPAVOGUR I SÍMI 553 7100 I LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 I LAUGARDAGA 11 - 16




# EFTIR HÖFÐINU DANSA LIMIRNIR

*Völva Lífsins lítur yfir komandi ár og spáir nýjum tækifærum, heiftarlegum náttúruhamförum, ferðamannastraumi til Íslands sem aldrei fyrr, mannskaða, ráðaleysi í stjórnmálum, íþróttaafrekum, veikindum, kærleik og nýjum erfingjum fræga fólksins.*



*Margt hæfileikaríkt og vel menntað fólk flytur af landi brott vegna sparnaðar og niðurskurðar bæði sjálfviljugt og nauðugt.*

Nýtt ár, 2014, heilsar okkur með hlýindum og miklum umhleypingum. Byrjun ársins einkennist af óróleika á vinnumarkaði, en mér sýnist að á því máli finnist farsæl lending stuttu fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. Atvinnuleysi mun minnka talsvert á árinu og ný atvinnutækifæri skapast víða um land. Mér sýnist þessar aðgerðir tengdar hafnar-, vega- og virkjanagerð.

Bestu mánuðir ársins fyrir þjóðina í heild eru apríl, maí og nóvember. Talan 7 er tala ársins 2014. Það er stöðugleikatala og margir telja 7 einnig vera heilaga tölu svo að árstalan lofar góðu. Ekki veitir af þar sem víða eru miklar róstur í heiminum.

Hér á landi verða engar heiftarlegar náttúruhamfarir en víða að utan megum við búast við fréttum af því þegar náttúruöflin sýna klærnar svo um munar. Þar er oft á tíðum öfgakenndu veðurfari um að kenna sem margir vilja setja í samband við hlýnun jarðar. Þar sé ég helst Asíu en einnig gæti Ameríka orðið fyrir barðinu á óblíðum öflum. Það verða bæði flóð og fellibyljir, meiri og öflugri en sést hefur áður.

Mikil efnahagsþensla heldur áfram í Kína og Japan. Árið 2014 er byrjun á miklum breytingum í þessum heimshluta með áframhaldandi þenslu með mikilli verðbólgu.

Óróleiki og átök einkenna Austurlönd nær og Mið-Afríku á árinu. Í Sýrlandi og löndunum þar í kring heldur stríðið áfram og mér sýnist Bandaríkin komi þar við sögu, sem eykur frekar á vandann. Í Mið- og Suður-Afríku verður allt á suðupunkti. Þar er mikil ógn á ferðum sem getur leitt til heimsstyrjaldar en þó ekki á árinu 2014. Bandaríkjaforseti tekur erfiða og umdeilda ákvörðun í október sem tengist stríðsátökum.

## Asíubúar hrifnir af Íslandi

Ferðamenn hafa aldrei verið fleiri en árið 2014. Ég sé marga koma frá Asíulöndunum, Kína og Japan. Þetta er velmegandi fólk sem eyðir miklum fjármunum hérlendis. Asía mun tengjast landinu okkar á fleiri vegu því ekki einungis mun ferðamannastraumurinn aukast heldur munu Kínverjar einnig eignast landsvæði hér á árinu. Það fellur ekki í góðan jarðveg hjá mörgum og mér sýnist það eiga eftir að hafa slæm eftirmál. Auk þess fá þeir landið á einstaklega hagstæðu verði. Þarna á eftir að rísa kínverskt samfélag sem hefur síður en svo góð áhrif á okkar samfélag.

Mikið verður rætt um verndun ferðamannastaðanna og uppbyggingu þar sem áníðslan er mest. Sett verður í gang verkefni til verndunar, þar eru atvinnulaus ungmenni virkjuð til góðra verka og má segja að af því sé tvöfaldur ávinningur.

Ný búgrein skýtur upp kollinum sem tengist jarðhita og á eftir að vaxa hratt og örugglega.

Erlendir laxveiðimenn verða einnig fleiri en nokkru sinni fyrr, enda meiri veiði í ám en verið hefur. Það er helst vegna þess að þurrkar verða ekki miklir. Allt sumarið verður býsna mikil úrkoma.

Matvara frá Íslandi á eftir að sigra heiminn á árinu. Það er ný afurð sem framleidd verður hér á landi, en fljótlega hefst framleiðsla í fleiri löndum. ▶

**LJÓMYNDARI** Íris Dögg Einarsdóttir (irisdoggeinars.com) **STÍLISTI** Erna Bergman (ernabergmann.com) **FÖRÐUN** Anna Kristín Óskars **FYRIRSÆTA** Bríet Ólína **FATNAÐUR** Keipur, Aftur **SAMFELLA** By Malane Birger úr Evu **NETATOPPUR** Nostalgía **HRINGAR** Fashionology úr GK **ARMBÖND** Kría Jewelry úr Mýrinni **HÁLSMEN** Kría Jewelry úr Mýrinni **HÖFUÐSKRAUT** Thelma Design úr Hringu Laugavegi 33 **FJAÐRIR** Einkaeign.








ÚTSALAN HEFST
Á MORGUN

# -40%

Skólavörðustíg 6 SUIT-REYKJAVÍK s. 527-2820

## ▸ Sumarið felur sig

Mikill snjór verður víða á landinu í febrúar og mars. Á suðvesturhorninu verður veturinn erfiður en vorið kemur í apríl, eftir mikið páskahret. Um páskana verður erfitt tíðarfar um mestallt land. Þar sleppur norðausturhornið best. Sumarið verður best á Norður- og Austurlandi. Þar verða hlýindi og alvöru sumar. Á Vesturlandi og Vestfjörðum verður vorið og framan af sumri mjög kalt, en á Suðurlandi og suðvesturhorninu verður sólarlítið og úrkomusamt og ekki hægt að segja að þar sé mikið sumarveður. Seinni hluti ágústmánaðar verður góður, sólríkur og hlýr.

## Miklir eldsvoðar

Slysfarir á landi verða talsverðar á árinu. Ég sé slys sem tengist jöklum á Suðausturlandi og einnig verða fleiri umferðarslys en tvö síðastliðin ár. Mannskaði á sjó verður í mars, þar er um að kenna ofsaveðri sem kemur nokkuð skyndilega. Reyndar fáum við mikið af kröppum lægðum í febrúar og mars, mun meira en oft áður. Haustið verður úrkomusamt sunnan- og vestanlands.

Eldsvoðar verða mun fleiri en mörg undanfarin ár. Ekki sé ég manntjón nema á einum stað en oft má litlu muna. Stórt fyrirtæki í einkaeigu mun laskast mikið í eldi, það gerist um mitt sumar.

## Sjávarútvegurinn malar gull

Olíuleit sem búið er að tala um í áratugi verður að veruleika og þó að engin olía finnist á þessu ári verður leitin komin vel á veg í árslok og eykur það bjartsýni á stóru svæði norðan- og norðaustanlands. Þessi leit á eftir að létta okkur efnahagslífið síðar.

Einnig verður sjórinn gjöfull. Breytingar verða gerðar í sjávarútveginum sem skila miklu í þjóðarbúið. Ný fisktegund eða sjávarafurð mun gefa vel af sér. Sett verður á laggirnar fyrirtæki sem vinnur nýja vöru úr sjávarhráefni. Það er eitthvað í sambandi við skelfisk. Þessi verksmiðja á eftir að mala gull. Þetta hefst á árinu en fyrirtækið á eftir að auka sinn hag áfram um langt skeið og skapa mikla atvinnu, bæði úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu.

### ERFIÐAR ÁKVARÐANIR



**Illugi Gunnarsson** menntamálaráðherra tekur afdrifaríkar ákvarðanir í menntamálum þjóðarinnar. Þær ákvarðanir eiga eftir að draga dilk á eftir sér og eru síður en svo til bóta fyrir íslenskt samfélag. Stefna í menntamálum sem mótuð verður á árinu ber vott um ótrúlegt skilningsleysi á menntun.

### MAÐUR ATHAFNA



**Kristján Þór Júlíusson** heilbrigðisráðherra reynir af fremsta megni að bjarga því sem bjargað verður í heilbrigðismálum. Þar er mjög alvarleg staða og mun verri en látið er í veðri vaka. Hann hefur lítið svigrúm en tekst að halda í horfinu og vonandi liggur leiðin heldur upp á við. Hann er sá ráðherra sem er fremur maður athafna en orða í þessari ríkisstjórn.

### UMDEILD Á ÁRINU



**Vigdís Hauksdóttir,** formaður fjárlaganefndar, verður mjög umdeild á árinu. Hún lætur ýmislegt flakka sem hægt er að nudda henni upp úr seinna og er það óspart gert. Hún mætti að ósekju tileinka sér að „kapp er best með forsjá“. Það verður líka erfitt að vera framsóknarmaður árið 2014.

### DREGUR SIG Í HLÉ



**Forsetinn** okkar hefur sig lítið í frammi á árinu. Ég skynja að hann sé ekki eins heilsugóður og hann hefur verið, en það er ekki alvarlegur sjúkdómur, að minnsta kosti ekki á 21. öldinni.



**VINSÆLT KVIKMYNDAHANDRIT Jón Gnarr** segir skilið við stjórnmálin eftir sveitarstjórnarkosningarnar. Hann fer úr stólnum reynslunni ríkari og fer á fullt að semja leikrit og handrit að kvikmynd. Hvort tveggja á eftir að ná miklum vinsældum hér heima og kvikmyndin fer einnig á erlendan markað.

## Ráðaleysi í stjórnmálum

Ríkisstjórnin er í kröppum dansi og hrædd er ég um að stjórnarslit verði á árinu. Nýjustu aðgerðir í skuldamálum eru til þess fallnar að auka á úlfúð og misrétti í samfélaginu, þannig að þegar almenningur áttar sig á hvað í tillögunum felst verða margir sárir. Reiði almennings eykst í garð þeirra ríku á árinu, sem fá mest út úr aðgerðunum. Stjórnarandstaðan er máttlaus í andófinu og þegar á heildina er litið verður mikið ráðaleysi í stjórnmálunum. Í sveitarstjórnarkosningunum verða ekki afgerandi breytingar. Ég held að Dagur B. Eggertsson verði næsti borgarstjóri í Reykjavík, en mjótt verður á munum að sjálfstæðismenn komi sínum manni í borgarstjórastólinn. Úti á landi verða litlar breytingar yfirleitt nema á Akureyri þar sem skipt verður um svo um munar í kosningunum á komandi vori.

## Stjórnmálamenn í sviðsljósinu

Stjarna **Sigmundar Davíðs** fellur hratt og má líkja við stjörnuhrap. Hann dregur sig í hlé eftir stjórnarslitin.

**Bjarni Benediktsson** á einnig erfitt ár fram undan. Hann verður feginn að hluta þegar stjórnin fellur, en lætur ekki á neinu bera. Hann verður þó formaður flokksins og einnig í næstu ríkisstjórn.

**Hanna Birna** innanríkisráðherra lætur til sín taka í mörgum málum sem tengjast málefnum landsins. Hún talar sínu máli fumlaust að vanda en fær því miður ekki nægan hljómgrunn fyrir sínu máli. Hún mun þó koma vegarkafla í framkvæmd sem beðið hefur verið lengi eftir, þó allir séu sammála um að nauðsynlegt sé að leggja þennan veg.

**Gunnar Bragi Sveinsson** á eftir að vaxa í starfi sem utanríkisráðherra. Mér sýnist hann kominn til að vera í stjórnmálum. Hann tekur ákvörðun fyrri hluta árs sem er af hinu góða og setur nafn hans á spjöld sögunnar.

**Sigurður Ingi Jóhannsson** mun reyna að blása nýju lífi í sjávarútveginn og tekst að hluta að virkja almenning til dáða með breyttum áherslum í kvóta- ▸



**FLYTUR ÚR LANDI Þóra Arnórsdóttir** er komin með nóg af Íslandi í bili og flytur búferlum með alla sína fjölskyldu. Ég held að þau fari til Ástralíu og af henni fréttist lítið á árinu.



**SLÁ Í GEGN Björk Eiðsdóttir** og Elín Arnar hjá Man Magasín eiga í vandræðum með blaðið á árinu. Þau venda sínu kvæði í kross og hefja útgáfu á annars konar blaði samhliða því gamla. Nýja blaðið slær í gegn og varir þeirra velgengni lengi.



▶ málum. Honum er þó þröngur stakkur sniðinn vegna peningaaflanna í greininni sem vilja engar breytingar. Í landbúnaði gengur betur hjá honum að afleggja mjólkur- og kjötframleiðslumark, en ekki eru þó allir sáttir. Hann á því erfitt verkefni fyrir höndum á árinu, sem tekst þó furðanlega vel miðað við aðstæður.

**Eygló Harðardóttir** lætur lítið að sér kveða sem félags- og húsnæðismálaráðherra. Hún stendur í skugga niðurskurðar og forgangsröðunar í samfélaginu sem ekki er vinveitt þeim sem minnst mega sín. Hún er ekki ánægð með sína stöðu, en fær engu breytt. Húsnæðisvandinn mun vaxa mikið seinni hluta ársins, Gerðar verða breytingar á Íbúðalánasjóði sem munu ekki létta undir með þeim sem verst eru settir í skuldamálum. Mér sýnist bankarnir koma þar við sögu. Hún er ekki ánægð með þessa niðurstöðu og tekur þá afstöðu að vera sem minnst sýnileg á árinu.

## Fjölmiðlar

**Páll Magnússon** hefur sig ekki í frammi framan af ári og hugsar sitt ráð. Hann á eftir að láta að sér kveða í fjölmiðlum þegar líður á árið og mun gefa út bók sem reynt verður að setja lögbann á, en tekst ekki. Þar flettir hann ofan af málum sem mun koma sér illa fyrir framámenn í íslensku samfélagi. Nýr útvarpsstjóri verður ráðinn og verður það mál manna að þar sé pólitísk ráðning á ferðinni. Það verður ekki sátt um hann þannig að heldur verður andrúmsloftið í Efstaleitinu rafmagnað. Nýr útvarpsstjóri mun eiga mjög erfitt uppdráttar og er ekki öfundsverður.

**Tobba Marinós** eignast stúlkubarn í lok júní og allt gengur að óskum. Skjár 1 berst þó í bökkum. Sýningar á The Biggest Loser verða ekki eins mikið happafé og vonast var til. Þættirnir bæta ástandið lítið. Ég skynja miklar breytingar og peningavandræði á stöðinni nánast allt árið.

**Stöð 2** á í vök að verjast, en einhvern veginn tekst betur þar og fjárhagur stöðvarinnar fer heldur batnandi á árinu. Ísland Got Talent á Stöð 2 verður það vinsælasta á stöðinni á komandi ári og þar nær þessi fjölmiðill hæstu hæðum. Ekki skemmir fyrir að dómararnir verða ekki alltaf sammála þannig að fólki finnst þeir vera marktækir. Sá dómari sem umdeildastur og flottastur verður er Jón Jónsson. Bubbi er þarna, góður að venju og einnig á Þórunn Antonía góða spretti. Mér sýnist Þorgerður Katrín ekki taka þátt sem dómari. Í hennar stað kemur kona sem dvalið hefur erlendis undanfarin ár.

**Marta María Jónasdóttir** á erfitt í einkalífinu á árinu. Þar eru breytingar sem hún þarf að ganga í gegnum en í lok árs er hún nokkuð sátt. Smartland á mbl.is gengur einnig í gegnum breytingar og mér sýnist að hún hverfi úr þeim stól á árinu að eigin ósk.

**Logi Bergmann** er ekki ánægður á árinu. Þar er margt að gerjast, ekki munu þó nein stórtíðindi frá honum á árinu.

**Hraðfréttadrengirnir Benedikt og Fannar** halda áfram með sínar hraðfréttir og ná áframhaldandi vinsældum hjá unga fólkinu. Þeir verða með fréttirnar allt árið og eitthvað fleira í svipuðum dúr.

**Friðrik Dór** mun breyta um stíl og aðdáendahópurinn verður talsvert eldri. Hann verður ánægður með ársverkið 2014.

**Rikka** verður mjög sýnileg á árinu. Hún verður mikið í fjölmiðlum með alla vega tvo vinsæla þætti.

**Sverrir Þór Sverrisson „Sveppi“** heldur áfram að framleiða skemmtiefni sem höfðar til fólks, bæði ungs og gamals. Hann gefur út disk á árinu sem á eftir ▶



## VINN AÐ NÝJU EFNI NÆSTU MÁNUÐI

**Of Monsters and Men** verður mikið að þróa sína vinnu á árinu þannig að þau verða ekki eins sýnileg og oft áður. Ég sé tónleikaferð hjá þeim í sumar og þar gengur allt upp.



## ÞARF AÐ SKIPULEGGJA EINKALÍFIÐ

**Ásgeir Trausti** verður nánast á hlaupum allt árið. Hann fær fullt af góðum tækifærum en mér sýnist hann þurfa að skipuleggja sig betur svo hann nái að lifa líka sjálfur með sínum.





FRAMHALDSNEMENDUR OG NÝNEMAR

**Jazzballett**

- Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir stelpur og stráka frá 6 ára aldri
- Í boði eru byrjenda- og framhaldshópar á aldrinum 6-8 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára og 16+
- Uppbyggileg dansþjálfun sem veitir svigrúm til sköpunar og frelsi til tjáningar
- Allir nemendur taka þátt í glæsilegri nemendasýningu í Borgarleikhúsinu á vorönn.

**Dansstudio JSB 20+**

- Jazz- og nútímadans fyrir 20 ára og eldri
- Varst þú í jazzballett á þínum yngri árum og langar að halda áfram að dansa ?
- Fjölbreytt og skemmtilegt 13 vikna dansnámskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Tímabil: 13. janúar - 10. apríl
- Bónus - Frír og ótakmarkaður aðgangur að tækjasal JSB og í líkamsræktartíma í opna kerfinu á meðan á námskeiðinu stendur.



**Forskóli fyrir 4-5 ára**

Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir börn á aldrinum 4-5 ára.
Dansgleði og hreyfifærni nemenda virkjuð í gegnum dans og leiki.

**Nám og kennsla**

Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi.
Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

**Kennslustaður:**

- *Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll.*

**Kennsla hefst 9. janúar, vertu með!**

Rafræn skráning á jsb.is, nánari upplýsingar í síma 581 3730

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB
DANSLISTARSKÓLI

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*



**NÝJAR HUGMYNDIR Björk Guðmundsdóttir** kemur fram á sjónarsviðið eftir hlé á útmánuðum. Þar kveður við nýjan tón, sem á eftir að slá í gegn. Hún virðist alltaf geta hitt í mark með sínum vinnubrögðum. Þarna er einhver ný tækni á ferðinni, sem ég sé ekki nógu vel hvað er.



**TVENN VERÐLAUN Benedikt Erlings** er á fullu með klárinn. Hann á eftir að hljóta að minnsta kosti tvenn eftirsótt verðlaun fyrir myndina á árinu og mun taka að sér gerð annarrar myndar sem er einnig mjög góð landkynning ásamt því að vera listaverk. Konan hans er líka með aðalhlutverk í þeirri mynd og á stórleik svo sem búast má við af þessari hæfileikaríku konu.



**HITTIR LÍFSFÖRUNAUTINN Lay Low** verður ekki mikið áberandi fyrr en í lok árs. Haustið 2014 verður hennar tími. Mér finnst hún hitta lífsförunautinn sinn á árinu.

▶ að fara sigurför um landið.

## Tónlistarfólk

Hljómsveitin **Hjaltalín** mun leysast upp í núverandi mynd. Þar er ósamkomulag og breyttar forsendur ástæðan, en brot af sveitinni sameinast annarri hljómsveit, en ég sé ekkert sérstakt koma út úr því dæmi.

**Ragnheiður Gröndal** verður minna í sviðsljósinu en oft áður. Hún mun þó koma fram og syngja. Einnig gefur hún út disk sem mun njóta mikilla vinsælda.

**Páll Óskar** mun eiga mjög gott ár í einkalífinu. Hann heldur áfram í tónlist og söng. Mér finnst hann fara í nám á árinu.

**Sigur Rós** mun spila mest erlendis á árinu og hefur oft komið meira frá þeirri hljómsveit, en það sem kemur er vandað og gott.

Í **Eurovision** sýnist mér austurblokkin vinna. Ég held Pólland. Frá Íslandi fer frítt föruneyti með ágætislag sem hafnar í 13. sæti.

**Greta Salóme** verður lítið í sviðsljósinu á árinu. Hún er ekki alveg nógu heilsugóð. Hún er kannski að fá svolítið bakslag þó seint sé, en hún rífur sig upp úr þessu og seinni hluti ársins er mun betri hjá henni en sá fyrri. Hún heldur áfram að vinna í sambandi við tónlist.

**Sigríður Thorlacius** söngkona hefur mikið að gera fyrri hluta ársins, en svo dregur hún sig í hlé um stundarsakir, en hún kemur aftur í sviðsljósið seinna.

**Mugison** hefur hægt um sig. Hann er að hugsa sitt ráð meirihluta ársins. Hann er þó eitthvað í samstarfi við Jónas Sig á árinu. Það gengur ágætlega en í árslok er hann kominn inn á nýjar og ótroðnar slóðir. Þar koma erlendir tónlistarmenn við sögu.

**Ólafur Arnalds** tónlistarmaður hefur fullt að gera, en mest erlendis. Hann mun þó eiga heima á Íslandi.

Hljómsveitin **Kaleo** mun halda áfram að semja og flytja tónlist. Hún verður vinsæl fyrir plötu sem kemur út í ágúst. Október er besti mánuður ársins hjá þeim félögum.

## Menning og listir

**Vesturportshópurinn** með Gísla Örn í fararbroddi gerir það gott, aðallega erlendis, á árinu. Tvö ný verk verða sett upp erlendis og njóta mikilla vinsælda.

**Atli Örvarsson** og **Jóhann Jóhannsson** tónskáld verða tilnefndir til Óskarsverðlauna fyrir kvikmyndatónlist sína í Hollywood, en hljóta ekki verðlaun að þessu sinni.

**Tyrfingur Tyrfingsson** skáld er rétt að byrja. Fyrsta verk eftir hann verður frumsýnt á næsta ári. Það verður snörp ádeila með gamansömu ívafi. Hann mun hljóta góða dóma en snýr sér að handritagerð fyrir kvikmyndir í framtíðinni.

**Aníta Briem** eignast barn á fyrstu dögum nýs árs, gullfallega og efnilega stúlku. Hún heldur sínu striki nokkurn veginn vestanhafs á árinu, en tekur sér frí frá bransanum í desember og fer að því loknu inn á nýjar brautir, sem mun reynast henni vel. Hún er hæfileikarík og flott manneskja, sem á eftir að leggja heiminn að fótum sér, ef svo má segja.

**Darri Ingólfsson** leikari heldur áfram á framabraut enda orðinn býsna þekktur eftir leik sinn vestanhafs á árinu 2013. Hann getur valið úr þremur tækifærum þar vestra á árinu þannig að hann getur ekki kastað upp krónu.

**Sigurjón Sighvatsson,** kvikmyndaframleiðandi verður meira hér á landi en oft áður. Hann mun leggja í miklar framkvæmdir á Eiðum og ég sé fyrir mér að hann útbúi kvikmyndaver.

**Halla Vilhjálmsdóttir** leik- og söngkona heldur áfram að klífa ▶



**TILNEFND TIL VERÐLAUNA Saga Garðarsdóttir** leikkona verður störfum hlaðin á árinu og á eftir að hljóta verðlaunatilnefningu fyrir leik sinn í erlendri kvikmynd.



**ÁFRAMHALDANDI VELGENGNI Baltasar Kormákur** er enn í mikilli uppsveiflu. Hann mun taka að sér leikstjórn í stórmynd á árinu. Hann hlýtur verðlaun fyrir það hlutverk og getur valið úr verkefnum hér eftir. Hann verður lítið í vinnu á Íslandi á árinu, en þeim mun meira erlendis. Mikil velgengni hjá honum.



**TÆKIFÆRIN ALLS STAÐAR Ólafur Darri Ólafsson** verður áberandi persóna á árinu. Hann mun leika í nánast hverri kvikmynd sem framleidd verður á landinu. Einnig sýnist mér hann vera að færa sig vestur á bóginn í kvikmyndaleik. Hann gengur í gegnum einhverjar þrengingar í sambandi við heilsufar þegar líða tekur á árið. En í árslok er hann eldhress og tækifærin bíða handan við hornið.

# Apótekið þitt

## í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.




Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

**Afgreiðslutími:**
9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



**GEFUR ÚT BÓK** **Vilborg Arna Gissurardóttir** pólfari mun skrifa bók um reynslu sína, sem verður með söluhæstu bókum á árinu. Hún tekst á við nýjar áskoranir, en nú er það á norðurslóðum.

fjöll. Eftir suðurskautið skrifar hún kvikmyndahandrit, þar leikur hún sjálf einnig eitt af aðalhlutverkunum. Þessi mynd verður alþjóðleg og sýnd í mörgum löndum þannig að Halla skýst leiftursnöggt á toppinn.

## Afreksfólk í íþróttum

Íslenskir íþróttamenn koma víða við á árinu. Skíðafólk fer til keppni erlendis og nær lengra en nokkru sinni fyrr, einnig koma keppendur á skíðalandsmót hjá okkur víða að. Verður það mót stærra og meira en verið hefur lengi. Ég sé mikla uppbyggingu einhvers staðar á Norðurlandi í sambandi við skíðaíþróttina en það er ekki á Akureyri. Sennilega í Skagafirði. Þar rísa mikil mannvirki og verður þetta nýr og vinsæll áfangastaður skíðamanna á næstu árum.

**Gunnar Nelson** sigrar sterkasta mann heims. Hann verður á toppnum þó nokkuð enn, en nær að hætta áður en hann er farinn að heilsu og kröftum. Ákaflega farsæll náungi.

**Eiður Smári** snýr sér að þjálfun en það er ekki á Íslandi. Mér finnst alltaf Bandaríkin birtast hjá honum.

**Halldór Helgason** snjóbrettakappi gerir garðinn frægan í Evrópu og Ameríku á árinu. Hann lendir í verðlaunasæti í Evrópu en heldur neðar á listanum vestanhafs.

**Lars Lagerbäck** reynist ágætlega sem þjálfari íslenska landsliðsins, þó það komist ekki á verðlaunapall sjá menn miklar breytingar til batnaðar undir hans stjórn. Mér sýnist hann halda út árið, en lengur er ég ekki viss um að hann verði. Íslenska karlalandsliðið í heild sinni verður nokkuð öflugt á árinu. Þeir taka þátt í Evrópukeppni en ná ekki verðlaunasæti.



**EKKI NÓGU ÁNÆGÐ**
**Annie Mist** verður ekki nógu ánægð í einkalífinu. Þar gengur ekki allt eins og hún vill hafa það, en hún sýnir mikinn dugnað á árinu og hefst handa við nýtt verkefni sem mörgum líst ekki á en hún á eftir að slá rækilega í gegn með þetta viðfangsefni þótt það gerist ekki á árinu 2014.




**SÖÐLAR UM SÍÐLA ÁRS**
**Gylfi Þór Sigurðsson** fótboltamaður heldur áfram með sínu liði og verða engar stórbreytingar hjá honum fyrr en í október. Þá söðlar hann algerlega um en hvert hann fer er ekki tímabært að tjá sig um, hann hefur marga kosti í stöðunni.



**EFTIRSÓTT Í EVRÓPU**
**Aníta Hinriksdóttir** á mjög gott ár fram undan. Hún vinnur stórt mót í Evrópu á árinu og verður framarlega í öðru hlaupi sem ég er ekki viss um hvar er.



**LEGGST UNDIR FELD**
**Aron Einar** fer sér hægt og hugsar sitt mál. Það má segja að hann leggist undir feld, en í apríl tekur hann ákvörðun sem á eftir að verða góð fyrir framtíð hans í fótboltanum.

## Umtalaðir og frægir

**Biskupnum** vegnar vel, það var mikið gæfuspor fyrir íslensku þjóðkirkjuna að fá svona heilsteypta manneskju í þetta æðsta kirkjunnar embætti. Hún mun vekja athygli á árinu fyrir málefni í þágu friðar í heiminum.

**Ari Eldjárn** lætur lítið fyrir sér fara fyrri hluta ársins. Hann er að sinna öðru hlutverki en fyrir jólin mun hann koma sterkur inn.

**María Birta** verður mjög önnum kafin og með mörg járn í eldinum. September kemur upp sem hennar happamánuður.

**Steindi Jr** slær enn og aftur í gegn á árinu. Hann á mjög gott og gjöfult ár fram undan og kemur með nýjan smell seinni hluta ársins.

**Óli Geir** mun reyna að halda tónlistarhátíð á árinu en þar er þungt fyrir fæti þar sem margir eiga inni hjá honum enn. Mér sýnist hann vera reynslunni ríkari og hátíðin og allt í kringum hana tekst þokkalega.

Fatahönnuðurinn **JÖR** kemst víða á spjöld sögunnar á árinu þegar hann hannar föt fyrir fræga kvenpersónu, sem er okkur að góðu kunn. Hann á bjarta framtíð fyrir sér í fatahönnunarbransanum. Hann er bara rétt að byrja.

**Fegurðardrottning Íslands** verður kjörin að venju og sjaldan hafa jafn margar fríðar og vel menntaðar stúlkur tekið þátt. Sú sem ber sigur úr býtum er ekki þekkt í dag en verður glæsilegur fulltrúi Íslands í alheimskeppninni. Þar held ég að hún komist á verðlaunapall.

Í lok árs má segja að þjóðinni hafi lítið miðað á árinu. Hve bágt efnahagsástandið er, er orðið sýnilegra en síðastliðið ár. Atvinnuleysi hefur þó heldur minnkað. Margt hæfileikaríkt og vel menntað fólk flytur af landi brott vegna sparnaðar og niðurskurðar bæði sjálfviljugt og nauðugt. Úrbætur í skuldavanda heimilanna koma þeim ekki að gagni eins og látið var í veðri vaka í kosningabaráttunni. Þetta fólk flytur burt ef það sér þess nokkurn kost og byrjar nýtt líf.

Við erum í kröppum dansi, hann þarf að dansa, „eftir höfðinu dansa limirnir“ er fleyg málsgrein. Ég bið ráðamenn þjóðarinnar að hafa það hugfast í sínum störfum. Ekki taka eiginhagsmuni og skyndilausnir fram yfir vel ígrundaðar ákvarðanir. Við þurfum jú ætíð að skoða hvar hver vegur endar.



**ERFIÐ ÁSTAMÁL**
**Ásdís Rán** finnur illa taktinn á árinu. Þetta verður ekki hennar besta ár, það eru einhver ástamál sem fara illa með hana. Hún stendur þó á traustum fótum og spjarar sig vel um áramótin og árið 2015 verður frábært hjá henni.



**EIGNAST DRENG** Hjá **Yesmine Olsson** verða miklar breytingar á árinu. Mér sýnist hún eignast dreng í júní. Hún verður því mest í móðurhlutverkinu síðari hluta ársins og er ekki alveg nógu hress á meðgöngunni, en allt fer vel.



**FÆR MEIRI ATHYGLI**
**Hildur Lilliendahl** heldur áfram með úrklippusafnið sitt og verður enn meira áberandi á árinu en því síðasta. Hún þróar vinnu sína mjög mikið á árinu og ég sé hana standa í forsvari á stórri ráðstefnu erlendis.



**VON Á BARNI Í FJÖLSKYLDUNNI**
**Solla á Gló** verður áfram ástfangin allt árið. Veitingahúsið hennar gengur vel og ég sé hana opna nýjan stað í sumar. Mér finnst einnig að það bætist við barn í fjölskyldunni undir lok ársins. Það er mikil hamingja yfir þessari konu.

# Veiðivörur.is

Síðumúli 37
581-2121

Reykjavík • Akureyri

Hafnarstræti 99
462-1977

Opið Mánudaga til Föstudaga frá 10 til 18 og Laugardaga frá 10 til 16

# Stór útsala 20-70% afsláttur



**Vision Kura Vöðlutilboð**
Útsöluverð: 51.870
Verð áður: 79.800



**Vision Keeper Vöðlusett**
Útsöluverð: 34.320
Verð áður: 52.800



**Norfin Neopran vöðlur**
Útsöluverð: 14.994
Verð áður: 24.990



**Norfin nælon vöðlur**
Útsöluverð: 9.594
Verð áður: 15.900



**Vision Deep Fluguveiðihjól**
Útsöluverð: 11.635
Verð áður: 17.900



**Vision HDC Varioverse Fluguveiðihjól**
Útsöluverð: 64.935
Verð áður: 99.900



**Vision Loikka Vöðluskór**
Útsöluverð: 23.985
Verð áður: 36.900



**A. Jensen Gacka Fluguveiðihjól**
Útsöluverð: 9.900
Verð áður: 16.990



**Vision Opas Vöðlujakki**
Útsöluverð: 38.935
Verð áður: 59.900



**Vision Keeper Vöðlujakki**
Útsöluverð: 14.885
Verð áður: 22.900



**Vision Caribou Vesti**
Útsöluverð: 12.993
Verð áður: 19.990



**Vision Nite Einhenda**
Útsöluverð: 28.535
Verð áður: 43.900



**Hollyday Stóll**
Útsöluverð: 1.194
Verð áður: 1.990



**Allir spúnar á 40% afslætti**



**Norfin Expert Camo Galli**
Útsöluverð: 35.940
Verð áður: 59.900



**Norfin Camo Innanundirfatnaður**
Útsöluverð: 5.940
Verð áður: 9.900



**Norfin Thermo Line Innanundirfatnaður**
Útsöluverð: 5.940
Verð áður: 9.900



**Norfin Winter Line Innanundirfatnaður**
Útsöluverð: 8.994
Verð áður: 14.990



**Salmo Dorgveiðistöng**
Útsöluverð: 1.194
Verð áður: 1.990



**Norfin Mannbroddar**
Útsöluverð: 4.794
Verð áður: 7.990



**Scarpa Ladakh GTX Gönguskór**
Útsöluverð: 49.900
Verð áður: 59.900

WILLIAM JOSEPH — 35% afsláttur
NORFIN — 40% afsláttur
VISION FLY FISHING — 35% afsláttur
A.Jensen — 35% afsláttur
SALMO — 40% afsláttur
ZEBCO Let's go fishing. — 35% afsláttur




## Elísabet Gunnarsdóttir

**ALDUR:** 26 ára
**STARF:** Bloggari og annar eigandi vefsíðunnar Trendnet.is

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Dóttur mína þegar við vöknuðum í morgun.

**En kysstir?** Ég kyssti manninn minn kveðjukossi í nótt þegar hann fór til útlanda yfir helgina.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Mágur minn þegar hann tók á móti okkur fjölskyldunni með innisprengju á gamlárskvöld sem varð til þess að við hrukkum í kút.

**Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi?** Það er gott að umbera galla sína og ég á nóg af þeim. Ég ætla glöð að umbera þá áfram.

**Ertu hörundsár?** Já, ég held að ég sé smá hörundsár. Fer kannski eftir aðstæðum.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Ég dansa mjög reglulega með dóttur minni á stofugólfinu heima. Hún stjórnar ferðinni.

**Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig?** Ég geri mig mjög oft að fífli á handboltaleikjum hjá manninum mínum þar sem ég læt hátt í mér heyra á íslensku innan um þúsundir Frakka sem horfa á mig með undrunarsvip.

**Hringirðu stundum í vælubílinn?** Já, ég á það til.

**Tekurðu strætó?** Nei, ég hjóla. Það er miklu betra!

**Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag?** Ég nota Facebook mjög mikið í vinnunni og líka til þess að halda sambandi við fólkið mitt á Íslandi. Það er mismunandi frá degi til dags hversu miklum tíma ég eyði þar.

**Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim?** Ég fer ekki hjá mér en finnst ég stundum þekkja viðkomandi (þó að ég geri það alls ekki) og brosi því mögulega meira en annars.

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina? Borða reykt kjöt.** Eins spennt og ég verð í desember eftir jólamatnum þá er ég jafn spennt fyrir því að borða léttari fæðu með hringana á fingrunum núna um helgina.

## HELGARMATURINN KÍNÓA MEÐ STEIKTUM SVEPPUM OG GRÆNMETI

*Auður Eva Auðunsdóttir* *snyrtifræðingur og jógakennaranemi ætlar að vera duglegri í hollu og góðu mataræði á nýju ári. Hún segir móður sína hafa bent henni á áhugaverða síðu Margrétar Leifsdóttur heilsumarkþjálfa en þar sé að finna spennandi uppskriftir að ýmsum réttum en þessi uppskrift er einmitt frá henni. Kínóarétturinn er bragðgóður og stútfullur af næringarefnum sem við þörfnumst og ekki skemmir fyrir hve mettandi hann er.*



**1 bolli kínóa (þess má geta að kínóa er mjög góður próteingjafi)**
**1 lífrænn grænmetisteningur**
**1 laukur**
**2 handfyllir niðurskornir sveppir**
**1 brokkólíhaus**
**½ poki gulrætur**
**½ hvítkálshaus**
**olía til steikingar**

Aðferð
Laukur skorinn smátt og steiktur úr góðri olíu í potti. Þegar hann er orðinn glær er kínóa, vatni og grænmetiskrafti bætt út í pottinn. Tekið af hellunni þegar kínóa er soðið og látið bíða.

Sveppir
Sveppir (helst íslenskir) sneiddir í þunnar sneiðar og snöggsteiktir. Kryddað með miklum pipar og smá maldonsalti.

Hvítkálsgrænmeti
Brokkólí og gulrætur steikt í nokkrar mínútur, síðan er niðursneiddu hvítkáli bætt í. Látið malla þar til hvítkálið er orðið mjúkt. Kryddað með óskakryddunum. Öllu blandað saman í eina skál og ristuðum furuhnetum stráð yfir.

Það er mjög gott að krydda réttinn með smávegis af tamarisósu.




STERKUR OG BRAGÐMIKILL – EN LÍKA MILDUR OG FROÐUKENNDUR
BAKARÍIÐ
JÓHANNES HAUKUR
RÚNAR FREYR
LAUGARDAGSMORGNA
FRÁ 9 TIL 12
BYLGJAN
989



STÆRSTU MERKIN
Í TÖLVUTEK ERU ÖLL STÆRSTU MERKIN Í FARTÖLVUM Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI
KB-12506
TE69
• AMD Kabini Dual Core E1-2500 1.5GHz
• 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 500GB SATA2 5400RPM diskur
• 15.6" HD LED Ultrabright 1366x768
• 2GB ATI HD8240 DX11 skjákjarni
• 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
• 720p háskerpu vefmyndavél
• Lyklaborð með sjálfstæðu talnaborði
• Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum
79.900
MEÐ QUAD CORE 99.900
NÝ KYNSLÓÐ
ÖRÞUNN AÐEINS 18mm OG FISLÉTT
7450121
BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ
V5-573G
• Intel Core i7-4500U 3.0GHz Turbo 4xHT
• 12GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
• 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
• 4GB GeForce GT750M leikjaskjákort
• Lyklaborð, Acer Zoom Perfect snertiflötur
• 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
• 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
• Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
199.900
MEÐ i5 & 500GB 169.900
NÝ KYNSLÓÐ
ÖRÞUNN AÐEINS 18mm OG FISLÉTT
85558G1
V5-552
NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA
Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 4ra kjarna örgjörva ásamt einum öflugasta skjákjarna í heimi og ótrúlegu hljóðkerfi.
30% STÆRRI SNERTIFLÖTUR
KEMUR Í PREMUR LITUM
• AMD A8-5557M Quad Core 3.1GHz Turbo
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
• 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
• 4GB ATI HD8550G DX11 öflugur skjákjarni
• 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
• 4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
• 720p HD CrystalEye vefmyndavél
• Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
129.900
FÆST Í 3 LITUM
54208G
FULL HD IPS
SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORNI
V3-772G
KRAFTMIKIL ACER FARTÖLVA
Ein öflugasta og glæsilegasta fartölvan í dag með FULL HD IPS skjá, nýasta Intel Haswell i5 örgjörvanum og ofur öflugu 4GB leikjaskjákorti.
NÝTT ER AÐ LENDA
• Intel Core i5-4200M 3.1GHz Turbo 4xHT
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
• 17.3" FULL HD IPS skjár 1920x1080
• 4GB GeForce GT750M leikjaskjákort
• 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
• Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
• 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
• Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
179.900
17" FARTÖLVUR FRÁ 99.900
85558G50
FRAMELESS TOUCH
HÁGÆÐA 10-PUNKTA FJÖLSNERTISKJÁR
V5-TOUCH
• AMD A6-5357M Quad Core 3.1GHz Turbo
• 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
• 14" HD 1366x768 frameless fjölsnertiskjár
• 2GB ATI HD8750 DUAL Graphics skjákjarni
• 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
• 4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
• 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
• Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
149.900
11" V5-TOUCH 89.900
53314G
NÝ KYNSLÓÐ
ÖRÞUNN AÐEINS 11mm OG 1.2kg
S5-391
• Intel Core i5-3317U 2.6GHz Turbo 4xHT
• 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
• 128GB SATA3 SSD diskur - Instant ON
• 13.3" HD LED CineCrystal 1366x768
• 1GB Intel HD 4000 DX11 skjákjarni
• 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
• Li-Polymer rafhlaða allt að 6 tímar
• 720p HD Crystal Eye vefmyndavél
• Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum
149.900
ÞYNNSTA ULTRABOOK Í HEIMI
NÝ VAR AÐ LENDA
KB-45004G5
LE69
• AMD A4-5000 Quad Core 1.5GHz
• 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
• 500GB SATA2 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 17.3" HD+ LED Ultrabright 1600x900
• 4GB ATI HD8330 DX11 skjákjarni
• 300Mbps WiFi n þráðlaust net
• 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
• Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum
99.900
ÓTRÚLEGT VERÐ Á 17"
TRUE HD IPS
ÓTRÚLEGA NÁKVÆMUR 178° SJÓNARHORN
W510-64GB
18 TÍMAR
ICONIA W5
• 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1366x768
• Intel Dual Core Atom Z2760 1.8GHz Turbo, 4xHT
• 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
• 64GB FLASH SSD og allt að 64GB Micro SD
• 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0 og NFC
• Tvær myndavélar 8MP m/flassi og FullHD
• USB2, USB2 micro, HDMI1.4a micro
• Lyklaborðsvagga með aukarafhlöðu fylgir
• Windows 8 og Office 2013 Home&Student
129.900
MICROSOFT OFFICE 2013 FYLGIR
S4380
99.900
TOSHIBA U945
14" fartölva með Intel i3 örgjörva, 4GB minni, 500GB disk + 32GB SSD og Windows 8
TOSHIBA
ÓTRÚLEG ULTRABOOK
13" MacBook Pro RETINA 239.900
VERÐVÖRN
i5+128GB SSD
194.900
13.3" MacBook AIR
M0X35MH
119.900
i5 LENOVO
15.6" fartölva með Intel i5 örgjörva, 4GB minni, 500GB disk, 6.5 tíma rafhlöðuending og Windows 8
lenovo
ÖFLUG FRÁ LENOVO
B103ED
129.900
HP SleekBook
Glæsileg 15.6" fartölva með Intel i5 Dual Core örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og Windows 8 stýrikerfi
i5 MEÐ SNERTISKJÁ
acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Nýtt ár
nýjar áskoranir
Nicorette auðveldar þér
að hætta að reykja
nicorette
nicotin
**Nicorette nikótínlyf** (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar** eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf 12 tappar, nefúði 80 úðar, forðaplástur 1 stk., tungurótartöflur 40 stk., munnsogstöflur 15 stk., munnholsúði 64 úðar. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár og nefúða og munnholsúða ekki lengur en í 6 mánuði og munnsogstöflur ekki lengur en í 9 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Munnsogstöflurnar má aðeins nota handa 12-17 ára skv. ráðleggingum læknis. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir, hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, virkt skeifugarnar- eða magasár, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur, exems- eða ofnæmishúðbólgu (forðaplástur) eða sjúkdóma í koki eða berkju (innsogslyf). Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Lyfjatyggigúmmí inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúð, xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif og Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. Nefúði inniheldur metýlparahýdroxýbensóat og própýlparahýdroxýbensóat, sem geta valdið ofnæmi og mjög sjaldan öndunarerfiðleikum. Ekki er mælt með nefúða handa einstaklingi með næman öndunarveg. Forðaplásturinn getur valdið ertingu í húð og snertiofnæmi. Forðast skal snertingu við augu og nef. Nicorette Microtab Lemon inniheldur aspartam sem breytist í fenýlalanín og getur haft skaðleg áhrif á einstaklinga með fenýlketónmigu. Gæta skal að munnholsúði fari ekki í augu. Hann inniheldur lítið magn af etanóli (alkóhól). **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið/fargið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.**
Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.
IS/NIC/2013-12-A-1



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir og amma,

**KRISTÍN I. EGGERTSDÓTTIR**
**Bröndukvísl 19, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi að morgni 30. desember. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Óskar Magnússon**
**Anna Huld Óskarsdóttir**
**Magnús Óskarsson**
**Eggert Skúlason**
**Hafþór Eggertsson**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURLÍN GUNNARSDÓTTIR**
**frá Þingvöllum,**

sem lést þann 23. desember, verður jarðsungin frá Stykkishólmskirkju þriðjudaginn 7. janúar kl. 14.00.

**Kristín María Hallvarðsdóttir**
**Hilmar Hallvarðsson** **Astrid Göllnitz**
**Hrafnhildur Hallvarðsdóttir** **Sumarliði Ásgeirsson**
**Kristján Hallvarðsson** **Ágústa Áróra Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær systir okkar og móðursystir,

**BJÖRG DAVÍÐSDÓTTIR**

verður jarðsungin frá kapellu Fossvogskirkju mánudaginn 6. janúar kl.15.00.

**Margrét Sjöfn Davíðsdóttir**
**Elín Klara Davíðsdóttir**
**Svava Ásdís Davíðsdóttir**
**og systrabörn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÍÐUR JÓNSDÓTTIR**
**Kolbeinsgötu 52, Vopnafirði,**

lést á Landspítalanum 28. desember. Útför hennar fer fram frá Áskirkju mánudaginn 6. janúar kl. 11.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Höskuldur Jónsson**

---



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN JÓNSDÓTTIR**
**frá Sellátrum,**

lést annan dag jóla á dvalarheimilinu Hulduhlíð, Eskifirði. Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirku 18. janúar.

**Jón Valgeir Jónsson** **Berglind Þorbergsdóttir**
**Þorbergur Ingi Jónsson** **Hjördís Ýr Bessadóttir**
**Halldór Hermann Jónsson** **Eva Sigurjónsdóttir**
**Emil Halldórsson**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BRYNDÍS JÓHANNSDÓTTIR**
**frá Skriðufelli,**
**til heimilis að Ásenda 3, Reykjavík,**

sem lést á Landspítalanum 18. desember sl., verður jarðsungin frá Laugarneskirkju kl. 13.00 mánudaginn 6. janúar nk.

**Þórunn Kristinsdóttir** **Garðar Jóhann Guðmundarson**
**Þórdís Kristinsdóttir** **Ásgeir Magnússon**
**Gunnar Kristinsson** **Claudia Piceononi**
**Jóhann Kristinsson** **Sólveig Ólafsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

---




**FRÁ AFHENDINGU** Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors, Anna Rún Ingvarsdóttir, varaformaður stjórnar, Margrét Guðjónsdóttir, fyrir hönd Eyglóar Dóru Davíðsdóttur, Sveinn Guðmundsson, fyrir hönd Hjartaheilla, Jón Þ. Reynisson, Hrafnhildur Þórarinsdóttir, fyrir hönd Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar, og Anna María Daníelsdóttir, fyrir hönd Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.

# Tæki og tónlistarnám

Samfélagssjóður Valitors úthlutaði fimm styrkjum í lok síðasta árs til einstaklinga og félaga. Hlutverk sjóðsins er að styðja við vandlega valin málefni sem bæta mannlífið og efla.

Fjórum milljónum króna var úthlutað úr Samfélagssjóði Valitors hinn 30. desember. Þeir sem hlutu styrki voru Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar til að aðstoða bágstaddar fjölskyldur í Hafnarfirði í formi matarkorta, Hjartaheill vegna átaksins Styrkjum hjartaþræðina sem er söfnun fyrir nýju hjartaþræðingartæki á Landspítalann, Eygló Dóra Davíðsdóttir til að stunda meistaranám í fiðluleik við Tónlistarháskólann í Lübeck, Björgunarsveit Hafnarfjarðar til kaupa á búnaði í leitartækniskistu hópsins og Jón Þ. Reynisson til að stunda harmóníkunám við Det Kongelige Danske Musikkonservatorium.

Sjóðurinn var stofnaður fyrir tuttugu og einu ári og frá upphafi hafa verið veittir úr honum 153 styrkir, bæði til einstaklinga og samtaka sem láta til sín taka á sviði menningar-, mannúðar-, samfélags- og velferðarmála. Á síðasta ári var úthlutað samtals 7,8 milljónum króna til tíu handhafa.

- gun

---



✝

Ástkær dóttir okkar, systir og mágkona,

**DAGNÝ ÖSP RUNÓLFSDÓTTIR**

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 30. desember.

**Guðrún Hanna Guðmundsdóttir** **Runólfur Þór Jónsson**
**Hrefna Lind Heimisdóttir** **Friðjón Þórðarson**
**Una Ósk Runólfsdóttir** **Haukur Benedikt Runólfsson**
**Kristinn Hólm Runólfsson** **Berglind Kvaran Ævarsdóttir**
**Thelma Rún Runólfsdóttir** **Þráinn Ómar Jónsson**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**PÉTURS JÓHANNSSONAR**
**Langholti 8,**
**Keflavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir hlýju og góða umönnun.

**Sveinbjörg V. Karlsdóttir**
**Guðrún Pétursdóttir**
**Ingunn St. Pétursdóttir** **Kristinn Sverrisson**
**Sævar Pétursson** **Matthildur Einarsdóttir**
**Bragi Guðmundsson** **Valgerður Þorvaldsdóttir**
**Pétur Pétursson** **Sigríður K. Steinarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR SIGURÐSSON**
**Skógarseli 11, Reykjavík,**

lést á Droplaugarstöðum 22. desember. Útförin verður frá Dómkirkjunni mánudaginn 6. janúar kl. 11.00.

**Einar Oddur Ólafsson**
**Guðrún Hanna Ólafsdóttir** **Gunnar Jensen**
**Sigurður Óli Ólafsson** **Björg Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT HELENE BILLHARDT**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 10. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Einar Þór Bjarnason** **Iðunn Lára Ólafsdóttir**
**Helga Jóhanna Bjarnadóttir** **Kristján B. Einarsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HANNES ÞORKELSSON**

hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund, sem lést hinn 16. desember síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju þriðjudaginn 7. janúar kl. 13.00. Innilegar þakkir sendum við öllu starfsfólki V-2 á Grund fyrir góða og ljúfa umönnun öll árin.

**Ástríður Ingibjörg Hannesdóttir**
**Helga Hannesdóttir**
**Bjarndís Hannesdóttir** **Henry Olaniyi Ojofeitimi**
**Gunnlaug Hannesdóttir** **Hlynur Bergvin Gunnarsson**
**Anna Kristín Hannesdóttir** **Helgi Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN TRYGGVI VALENTÍNUSSON**
**Grænumýri 8,**
**Seltjarnarnesi,**

lést á gjörgæsludeild 12B á Landspítalanum við Hringbraut hinn 20. desember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning 0101-15-660300 sem rennur til krabbameinsdeildar Landspítalans.

**Inge Löwner Valentínusson**
**Guðlaug Jónsdóttir** **Arnór V. Valdimarsson**
**Elísabet Jónsdóttir** **Grétar Árnason**
**Auðunn Jónsson** **María Níelsdóttir**
**Stefán Þór Jónsson** **Sigurbjörg Ásmundsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BERTA GUÐRÚN ENGILBERTSDÓTTIR**
**Sléttuvegi 23, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 23. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 7. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á FAAS (Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga), sími 533 1088 eða faas.is.

**Eyjólfur Davíðsson**
**Héðinn Eyjólfsson** **Guðrún H. Fjalldal**
**Guðrún S. Eyjólfsdóttir** **Snjólfur Ólafsson**
**Sigríður Eyjólfsdóttir** **Ólafur Ó. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


DACIA
DACIA DUSTER 4X4
Í FYRSTA SÆTI
HAGKVÆMASTI JEPPINN*
Duster
DACIA DUSTER
4X4 DÍSIL
5,3 l/100 KM Í BLÖNDUÐUM AKSTRI
3.990 ÞÚS. KR.
KAUPAUKI AÐ VERÐMÆTI KR. 400.000
Á SÝNINGAR- OG REYNSLUAKSTURSBÍLUM TIL ÁRAMÓTA.
DRÁTTARBEISLI
VETRAR- OG SUMARDEKK
16 TOMMU ÁLFELGUR
METALLIC LAKK
*
Árlega birtir þýska bílablaðið AutoBild niðurstöður frá eftirlitsfyrirtækinu EuroTax-Schwacke um rekstrarhagkvæmni bíla. Í ár unnu Dacia bílar til fimm verðlauna af ellefu eða fleiri verðlauna en nokkur önnur bílategund. Dacia Duster bar sigur úr býtum í jeppaflokknum. Sjá bílablaðið AutoBild Nr. 49/2012.
Dacia Duster var valinn bíll ársins 2013 í Skotlandi og Skotar vita allt um hagkvæmni.
UMMÆLI
Fáir viðskiptavinir gera meiri kröfur um rekstrarhagkvæmni en bílaleigur. Íslenskar bílaleigur hafa keypt á annað hundrað nýja Dacia Duster á árinu.
Umsagnir þeirra eru allar á einn veg: „Dacia Duster er gríðarlega hagkvæmur bíll í rekstri og hentar vel við allar aðstæður hér á landi. Gott fjórhjóladrif, sparneytinn og ótrúlega rúmgóður. Dacia Duster hefur reynst okkur ótrúlega vel."
Magnús Sverrir Þorsteinsson
Blue Car Rental
EXTRA LÁGUR 1.GÍR - LÆSING Á MIÐDRIFI - STÖÐUGLEIKASTÝRING OG SPÓLVÖRN
HLJÓMTÆKI MEÐ GEISLASPILARA OG USB-TENGI FYRIR MP3 - AÐGERÐARHNAPPAR VIÐ STÝRI - LOFTKÆLING
www.dacia.is
B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



KL. 20:05 SPIDER-MAN

Ævintýraleg hasarspennumynd sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna.

# Frábært
# Föstudagskvöld

KL. 19:40

IMPRACTICAL JOKERS

Sprenghlægilegir nýir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á í falinni myndavél.




KL. 22:05

RED DAWN

Frábær spennutryllir með Chris Hemsworth í aðalhlutverki.



BÍÓ | KL. 22:00

X-MEN: FIRST CLASS

Fjórða myndin í þessum kvikmyndabálki fjallar um tilurð ofurmennahópssins sem nefnist X-Men.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 20:25

THE COLOUR OF MAGIC

Seinni hlutinn af þessari skemmtilegu ævintýramynd með David Jason og Sean Astin í aðalhlutverkum.



3 | KL. 22:00

GRIMM

Spennandi þáttaröð um persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra sem hafa verið færðar í nútímabúning.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | | 8 | | |
| 4 | | | 1 | 7 | | 9 | | |
| 9 | | 2 | | | 8 | | | |
| | 7 | | | | 4 | | 8 | 5 |
| | | 3 | | | 5 | 6 | | |
| | 8 | 6 | 7 | 9 | | | | 4 |
| | | 1 | 3 | | 2 | | 9 | 8 |
| | | | | 8 | | | | |
| | 9 | 7 | 5 | | | | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | | 3 | | | | 7 | |
| | | | 2 | | | | 8 | |
| | 2 | 3 | 4 | | 9 | 1 | | 6 |
| | 3 | 4 | | 1 | | | 2 | 7 |
| 9 | 6 | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | 9 | |
| | 1 | 5 | | | 6 | | | 8 |
| | 8 | 2 | | | 5 | | | |
| | | | | 4 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 1 | 2 | |
| | 7 | | | | | | | 5 |
| | | | 9 | 5 | | | | 6 |
| 7 | 4 | | | | 1 | | 9 | |
| | | | 2 | | | | | |
| 1 | | | 6 | | | 3 | | |
| | 3 | | 1 | | | | 4 | |
| 4 | 1 | | 8 | | 9 | 2 | | |
| 5 | | 7 | 3 | 2 | | 8 | | 1 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 | 2 | 9 | 3 |
| 3 | 5 | 9 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 7 | 5 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 4 |
| 7 | 4 | 5 | 2 | 8 | 6 | 3 | 1 | 9 |
| 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 | 6 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 9 | 5 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 7 | 8 | 3 | 5 | 4 | 1 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 | 7 | 2 |
| 3 | 7 | 2 | 9 | 8 | 5 | 1 | 6 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 7 | 9 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 2 | 7 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 |
| 7 | 5 | 3 | 6 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 |
| 8 | 1 | 9 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 | 7 |
| 2 | 6 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 3 | 9 |
| 9 | 3 | 8 | 2 | 6 | 7 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 7 | 5 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 6 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Gefið mér safn og ég fylli það.“**

*Pablo Picasso*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** drykkur, **6.** Hæð, **8.** drulla, **9.** þunnur vökvi, **11.** eyrir, **12.** flott, **14.** tipl, **16.** hvað, **17.** sólunda, **18.** hnoðað, **20.** fyrirtæki, **21.** hleypa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** frá, **4.** tómarúm, **5.** viður, **7.** alls, **10.** samstæða, **13.** lyftist, **15.** baktal, **16.** gras, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** malt, **6.** ás, **8.** for, **9.** lap, **11.** fé, **12.** smart, **14.** trítl, **16.** ha, **17.** sóa, **18.** elt, **20.** ms, **21.** ysta.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** af, **4.** lofttóm, **5.** tré, **7.** samtals, **10.** par, **13.** rís, **15.** last, **16.** hey, **19.** tt.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Loftur Baldvinsson (1.983) hafði hvítt gegn Guðmundi Daðasyni (2.126) á Atskákmóti Icelandair fyrir skemmstu.**

**Svartur á leik:**



**1. Rf6+!! Kh8** (ef 1.... Bxf6 2. Hxh6# og ef 1.... Hxf6 2. Hxg7+ Hh8 3. Hg8+ Kh7 4. H1g7#) **2. Hxh6+!** og svartur gafst upp þar sem hann er óverjandi mát eftir **2.... Bxh6 3. Hg8**#.
**www.skak.is** Skákþing GM Hellis (norðursvæði) hefst í kvöld

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

**MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI**

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgölluð heimilistæki með miklum afslætti**
Panasonic sjónvörp með allt að 150.000 króna afslætti
**Kæliskápar með allt að 100.000 króna afslætti**
Heyrnartól með allt að 70% afslætti
**Matvinnsluvélar frá kr. 6.995**
Smáraftæki með miklum afslætti – verð frá kr. 995
**Myndavélar með allt að 43% afslætti**
Uppþvottavélar frá kr. 69.995
**1400sn Whirlpool þvottavélar með íslensku stjórnborði frá kr. 79.995**
42" sjónvörp frá kr. 109.995
**Þurrkarar frá kr. 59.995**

**TAKMARKAÐ MAGN**
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPNUNARTÍMI Á SUÐURLANDSBRAUT**

| VIRKA DAGA | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|---|---|---|
| 10-18 | 4. JANÚAR 11-18 | 5. JANÚAR 13-18 |

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST BRAUN DēLonghi Whirlpool


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FÖSTUDAGUR OPIÐ 10:00-19:30
Verðlækkun á bleium 1.janúar 2014
Lækkun á virðisaukaskatti
áður 25,5% nú 7%
MEGA PACK
Pampers
Baby-Dry
Libero
Comfort fit
Libero
Baby Soft
DIAPERS MAXI
DIAPERS JUNIOR
15 - 25 KG
798
kr. 500g
Heima Möndlur með hýði
MÖNDLUR MEÐ HÝÐI
Barilla
SPAGHETTI n.5
1Kg
259
kr. 1 kg
Barilloa Spagehetti 1 kg.
1598
kr. kg.
Bónus Bacon / beikon
NAUTA Veisla
NAUTGRIPAHAKK frá Spáni
1298
kr. kg
Nautaveisla Nautgripahakk frá Spáni
Ferskt nautagúllas
1998
kr. 150g
Nautaveislu Nautagúllas
Ferskt ungnautasnitsel
1998
kr. 150g
Nautaveislu Nautasnitsel
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
598
kr. 750ml
SLÁTRUN 2013
1298
krónur kg.
Kaupfélag Skagfirðinga Frosið lambalæri slátrun haust 2013
Einfallt og gott. Ódýrar núðlusúpur á svipstundu
98
kr. 70g
YUM YUM NÚÐLUR 70gr BOX
29
kr. 85g
ROOKIE NÚÐLUR 85gr PAKKI
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FÖSTUDAGUR OPIÐ 10:00-19:30



**198** kr. kg

Appelsínur frá Spáni **198 kr. kg** Appelsínur frá Spáni **198 kr. kg**



**459** kr. 750g

Avocado í neti 750g




**298** kr. 250ml

**froosh** hreinir ávaxtadrykkir 250ml




**459** kr. 1.2 kg.

Frosin **Jarðarber** 1.2 kg




**398** kr. 150g

Bónus **Lambhaga-salat** 150g




**298** kr. 1.0 kg

Bónus **Tröllahafrar** 1 kg




**498** kr. 1 kg.

Frosnir **Mangóbitar** 1 kg




**119** kr. 1 ltr.

Bónus **Safar-Appelsínu eða Epla** 1 ltr.




**698** krónur 200g.

Solla / Himneskt **Chiafræ** 200g

## Vinsælustu

kjúklingabringurnar í verslunum Bónus 2013




Frosnar kjúklingabringur 900g

**1579** KR.900g




**498** kr. 20 pk.

**Pukka Lífrænt te / margar tegundir** 20 tepokar

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA



„Þessi skekkta mynd berst víða og meðal annars í Áramótaskaupið.

*Steinunn Rögnvaldsdóttir*
**Talskona Femínistafélags Íslands**



„Almennt voru stelpur í frekar uppburðarlitlum hlutverkum

*Ragnar Þór Pétursson*
**Bloggaði um Áramótaskaupið**



„Maður er að hugsa um allt aðra hluti en kynjahlutföll þegar maður er að gera grín

*Kristófer Dignus*
**Leikstjóri og handritshöfundur Áramótaskaupsins**


ÚTSALA
38
ÞREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813


# Kynjaskekkja í Skaupinu

Tvöfalt fleiri karlhlutverk en kvenhlutverk voru í Áramótaskaupinu. Leikstjórinn Kristófer Dignus segist ekki hafa pælt í kynjahlutföllum heldur hafi hann aðeins reynt að búa til fyndinn þátt. Steinunni Rögnvaldsdóttur finnst þetta miður.

„Of mikil áhersla var á nokkra karlleikara og almennt voru stelpur í frekar uppburðarlitlum hlutverkum,“ skrifar Ragnar Þór Pétursson í bloggfærslu um Áramótaskaupið. Hann segir að í Skaupinu hafi verið „fá kvenhlutverk og flest frekar fígúruleg“. Fréttablaðið taldi talandi kven- og karlhlutverk í þættinum og fékk út að karlar hefðu verið í um tvöfalt fleiri hlutverkum en konur. Karlhöfundar Áramótaskaupsins voru líka tvöfalt fleiri en kvenhöfundar. Hins vegar stenst Áramótaskaupið Bechdel-prófið. Kvikmynd eða sjónvarpsþáttur stenst Bechdel-prófið ef tvær kvenpersónur tala saman um eitthvað annað en karlmenn að minnsta kosti einu sinni. Fáar kvikmyndir standast Bechdel-prófið.

Fréttablaðið hafði samband við Kristófer Dignus, leikstjóra Áramótaskaupsins, og spurði hvort eitthvað hefði verið hugsað um kynjahlutföll við gerð þáttarins.

„Ég pæli aldrei í svona málum. Ég er bara að reyna að búa til fyndið Skaup. Fyrsta manneskjan sem sést í Skaupinu er kona. Maður er að hugsa um allt aðra hluti en kynjahlutföll þegar maður er að gera grín. Ég vil hins vegar benda fólki sem er að gagnrýna þetta á að þegar Steindi fór til himna tók Guð á móti honum og Guð var svört kona,“ segir Kristófer.

Steinunn Rögnvaldsdóttir, talskona Femínistafélags Íslands, hefði viljað að handritshöfundar Áramótaskaupsins væru meðvitaðri um stöðu kvenna. „Hlutfallið í Skaupinu var ekki svo fjarri hlutföllum viðmælenda í fjölmiðlum, en samkvæmt fjölmiðlaverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu eru karlar um 70 prósent viðmælenda í ljósvakaþáttum og í fréttum, á meðan kvenkyns viðmælendur eru 30 prósent. Þetta var mælt á tímabilinu 1. febrúar 2009 til 30. ágúst 2013,“ segir Steinunn.

„Þessi skekkta mynd berst víða og meðal annars í Áramótaskaupið. Svo er oft gert grín í Skaupinu að valdamiklum aðilum í samfélaginu – sem eru oftar karlar. Konur voru samt að gera fullt af hlutum á árinu sem eru bæði fyndnir og hægt er að gera grín að – að ég tali ekki um þær ádeilur sem hægt er að gera á kynjamisrétti í samfélaginu. Auðvitað er erfitt að gera öllum til geðs í Skaupinu. En það væri óskandi að höfundar hefðu verið aðeins meðvitaðri um að myndin er skekkt og það er okkar allra að rétta hana eins og við mögulega getum. Við berum öll ábyrgð á að laga skekkjuna,“ bætir Steinunn við.

## → Þessi skrifuðu Áramótaskaupið



Steinþór H. Steinþórsson



Pétur Jóhann Sigfússon



Ilmur Kristjánsdóttir



Ari Eldjárn



Bragi Valdimar Skúlason



Saga Garðarsdóttir



Guðmundur Pálsson






# Tónlistarveisla á Park um helgina

Breski tónlistarmaðurinn Mark Splinter kemur fram á Park ásamt fleirum.

„Þetta verður magnað kvöld og ég hlakka mikið til,“ segir Artiomas Tómas Maminas, eigandi viðburðafyrirtækisins The Happy Sheep sem stendur fyrir tónlistarveislu á skemmtistaðnum Park á laugardagskvöld í samvinnu við Tuborg og Park.

Breski tónlistarmaðurinn og mannréttindafrömuðurinn Mark Splinter kemur þar fram ásamt Adda Exos, A.Handsome og Smokin Joe. Splinter hefur útsett og komið að ýmiss konar dans- og raftónlist frá níunda áratug síðustu aldar. Ferillinn hófst í London en hann flutti til Litháen og hefur getið sér gott orð í skemmtanaiðnaðinum þar í landi. Hann er talinn vera faðir DubStep-tónlistarinnar í Vilníus en hann leikur að mestu tónlist sem flokkast undir DubStep og Uk Garage.

Splinter hefur einnig verið virkur í mannréttindabaráttunni og leikstýrði meðal annars góðgerðarmyndbandi þar sem fjöldi frægra kom fram, eins og Maxi Jazz, Chaka Kahn, Jocelyn Brown og Maysa Leak.

Frítt er inn á tónlistarveisluna á laugardagskvöldið og hefst hún klukkan 22.00 á Park.

- glp



**HEIMSÆKIR LANDIÐ** Tónlistarmaðurinn Mark Splinter kemur fram á skemmtistaðnum Park á laugardagskvöld.
MYND/VATAITAS

# KRÓNAN



698 kr. kg
Krónu blandaðir kjúklingabitar



2068 kr. kg
Krónu ferskar kjúklingabringur



30% afsláttur

199 kr. kg
Verð áður ~~287~~ kr. kg
Rauð vatnsmelóna

# ÚRVALS KONFEKT Á FRÁBÆRU VERÐI!

50% afsláttur

Tilboðin gilda til 8. janúar eða meðan birgðir endast!



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Frón súkkulaðibitakökur, 300g | 373 kr. | ~~746~~ kr. | | | | | | |
| Frón pipardropar, 400g | 190 kr. | ~~380~~ kr. | Nóa konfektkassi, 135 g | 400 kr. | ~~799~~ kr. | Valor Stevia konfekt, 120 g | 499 kr. | ~~998~~ kr. |
| Kexsmiðjan Dísudraumur, 200g | 348 kr. | ~~696~~ kr. | Nóa frostþ. jarðarber, 100 g | 194 kr. | ~~388~~ kr. | Freyju Hátíð, 350 g | 290 kr. | ~~580~~ kr. |
| Kexsmiðjan kornflexkökur, 250g | 377 kr. | ~~754~~ kr. | Nóa vínarmöndlur, 130 g | 181 kr. | ~~362~~ kr. | Lindu konfekt, 1 kg | 1332 kr. | ~~2663~~ kr. |
| Nyåkers piparkökufígúrur, 340g | 328 kr. | ~~655~~ kr. | Nóa 3 lita kasjúhnetur, 14 stk. | 194 kr. | ~~388~~ kr. | Lindu konfekt, 350 g | 482 kr. | ~~963~~ kr. |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum

# Ég er föst í amerískri klisjumynd

**BAKÞANKAR**
Lilju Katrínar Gunnarsdóttur



**ÉG ER** ein af þeim sem verða alltaf mjög meyrir á gamlárskvöld. Fyllist óttablandinni eftirvæntingu þegar ég sé sekúnduvísana tifa í átt að nýju ári.

**ÉG STEND** nefnilega alltaf í þeirri trú að nýja árið geta ómögulega toppað það gamla. Hins vegar hefur það ekki verið raunin síðustu ár.

**NÝLIÐNA** árið var þó óvenju viðburðaríkt. Ég hætti með barnsföður mínum, bjó hjá foreldrum mínum í fyrsta sinn í mörg ár, keypti mér íbúð, hætti í vinnu, byrjaði í nýrri vinnu, fór í fyrsta sinn til útlanda með vinkonum mínum, fann ástina og fékk að upplifa enn eitt undursamlega árið með dóttur minni. Þegar ég lít yfir farinn veg minnir þetta ár helst á ameríska bíómynd þar sem ein tíðindin reka önnur með svo ofsafengnum hraða að áhorfandinn trúir því ekki að þetta geti gerst í alvörunni.

**ÞETTA** var ár hinna stóru ákvarðana og sumar ákvarðanirnar var stórkostlega erfitt að taka – sem kemur sér illa fyrir átakafælnu mig.

**ÉG ER** alin upp af móður sem trúir á hið yfirnáttúrulega. Spáir í spil og bolla og spurði mig á hverjum einasta morgni hvað mig hefði dreymt þegar ég var ung. Réð svo í draumana af sinni einskæru snilld. Hún er mikill mannþekkjari og sagði mér eitt sinn að hún tryði því að fólk væri fætt með vissa eiginleika. Til dæmis mikið sjálfstraust. Sumir þyrftu hins vegar að vinna ötullega að því að trúa á sig sjálfa. Ég væri í þeim hópi.

**ÞAÐ** er það sem stendur upp úr á árinu sem er að líða í mínum huga. Ég lærði að trúa á mig sjálfa. Þessi frasi er svo sem í takt við amerísku klisjumyndina sem líf mitt er búið að vera síðustu mánuði.

**ÆTLI** ég fari ekki heim á eftir, smelli „I Will Survive“ á fóninn og dansi á nærfötunum fyrir framan spegilinn með sjampóbrúsa í annarri og vínglas í hinni. Vakni síðan á morgun full af spenningi yfir því hvert bíómyndin leiði mig næst. Hún er svo langt frá því að vera búin.



**STENDUR FYRIR SKAMMDEGISTÓNLEIKARÖÐ** Marteinn Sindri Jónsson stendur að tónleikaröðinni ásamt vinum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KONTRABASSAKÓNGUR** Tómas R. Einarsson spilaði á kontrabassa á síðustu tónleikum.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Eins og risavaxinn kakóbolli í janúar

Skammdegistónleikaröðin fer fram í heimahúsum í Vesturbænum.

„Þetta er okkar tilraun til að gera skammdegið ofurlítið bærilegra,“ segir Marteinn Sindri Jónsson sem stendur fyrir skammdegistónleikaröð ásamt vinum sínum í janúar. Tónleikarnir fara fram í heimahúsum í Vesturbænum í Reykjavík og þar koma margir landskunnir músíkantar og listamenn fram. „Janúar er líklega leiðinlegasti og myrkasti mánuður ársins þegar búið er að taka niður öll fallegu jólaljósin en þessir tónleikar eiga að virka eins og risavaxinn kakóbolli á vetrarkvöldi, ylja fólki að innan og gera janúar skemmtilegri.

Venjulegar stofur í heimahúsum eru iðulega minni en tónleikahallir og því er nándin líklega meiri en gengur og gerist á tónleikum. „En það er bara skemmtilegt. Bassaleikarinn Tómas R. Einarsson kom til dæmis á síðustu tónleika og manni leið hálfpartinn eins og maður væri staddur innan í kontrabassanum. Það var ákveðin upplifun,“ segir Marteinn.

„Það er eiginlega með ólíkindum hvað okkur tókst að fá hæfileikaríkt fólk til að mæta. Og við erum náttúrlega mjög þakklát fyrir það,“ segir Marteinn. Meðal þeirra sem komu fram á fyrstu tónleikunum voru auk Tómasar þau Sigríður Thorlacius söngkona, skáldin Bergþóra Snæbjörnsdóttir og Ásta Fanney Sigurðardóttir og Eiríkur Guðmundsson rithöfundur. Og ekki eru síðri nöfn á listanum fyrir næstu tónleika en þar má meðal annars nefna Snorra Helgason, Reykjavíkurdætur, Houskel og nokkra félaga úr Moses Hightower.

> **Það er eiginlega með ólíkindum hvað okkur tókst að fá hæfileikaríkt fólk til að mæta.**
> *Marteinn Sindri Jónsson*

„Við höfum ákveðið að gefa aldrei upp fyrirfram hverjir troða upp á hvaða tónleikum, þannig að þetta er dálítið eins og að fá jólapakka, maður veit ekki hvað leynist í pakkanum fyrr en maður opnar hann.“

Nú eru tvennir tónleikar eftir og þeir fara fram næstu tvo laugardaga. „Því miður er ekki öllum boðið heldur bara vinum okkar, einfaldlega vegna þess að við eigum ekki nægilega stórar stofur til að hýsa alla þjóðina. En þrátt fyrir það eru svo sem allir velkomnir og við munum taka vel á móti öllum sem nenna að mæta.“

olof@frettabladid.is

SMÁRABÍÓ GLEÐILEGT NÝTT ÁR HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — 5%

| | | |
|---|---|---|
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL.1 (TILBOÐ) 3 - 5.30 - 6 - 8 - 9 - 10.30 | 7 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY LÚXUS | KL. 5.30 - 8 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL.1 (TILBOÐ) 4.30 - 6 - 8 - 9.30 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 1 - 10.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 3D ÍSL. TAL | KL. 1 (TILBOÐ) 3 | 7 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL. 1 (TILBOÐ) 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — 5%

| | | |
|---|---|---|
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL.3 (TILBOÐ) 5.30 - 6.30 - 8 - 9 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 2 (TILBOÐ) 5.30 - 9 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 3D ÍSL. TAL | KL. 4 (TILBOÐ) | 7 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL. 4 (TILBOÐ) | 7 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SECRET LIFE OF WALTER MITY | KL. 6 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 3 - 6 - 9 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 3D | KL. 4 | 7 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — GLEÐILEGT NÝTT ÁR — 5%




**Tilboð í bíó.** Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5:45, 8, 10:20 | 7 |
| HOBBIT 2 3D (48R) | 2, 4, 6, 10 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | 8, 10:30 | 10 |
| RISAEÐLUNAR 3D | 1:45 | 7 |
| FROSINN 2D | 1:45, 3:30 | L |

GLEÐILEGT NÝTT ÁR! SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 4:30 - 8 - 10:30 - 11:30 | 16 |
| WOLF OF WALLSTREET VIP | KL. 4:30 - 8 - 11:30 | VIP |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 4:30 - 8 - 11:20 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D | KL. 2 - 6 - 10 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG VIP 2D | KL. 1 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 2 - 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 1 - 2 - 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 8 - 11:30 | 16 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 1 - 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 4:30 - 7 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG HFR 3D | KL. 3:40 - 7 - 10:20 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 2:20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 - 10:30 | 10 |
| RISAEÐLURNAR ÍSLTAL2D | KL. 2:30 | 7 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 2:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 5:40 - 6:50 - 9:10 - 10:30 | 16 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 2 - 4:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 8 - 11:20 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 4:20 - 8 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:30 - 11:30 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 2 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

BÍÓ ★ PARADÍS — EUROPA CINEMAS — ÍSLANDS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


LEONARDO DiCAPRIO
A MARTIN SCORSESE PICTURE
THE WOLF OF WALL STREET
Pow. Pow. Pow. Pow. Pow. That's how Martin Scorsese's The Wolf of Wall Street comes at you.
★★★★★
ROLLING STONE
DiCaprio is undoubtedly at his best here.
★★★★★
Empire
Scorsese and DiCaprio's fifth and best pairing, it's liable to give the Academy a heart attack.
★★★★★
Total Film
Leonardo DiCaprio cranks the volume up to 10 for his performance as Jordan Belfort.
★★★★★
The Guardian
„Snilldarmynd! DiCaprio hefur aldrei verið betri og Scorsese sjálfur upp á sitt besta."
★★★★★
T.V. - Bíóvefurinn/Séð & Heyrt
2 tilnefningar til Golden Globe verðlauna
Besta Mynd ársins
Besti leikari í aðalhlutverki: Leonardo DiCaprio
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
FRUMSÝND 26. DESEMBER
SAMBÍÓIN

## Elísa yfirgefur uppeldisfélagið





**FÓTBOLTI** Elísa Viðarsdóttir, fyrirliði og lykilmaður kvennaliðs ÍBV, mun ekki spila með ÍBV-liðinu í Pepsi-deild kvenna í fótbolta á komandi tímabili en þetta kemur fram í sameiginlegri fréttatilkynningu Elísu og ÍBV.

Elísa, sem er yngri systir Margrétar Láru Viðarsdóttir, er 22 ára varnarmaður sem hefur bæði spilað sem miðvörður og sem bakvörður í ÍBV-liðinu. Hún er eina A-landsliðskona ÍBV í dag og því mikill missir fyrir kvennalið ÍBV. Hún hefur gegnt fyrirliðastöðunni hjá ÍBV undanfarin fjögur tímabil, þar af hefur hún verið aðalfyrirliði liðsins undanfarin tvö sumur.

Elísa spilaði alla 18 leiki ÍBV í Pepsi-deildinni síðastliðið sumar og lék ennfremur átta A-landsleiki á síðustu tveimur árum. Elísa hefur leikið 54 leiki í efstu deild fyrir ÍBV. - óój

## Aron Einar ekki sá fyrsti til að spila fyrir Norðurlandabúa

**FÓTBOLTI** Norðmaðurinn Ole Gunnar Solskjær var í gær ráðinn nýr knattspyrnustjóri Arons Einars Gunnarssonar og félaga í Cardiff City í ensku úrvalsdeildinni. Solskjær horfði á Cardiff-liðið tapa fyrir Arsenal á nýársdag og tók síðan við liðinu í gær.

„Mig hefur ávallt dreymt um að gerast knattspyrnustjóri liðs í ensku úrvalsdeildinni,“ sagði Ole Gunnar Solskjær á blaðamannafundi en hann var búinn að skila þremur titlum á þremur árum sem þjálfari norska liðsins Molde. Cardiff mætir Manchester United, gamla félaginu hans Solskjærs, á Old Trafford hinn 28. janúar en Solskjær leitaði til síns gamla stjóra, Sir Alex Fergusons, áður en hann tók ákvörðun um að taka tilboði malasíska eigandans, Vincents Tan.

Aron Einar Gunnarsson verður ekki fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn til að spila fyrir Norðurlandabúa í ensku úrvalsdeildinni því Hermann Hreiðarsson náði að spila fyrir tvo Norðurlandabúa. Hermann spilaði fyrst sex leiki fyrir Svíann Tomas Brolin sem tók við liði Crystal Palace í lok 1997-98 tímabilsins. Hermann spilaði síðan 1999-2000 tímabilið með Wimbledon en knattspyrnustjóri liðsins þá leiktíðina var Norðmaðurinn Egil „Drillo“ Olsen. - óój





**NÝI STJÓRI ARONS** Ole Gunnar Solskjær tók í gær. NORDICPHOTOS/GETTY





**FARINN** Mikill missir fyrir Fylki að missa Börkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ásgeir fór til GAIS

**FÓTBOLTI** Sænska B-deildarliðið GAIS tilkynnti á heimasíðu sinni í gær að það hefði gengið frá samningum við Árbæinginn Ásgeir Börk Ásgeirsson.

Ásgeir Börkur er 26 ára gamall og rann samningur hans við Fylki út í haust. Hann hefur einnig spilað með Selfossi og Sarpsborg á ferlinum og stefndi leynt og ljóst að því að komast út.

Ásgeir kom mjög sterkur inn í lið síðasta sumar og frammistaða hans fór greinilega ekki fram hjá erlendum útsendurum.

Honum er líkt við Gennaro Gattuso á heimasíðu GAIS enda þekktur fyrir að vera harður í horn að taka.

GAIS varð í sjöunda sæti sænsku B-deildarinnar í haust. - esá

## Ætlar að vinna tvö risamót

**GOLF** **Það eru fáir eins ánægðir og Rory McIlroy með að árið 2013 er á enda. Það gekk hvorki né rak hjá honum á golfvellinum en hann ætlar heldur að bæta fyrir það á nýja árinu.**

**McIlroy sparar ekki stóru orðin og hefur sett stefnuna á að vinna tvö risamót á árinu.**

**„Ég vann risamót 2011 og 2012 en ekkert árið 2013. Ég verð að bæta fyrir það með því að vinna tvö mót á þessu ári,“ sagði McIlroy en hann féll úr efsta sæti heimslistans í það sjötta á síðasta ári.**

**Utan vallar hefur þó gengið betur, en McIlroy er nýbúinn að trúlofast dönsku tennisstjörnunni Caroline Wozniacki. Það veit vonandi á gott fyrir árið hans.** - hbg

# Ekki búnir að gleyma mér

**Framarinn Steinunn Björnsdóttir er besti varnarmaður Olís-deildar kvenna að mati þjálfara deildarinnar. Hún hefur ekki spilað síðan í október vegna meiðsla en ætlar sér að koma sterk til baka í næsta mánuði.**

**HANDBOLTI** Fréttablaðið fékk þjálfara Olís-deildar kvenna til að velja þá leikmenn sem skara fram úr í deildinni. Í dag skoðum við hver sé besti varnarmaður deildarinnar að mati þjálfaranna tólf. Framarinn Steinunn Björnsdóttir fékk mjög afgerandi kosningu þrátt fyrir að glíma við meiðsla eins og er.

### Fáir æfa eins mikið

Valið kemur þjálfara hennar, Halldóri Jóhanni Sigfússyni, ekki á óvart.

„Ég hefði viljað sjá hana sem duglegasta leikmanninn líka því hún er langduglegust að mínu mati. Hún á þetta fyllilega skilið, er besti varnarmaðurinn í deildinni og hefur verið vaxandi sem sterkur varnarmaður síðustu ár. Ég veit ekki um marga íslenska leikmenn, hvort sem það er í karla- eða kvennadeildinni, sem æfa eins mikið og hún,“ segir Halldór Jóhann.

„Þótt ótrúlegt sé þá eru þeir ekki búnir að gleyma mér því það er langt síðan ég spilaði síðast,“ sagði Steinunn Björnsdóttir þegar blaðamaður Fréttablaðsins sagði henni frá vali þjálfara deildarinnar.

„Staðan á mér er ágæt. Ég er að vonast til þess að fá að byrja að hlaupa eftir svona tvær vikur. Þá verð ég vonandi komin aftur til baka um miðjan í febrúar,“ segir Steinunn. Hún var nýbúin að jafna sig á axlarmeiðslum. „Því miður þá þekki ég þetta svolítið vel. Þetta var samt mikið áfall þar sem öxlin var orðin góð.“

### Mætt daginn eftir

„Það lýsir karakter hennar að fyrsta dag eftir að hún kom heim frá Slóvakíu eftir að hún meiddist þá var hún byrjuð að æfa á fullu inni í sal þótt að hún mætti ekki stíga í fótinn. Það lýsir vinnusemi hennar og því að hún hefur unnið virkilega vel fyrir því að hafa náð svona langt. Það voru kannski ekki margir sem bjuggust við því að hún væri orðin landsliðsmaður fyrir þremur árum. Hún er líka mjög vaxandi sem sóknarmaður og á bara eftir að verða betri þar,“ segir Halldór Jóhann.

Steinunn er bara 22 ára gömul og hefur orðið að stjörnu í deildinni í gegnum varnarleikinn en hún var búin að vinna sér sæti í landsliðinu.

### HVER ER BESTI VARNARMAÐURINN Í OLÍS KVENNA?

| | |
|---|---|
| 1. Steinunn Björnsdóttir, Fram | 41 stig |
| *(Hún fékk 8 atkvæði í fyrsta sæti)* | |
| 2. Rakel Dögg Bragadóttir, Stjörnunni | 16 (2) |
| 3. Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Val | 15 (1) |
| 4. Sandra Sif Sigurjónsdóttir, Stjörnunni | 9 |
| 5. Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Val | 6 (1) |
| 6. Lene Burmo Skredderstuen, Gróttu | 6 |
| 7. Kristín Guðmundsdóttir, Val | 4 |
| 8. Helena Rut Örvarsdóttir, Stjörnunni | 3 |
| 8. Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Selfossi | 3 |
| 10. Gerður Arinbjarnar, HK | 2 |
| 11. Marija Gedroit, Haukum, Ester Óskarsdóttir, ÍBV, Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir, Val | 1 |

**Þjálfarar deildarinnar tilnefndu þrjá leikmenn (ekki úr eigin liði) í 1., 2. og 3. sæti. Fyrsta sætið fékk 5 stig, annað sætið fékk 3 stig og þriðja sætið fékk 1 stig. Hámarkið voru 55 stig.**

„Það finnst ekki mörgum gaman að spila vörn. Öxlin var alltaf að trufla mig og ég gat ekki verið með í sókninni í upphafi. Ég náði síðan ágætis tökum á vörninni með hjálp Einars Jónssonar og svo Gústa (Ágústs Jóhannssonar landsliðsþjálfara). Þeir náðu að hjálpa mér og gera mig að betri varnarmanni,“ segir Steinunn og bætir við:

### Gerir hana að betri leikmanni

„Mér finnst mjög skemmtilegt að spila vörn en það er samt miklu skemmtilegra þegar maður getur spilað bæði í sókn og vörn.“

Það er nóg eftir af tímabilinu og Steinunn ætlar að vera klár þegar úrslitin ráðast.

„Þetta er kannski besti tíminn til að meiðast því þá get ég í það minnsta reynt að ná lokasprettinum og fæ vonandi að vera með landsliðinu í Frakkaleikjunum í mars. Það er voða lítið hægt að gera í þessu núna annað en að vera bara jákvæð og koma síðan enn sterkari til baka. Ég trúi ekki öðru en þessi meiðsli muni gera mig að betri leikmanni,“ segir Steinunn.

### Loksins gull

Framliðið var búið að vera í öðru sæti frá árinu 2008 en náði loksins gullinu síðastliðið vor. „Ég var með í síðustu tvennum silfurverðlaunum á undan. Ég bjó erlendis í fjögur ár en kom síðan aftur til baka. Mér fannst það alveg nóg en það voru nokkrar í kringum mig í liðinu sem voru búnar að vera í þessum sporum fimm ár í röð,“ segir Steinunn.

„Markmiðið er alltaf Íslandsmeistaratitillinn en auðvitað erum við með slakara lið en í fyrra. Það er samt ekkert sem segir að við getum það ekki. Við ætlum okkur að ná langt og erum ekkert að fara í frí í mars,“ segir Steinunn og hún er ekki búin að gleyma tilfinningunni eftir sigurinn í oddaleiknum við Stjörnuna í byrjun maí í fyrra. „Ég myndi ekki hata það að fá að finna fyrir þessari tilfinningu aftur. Hún var ekki leiðinleg,“ segir Steinunn kát.

ooj@frettabladid.is





**„ÉG MYNDI EKKI HATA ÞAÐ AÐ FÁ AÐ FINNA FYRIR ÞESSARI TILFINNINGU AFTUR.“** Steinunn Björnsdóttir fagnar hér Íslandsmeistaratitlinum með Fram síðastliðið vor. Árið 2013 var mjög viðburðaríkt hjá henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Meidd en samt með bestu mætinguna

Steinunn Björnsdóttir meiddist með landsliðinu í lok október en þjálfari hennar hjá Fram, Halldór Jóhann Sigfússon, vekur athygli á því að hún sé enn þá með bestu mætinguna á æfingar þrátt fyrir meiðslin.

„Hún er að vinna á fullu í sínum málum og missir ekki af æfingu þótt hún megi ekki hlaupa. Hún er á hjólinu, í lyftingasalnum og í sundlauginni. Það lýsir henni vel því hún er alveg gríðarlega vinnusöm. Það hefur fleytt henni þangað sem hún er komin og mun fleyta henni enn lengra þegar líður á,“ segir Halldór Jóhann.

„Ég stoppa voða sjaldan og viðurkenni alveg að mér finnst gaman að æfa. Ég er búin að vera mjög dugleg að æfa í meiðslunum þrátt fyrir að það sé mjög lítið sem ég get gert. Ég er búin að vera dugleg að synda, hjóla og styrkja efri líkamann,“ segir Steinunn og bætir við:

„Þó að ég glími við smá meiðsli þá hætti ég nú ekki að mæta á æfingar. Ég er alltaf mætt hálftíma fyrir æfingu og er alla æfinguna. Það er hefðin,“ segir Steinunn í léttum tón en þó af fullri alvöru.

Hafnaboltaæfingar
fyrir börn og unglinga
Íþróttahúsi Hlíðaskóla, Hamrahlíð 2, 105 Reykjavík
Mánudögum & Fimmtudögum
Skráning - WWW.HAFNABOLTI.IS
S. 820-0825 Hafna- og Mjúkboltafélag Reykjavíkur




Egils
APPELSÍN
Íslandsbanki
ÍSLAND GOT
TALENT
SJÓNVARPSVIÐBURÐUR
ÁRSINS!
ÆVINTÝRIÐ HEFST Í JANÚAR
Hæfileikaríkir Íslendingar láta ljós sitt skína þegar sjónvarpsviðburður vetrarins fer í loftið í janúar. Auðunn Blöndal er þáttastjórnandi en dómarasætin skipa þau Bubbi Morthens, Þorgerður Katrín, Þórunn Antonía og Jón Jónsson.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is
margfalt skemmtilegri

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl 20.05
**Spider-Man**

Ævintýraleg hasarspennumynd sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hljóð og tæknibrellur. Peter Parker, nemandi í miðskóla, er bitinn af könguló. Í kjölfarið öðlast hann eiginleika sem þessir áttfætlingar búa yfir.





### Twenty Four
**STÖÐ 2 GULL KL. 21.30** Green neyðir Ninu og Tony til að gefa upp hvar Jack er niðurkominn en hann hittir loks Teri og Kim á ný í búðum Gains. Palmer reynir allt hvað hann getur til að vernda sálfræðing Keiths.



### Aulinn ég
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Despicable Me. Bandarísk teiknimynd um skúrkinn Gru sem hyggur á heimsyfirráð og notar m.a. þrjár munaðarlausar stúlkur til að ná fram ætlunarverki sínu.



### The Social Network
**SKJÁR EINN KL. 21.15** Frábær kvikmynd sem segir frá fæðingu samfélagsmiðilsins Facebook. Mark Zuckerberg, stofnandi fyrirtækisins, stundar nám í Harvard þegar hann setur Facebook í loftið en áður en varir er hann sakaður um að hafa stolið hugmyndinni.

### X-ið 977 kl 07.00
**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga klukkan 7 til 10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In The Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Drop Dead Diva**
**11.05** **Harry's Law**
**11.50** **Dallas**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mistresses**
**13.40** **9**
**15.00** **Xiaolin Showdown**
**15.25** **Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga**
**15.45** **Waybuloo**
**16.05** **Geimkeppni Jóga björns**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Simpsons**
**19.40** **Impractical Jokers** *(1:8)*
**20.05** **Spider-Man** Ævintýraleg hasarspennumynd sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hljóð og tæknibrellur. Peter Parker, nemandi í miðskóla, er bitinn af könguló. Í kjölfarið öðlast hann eiginleika sem þessir áttfætlingar búa yfir.
**22.05** **Red Dawn** Hörkugóð spennumynd frá 2012 með Chris Hemsworth, Josh Peck og Josh Hutcherson í aðalhlutverkum. Hún fjallar um hóp ungmenna sem berst til síðasta manns til að bjarga bænum sínum frá innrásarher.
**23.40** **Coriolanus**
**01.40** **Town Creek**
**03.15** **Platoon**
**05.15** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00** **World's Strongest Man 2013**
**18.30** **2013 Miami Heat NBA Championship Film** Flott mynd frá NBA um Miami Heat sem varði meistaratitilinn á seinustu leiktíð.
**19.40** **La Liga Report**
**20.10** **FA Cup - Preview Show 2014**
**20.40** **Man. City - Wigan**
**22.35** **Meistaradeild Evrópu. Marseille - Dortmund**
**00.15** **La Liga Report**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.00** **Messan**
**13.10** **Premier League World**
**13.40** **Liverpool - Hull**
**15.20** **Man. Utd. - Tottenham**
**17.00** **Swansea - Man. City**
**18.40** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**19.35** **Gillingham - Wolverhampton** Bein útsending
**21.40** **Football League Show 2013/14**
**22.10** **Arsenal - Cardiff**
**23.50** **Gillingham - Wolverhampton**

## STÖÐ 3

**16.30** **Around the World in 80 Plates**
**17.15** **Raising Hope**
**17.40** **Don't Trust the B*** in Apt 23**
**18.05** **Cougar town 4**
**18.30** **Funny or Die**
**19.00** **Top 20 Funniest**
**19.40** **Smash** *(17:17)*
**20.25** **The Colour of Magic** *(2:2)*
**22.00** **Grimm** *(8:22)*
**22.45** **Strike Back** *(7:10)*
**23.30** **Still Waiting**
**01.00** **Dark Blue**
**01.45** **Top 20 Funniest**
**02.25** **Smash**
**03.10** **The Colour of Magic**
**04.45** **Grimm**
**05.30** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.46** Hvellur keppnisbíll **08.56** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Brunabílarnir **09.43** Sumardalsmyllan **09.48** Skoppa og Skrítla **10.00** Ljóti andarunginn og ég **10.23** Elías **10.34** Ævintýraferðin **10.47** UKI **10.52** Tommi og Jenni **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.46** Hvellur keppnisbíll **12.56** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Brunabílarnir **13.43** Sumardalsmyllan **13.48** Skoppa og Skrítla **14.00** Ljóti andarunginn og ég **14.25** Elías **14.36** Ævintýraferðin **14.48** UKI **14.53** Tommi og Jenni **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.46** Hvellur keppnisbíll **16.56** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Brunabílarnir **17.43** Sumardalsmyllan **17.48** Skoppa og Skrítla **18.00** Ljóti andarunginn og ég **18.25** Elías **18.36** Ævintýraferðin **18.48** UKI **18.53** Tommi og Jenni **19.00** Iceage **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**15.35** **Cold Feet**
**18.00** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Það var lagið**
**21.05** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(7:15)*
**21.30** **Twenty Four** *(12:24)*22.15 A Touch of Frost
**00.00** **Evrópski draumurinn**
**00.35** **Fóstbræður**
**01.05** **Mið-Ísland**
**01.30** **Gavin and Stacey**
**02.00** **Footballers Wives**
**02.50** **Það var lagið**
**03.40** **It's Always Sunny In Philadelphia**
**04.05** **Twenty Four**
**04.55** **A Touch of Frost**

## BÍÓ

**09.20** **Erin Brockovich**
**11.30** **Kissing a Fool**
**13.05** **Scent of a Woman**
**15.40** **Erin Brockovich**
**17.50** **Kissing a Fool**
**19.25** **Scent of a Woman**
**22.00** **X-Men. First Class**
**00.10** **Lawless**
**02.05** **The Killer Inside Me**
**03.55** **X-Men. First Class**

## RÚV

**15.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10** **Litli prinsinn**
**17.34** **Hið mikla Bé**
**17.55** **Táknmálsfréttir**
**18.05** **Nautnafíkn – Sykur**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Njósnari** *(1:10) (Spy II)* Bresk gamanþáttaröð þar sem fylgst er með Tim sem er njósnari hjá MI5 og togstreitu hans milli njósnastarfs og einkalífs.
**20.05** **Aulinn ég** *(Despicable Me)* Bandarísk teiknimynd um skúrkinn Gru sem hyggur á heimsyfirráð og notar m.a. þrjár munaðarlausar stúlkur til að ná fram ætlunarverki sínu.
**21.40** **Með fullri reisn** *(The Full Monty)* Hressandi gamanmynd um sex atvinnulausa iðnaðarmenn sem láta deigann ekki síga heldur gerast fatafellur. Uppátækið leggst vel í kvenþjóðina sem hvetur þá til að ganga „alla leið".
**23.15** **2012**
**00.35** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**16.25** **Murdoch**
**17.15** **Dr. Phil**
**18.00** **Happy Endings**
**18.25** **Parks & Recreation**
**18.50** **Minute To Win It**
**19.35** **America's Funniest Home Videos** *(12:44)*
**20.00** **Family Guy** *(9:21)* Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá einn. Peter Griffin og fjölskylda búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**20.25** **The Incredible mr. Goodwin** *(3:5)* Hörkuspennandi þættir um töframanninn Goodwin sem kemur sér í lífshættulegar aðstæður í hverjum þætti.
**21.15** **The Social Network** Frábær kvikmynd sem segir frá fæðingu samfélagsmiðilsins Facebook. Mark Zuckerberg, stofnandi fyrirtækisins, stundar nám í Harvard þegar hann setur Facebook í loftið en áður en varir er hann sakaður um að hafa stolið hugmyndinni.
**23.15** **Excused**
**23.40** **The Guilty**
**02.10** **The Bachelor**
**03.00** **Ringer**
**03.50** **Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Eldað með Holta **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |



Golfstöðin
Fer í loftið í dag!
TOURNAMENT OF CHAMPIONS
Bein útsending föstudag til mánudags, 3.-6. janúar
Allt golf á einum stað!
Í fyrsta sinn eru öll risamótin og Ryder Cup á sömu sjónvarpsstöð.
Á Golfstöðinni verða beinar útsendingar 50 vikur á ári ásamt erlendum og innlendum þáttum m.a. í umsjón Þorsteins Hallgrímssonar og Loga Bergmann.
Golfstöðin er á rás 27 á myndlyklunum hjá Vodafone, Símanum og Digital Ísland. Stöðin er í HD á rás 227 hjá Símanum og á rás 527 hjá Vodafone.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | 365.is

## BESTI BITINN



**„Hvort sem ég þarf að fagna hægu hruni feðraveldisins eða gráta uppgang íslensks fasisma þá eru Bæjarins bestu alltaf til staðar fyrir mig.“**

Bragi Páll Sigurðarson ljóðskáld.

# Líklegir lokatónleikar á Gamla Gauknum

Coral, Telepathetics og Morðingjarnir koma fram í rokkveislu. Meðlimir hljómsveitanna eru rokkþyrstir.

„Þetta gætu alveg verið lokatónleikarnir okkar,“ segir Gunnar Jónsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Coral. Sveitin kemur fram á tónleikum í kvöld ásamt Telepathetics og Morðingjunum en hvorki Coral né Telepathetics hefur komið fram í langan tíma.

„Gítarleikarar Coral og Telepathetics fóru báðir í hljóðverkfræðinám erlendis og fóru þær því báðar í pásu. Nú eru þeir hins vegar á landinu og erum við allir rokkþyrstir og hlökkum mikið til,“ útskýrir Gunnar.

Hljómsveitin Coral var stofnuð árið 2000 og hefur gefið út tvær plötur, seinni platan kom út árið 2011. „Við gátum spilað á útgáfutónleikum og einum tónleikum til viðbótar, en eftir þá rauk Steinar gítarleikari út í nám og við fórum í pásu.“

Gera má ráð fyrir góðri stemningu á þessum nostalgíutónleikum sem fram fara á Gamla Gauknum og hefjast klukkan 22.00. **- glp**



**ROKKVEISLA** Hljómsveitin Coral kemur fram ásamt Telepathetics og Morðingjunum á Gamla Gauknum í kvöld. MYND/DENNIS STEMPHER






**DREPUR Í** Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, hefur lagt rettuna á hilluna. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON



**STYÐUR VIN SINN** Pétur Georg Markan er stuðningsfulltrúi reykleysisverkefnisins.

# Mugison drepur í

Tónlistarmaðurinn Mugison ákvað að drepa í fyrir fullt og allt um áramótin. Pétur Georg Markan stendur þétt við bakið á vini sínum í þessu erfiða verkefni.

„Ég er reyklaus í dag og það gengur bara mjög vel, enda fáir dagar liðnir af árinu,“ segir tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison. Áramótaheit hans var að hætta að reykja og stendur hann enn við það. Hann nýtur þó dyggrar aðstoðar vinar síns og sveitunga, Péturs Georgs Markan.

„Við Öddi erum ágætis vinir og það er einnig eitt af mínum áramótaheitum að hjálpa honum að hætta að reykja. Ég stend þétt við bakið á honum og styð hann,“ segir Pétur Georg Markan, framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfirðinga og vinur Mugisons. Hann bætir við að sér þyki það stórmannlegt að strengja áramótaheit í því að hjálpa öðrum. „Það er samfélagsleg skylda mín að lengja í lífi helstu þjóðarhetju Íslendinga. Öddi er eins og handritin hans Árna, það verður einhver að taka það að sér að varðveita hann,“ bætir Pétur við léttur í lundu.



Mugison segist ekki nota nikótínplástra eða -tyggjó til aðstoðar. „Ég nota ekki neitt slíkt, ég hætti þessu bara náttúrulega,“ bætir Mugison við.

Hann segist fara í göngutúra reglulega, enda sé Pétur duglegur við að fara með hann út að ganga. „Pétur hefur einnig lánað mér hugleiðsludiskana sem Friðrik Karlsson hefur gefið út, ásamt því að benda mér á stórgóðu síðuna reyklaus.is,“ útskýrir Mugison og bætir við að sér þyki hugleiðslutónlistin heillandi.

Mugison og Pétur búa báðir í Súðavík en vonskuveður hefur raskað samgöngum og því hefur ekki verið hlaupið að því að næla sér í tóbak á þessum slóðum. „Súðavíkurhlíðin er lokuð þannig að það er ekkert grín að komast í tóbak ef þú býrð í Súðavík. Hlíðin var lokuð í fimm dag þarna fyrir jól en ég vissi að þetta gæti gerst þannig að ég keypti karton þá.“

> **Öddi er eins og handritin hans Árna, það verður einhver að taka það að sér að varðveita hann.**
>
> *Pétur Georg Markan*

Annars telur hann að reykingar séu deyjandi. „Ætli við í Dröngum höfum ekki verið eina hljómsveitin á Íslandi þar sem allir meðlimirnir reyktu, reykingamönnunum er alltaf að fækka.“

Þessa dagana er hann að vinna í tónlist fyrir leikritið Óskasteina eftir Ragnar Bragason sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu undir lok mánaðarins.

„Þetta er í annað sinn sem ég vinn með Ragnari, því ég sá einnig um tónlistina í leikritinu Gullregni, þetta er æðislega gaman.“ Þá er hann einnig byrjaður að vinna að nýrri plötu.

gunnarleo@frettabladid.is

# Óli Geir vísar sögusögnum á bug

Missti húsnæðið og býr nú í leiguíbúð eftir að tap varð á Keflavík Music Festival

„Þetta er ekki rétt,“ segir Ólafur Geir Jónsson, betur þekktur sem Óli Geir, aðspurður um háværar sögusagnir þess efnis að fullyrðingar í pistli sem hann birtir á Facebook fyrir stuttu varðandi tónlistarhátíðina Keflavík Music Festival séu rangar. Í pistlinum skrifar Óli Geir að hátíðin hafi komið út í þrjátíu milljóna mínus.

„Við töpuðum eignum okkar, bifreiðum okkar, við töpuðum öllu,“ skrifar Óli Geir jafnframt en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins missti hann ekki húsnæði sitt. Þessar sömu heimildir herma að Óli Geir hafi nýverið fjárfest í sjónvarpi fyrir milljón krónur.

„Ég missti húsnæðið og bý nú í leiguhúsnæði í Reykjanesbæ. Það er heldur ekki rétt að ég hafi keypt mér sjónvarp á milljón krónur,“ segir Óli Geir þungur á brún enda hefur mikið mætt á honum síðustu mánuði.

Keflavík Music Festival var haldin í júní og vakti mikla athygli en tónlistarmenn sem áttu að koma fram á hátíðinni gagnrýndu skipulag hennar. Í pistlinum sem Óli Geir skrifar á Facebook segist hann hafa gert upp vegna allra tónlistaratriðanna á hátíðinni nema átta. **- lkg / ue**



**ERFIÐIR TÍMAR** Óli Geir fórnaði öllu fyrir Keflavík Music Festival. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vorönn 2014

# Margvíslegar námsleiðir í fullorðinsfræðslu í boði hjá Mími-símenntun





### Fórstu ekki í framhaldsskóla?

- **Grunnmenntaskóli 42** – byrjar 13. janúar
- **Grunnmenntaskóli 41/með áherslu á íslensku sem annað mál** – byrjar 17. janúar
- **Almennar bóklegar greinar 13** – byrjar 3. febrúar



### Langar þig í háskóla en hefur ekki stúdentspróf?

- **Menntastoðir 19** – byrjar 13. janúar



### Er lesblinda í þinni fjölskyldu?

- **Aftur í nám 50/kvöldskóli** – byrjar 3. febrúar

## 14 tungumál hjá Mími-símenntun



**danska, enska, finnska, franska, ítalska, japanska, kínverska, norska, portúgalska, pólska, rússneska, spænska, sænska, þýska**

**Skráðu þig núna – www.mimir.is**

10 ára
MÍMIR
símenntun

**Mímir-símenntun • Ofanleiti 2 • Sími / Tel. 580 1800 • www.mimir.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stjörnum prýtt brúðkaup á nýársdag



Árni Filippus kvikmyndatökumaður og Helena Jónsdóttir giftu sig við hátíðlega athöfn í Fríkirkjunni á nýársdag. Síðan var boðið til veislu í Tjarnarbíói þar sem margt var um manninn, en meðal gesta voru ljósmyndararnir Saga Sig og Silja Magg, leikaraparið **Nína Dögg Filippusdóttir** og Gísli Örn Garðarsson, Rakel Garðarsdóttir, framkvæmdastýra Vesturports, og eiginmaður hennar, leikarinn Björn Hlynur Haraldsson. Ragnar Bragason leikstjóri var einnig meðal gesta ásamt eiginkonu sinni, Helgu Rós Hannam kvikmyndagerðarkonu. Þá tóku þau Sigríður Thorlacius, Högni Egilsson og Björn Hlynur lagið fyrir gesti í kirkjunni.

- ósk

### Gullfallegur Skírisskógur



Leikritið The Heart of Robin Hood fær frábæra dóma á síðunni On Boston Stages en **Gísli Örn Garðarsson** leikstýrir verkinu sem er sýnt í leikhúsinu American Repertory í Boston. Gísli fær toppeinkunn á síðunni en leikmyndahönnuðurinn Börkur Jónsson er ekki síður mærður. „Hrói er leikinn í gullfallegum Skírisskógi Barkar Jónssonar. Í honum er tjörn, há tré og grænir hólar sem gera leikurum kleift að renna sér niður til að taka þátt í hasarnum,“ segir á síðunni.

- lkg

### Mest lesið vísir

1 Var byrlað nauðgunarlyf umkringd fjölskyldunni
2 Furby getur valdið kvíða hjá börnum
3 Tottenham komið í þriggja stiga áskrift á Old Trafford
4 Bannað á Facebook
5 Flugmenn sofna í háloftunum
6 Bono mætti í áramótapartí Óla Stef




